

Guðrún Kristín Magnúsdóttir / Goðrún dimmblá goði,



Freyjukettir

Norræn menning

Valhallar Óðsmál in gullnu

handa hápróuðum mönnum,
 einherjum,
 verðandi einherjum,
 og þeim sem vilja skilja tilganginn með að fæðast og lifa.

Hvað þarf til að komast í Valhöll sprellumifandi?

ISBN 978-9935-409-41-6
 3.útg 2010

sjá einnig:

<http://www.mmedia.is/odsmal> vefsíðu Óðsmála

(uppseld bók; leitið til safna)

„Óðsmál” (1996) ISBN 9979 60 165 5

í einni bók á ensku og íslenzku;

216 bls ísl. (allar hægri síður opnu) og 216 bls ensku (allar vinstri) = 432 bls

myndbönd

„Óðsmál in fáðu” (2000) streymi á <http://www.mmedia.is/odsmal>
einnig VHS & DVD - 18 rabbkaflar / 18 chats (ensku; íslenzku)

vefútgáfu

„Óðsmál in fornu“ (2009) 40 Kálfholtalækjarskræður .pdf

vefútgáfa: 40 skræður samtals 1224 bls

(A4 12ptBookmanOld; hver og ein með sitt ISBN)

efnisyfirlit „Óðsmála inna fornu” finnst bæði á vefsíðu Óðsmála

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

og sem bók, Óðsmál in fornu, efnisyfirlit ISBN 978-9935-409-40-9

vísar í skræðurnar 40 á síðunni

„Valhallar Óðsmál in gullnu” (2010) ISBN 978-9935-409-41-6

handa hápróuðum og uppljómuðum, einherjum í Valhöllu, sprellumifandi

VALHALLAR ÓÐSMÁL IN GULLNU

ISBN 978-9935-409-41-6

handa þróuðum mönnum

Að knega að vakna til að geta borið nafnið „maður“.

Syn og **Óður** svara hér spurningum
hér er ýmislegt sem menn vita innst inni en hafa gleymt,

hagnýt vísindi, vitundarvísindi,
hvernig öðlast maður vit, galdra góða, ljóð er duga mega?
sjáið 6.skræðu Óðsmála fornu: um Synju

vísast hér opt í „Óðsmál in fornu“
fyrir þá sem enn eru í ósvinni, ekki sjáandi,
(--sem er þeirra óeðlilega ásigkomulag--),
en fýsir að verða tærari og skilningsríkari.
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Uppljómun er hið eina eðlilega, til þess að geta borið nafnið maður.
Þá, þegar við uppljómunst, sjáum við að allt er **ginnungagap**.
Aðeins þannig menn skilja Óðsmál in gullnu, **Vallhallar**-Óðsmál.

Draupnir sem vitundarþroskaferli

vísast hér í „Óðsmál in fornu“
33. skráðu, um vitundarstigin 7
og í **Skírnismál**

raashtríya kavach, konungleg brynja, ekki úr málm heldur þekking á
ginnungagapi og þekking á hvernig vinna má útfrá því.
Hugsanir koma úr vitund, tær maður vinnur útfrá vitund, tærri vitund.

Brynjur á bekki og spjót í þak - Valhöll

Því þekkingin mikla sigrar betur en vopn og verjur. Enginn óvinur fæðist. Hinn tæri maður vinnur útfrá **ginnungagapi**, sem hann er jú.

vísast hér í „Óðsmál in fornu“

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

38. skræðu: friður; stjórnarskrá alheims.

Kennarinn

maharishi mahesh yogi (titill, ekki nafn, „*mikli uppljómaði vitringur*“)

heimsins mesti eðlisfræðingur á sviði vitundarvísinda,

-- uppljómaður maður --

sem útskýrir vedavísindi og nútímavísindi útfrá samsviði allra náttúru-
lögmálanna.

Sjá t.d.: „Maharishis Absolute Defence Theroy“,
og svo eftir maharishi ótal fleira: bækur, myndbönd, greinar, viðtöl,
heimildarmynd.

vísast hér einnig í „Óðsmál in fornu“

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

38. skræðu, stjórnarskrá alheims

Kennarinn Vasishta

Þessi „Óðsmál in gullnu“ eru handa verðandi **einherjum**.

vísast hér í „Óðsmál in fornu“

15. skræðu

Eru einnig handa þeim sem nú þegar dvelja í höllu í þessu lífi,

þ.e. lífa hátt vitundarstig.

Eru uppljómaðir tærir menn.

vísast hér í „Óðsmál in fornu“

30. skræðu, um vitundarstigin sjö og **Valhöll**

Við erum **ginnungagap**.

fornu 26. og 27. skræður

Hugsanir eru sköpun.
 Án hugsunar er engin sköpun, ekkert skapað til.

Þetta er stutt - meira þarf ekki.
 Búið hér.
 Fræðslunni lokið.

Þakka ykkur fyrir samveruna.

Nema **Loddfáfnir** hafi spurningar?
 Endilega spyrjið.
 Það er aldrei hlegið að spurningum.

Loddfáfnir og Loki

Loddfáfnir er að byrja að hafa áhuga á öðru en þessu „hugsanlega“ (hugsaða, skapaða með hugsun) yfirborði tilverunnar og lærir orð og setningar sem hann langar til að skilja.

Hefur kannski áhuga á **að hnýsast niður** undir hugsaða- hugsanalega-hugarburðar-yfirborðið = skapaða veröld sem skilningarvitin nema;

höfuðskepnurnar 5 og samsvarandi skilningarvit, „Fornu“ 26.skræða
hnýsast niður: vísast hér í „Óðsmál in fornu“ 27. skræðu
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

honum munu góð ráðin ef hann skilur annað og dýpra en lærðar helgar athafnir framdar á yfirborðinu (með hugsunum og tilfinningum) og utanaðbókarlærðar setningar.

Siður er ekki kraftmikill í sjálfu sér meðan menn skilja hann ekki, virða hann ekki, nota ekki þá þekkingu sem hann er. Heiðnir menn eru ekki miklir menn meðan þeir skilja ekki **Hávamál** og nýta sér ekki þá þekkingu sem þar er kennd í vísu 138 og þeim sem á eftir koma.

En nú er maharishi búinn að stofna Heimsríkið (Global Country) og kennir öllum mönnum heims æðstu þekkingu.

Kennir öllum mönnum tæknina auðveldu til að hnýsast niður.

Engin trúarbrögð eru neins virði í sjálfu sér, meðan kjarni þeirra er ekki iðkaður.

Meðan menn hefur rekið úti buskann, firrst.
Hanga í hugsunum einum saman

Kjarninn er ekki á sviði huga né hugsana né tilfinninga né kenni-
setninga.

Ef kjarninn skilst ekki eru menn veikir,linir, litlir.

Þjáningin er ekkert annað en streitan í þjóðunum.
Hún á engan rétt á sér.

Við höfum ekki staðið okkur í stykkinu,
höfum gleymt að færa börnunum þekkinguna.

Hverjir eru þeir menn sem hefðu átt að standa sig í stykkinu og hækka
þjóðanna vitund?

Lentu þeir í peningahugsunum, og yfirsást þeim hrapalega með því að
skilja ekki hlutverk sitt sem andlegir leiðtogar? Allt misnotað í gróða?
Eitthvað gleymdist, aðalatriðið varð landvinningabrólt og sálnaveiðar.

Þegar **Rán** (reglan) sem er í **Ægi** (vitund) er fullkomin í þjóðunum,
 2. skræða í fornu
 verða stjórn málin auðveld og friður innan þjóðanna.

visast hér í „Óðsmál in fornu“
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm> 27. skræðu
Ginnungagap, nýsta ek niður

Þegar aðeins eru aldir upp peningaprælar,
 eru börnin ekki hamingjusöm.

Gjafir frá náttúrunni koma úr kyrrðinni miklu.
 Að vinna fyrir kaupum er ekki endilega velmegun
 þaðan af síður hamingja,
 og má ekki vera markmið menntunar.

Betra er að gera kyrrð og reglu í heimsvitundinni,

og kenna börnunum að þróa fullkomna reglu í eigin huga
 og þar með líkama. (Vitundarþroskamenntun,

Consciousness-Based Education, CBE)

Tær líkami er sama og uppljómun.

Kyrrð innan einstaklinga, kyrrð í þjóðarvitund, kyrrð í heimsvitund,
 og þar af leiðandi: stjórn málin auðveld.

Byrjum á að kenna börnunum að finna kyrrðina miklu á skemmtilegan
 hátt. **Nýsast niður** iðla.

Menntunin hefur brugðizt,
 trúarbrögðin hafa brugðizt.

Við höfum brugðizt börnunum og gefum þeim aðeins ósvinnu,
 kennum þeim að þróa upp valda- og peningastigann.

Allir menn hafa guðlegan kraft, kyrrðina miklu, eru hún í raun.
 Kyrrð, sem er ekki sama og athafnir og brölt og hugsanir.

Kyrrðin og aflið guðlega er alls staðar til staðar.
Til er einföld og yndisleg tækni til að ná því kyrrðarsviði.

TM, transcendental meditation
vísindalega sönnuð, auðveld auðlærð tækni

Loki spyr líka stundum,
því þegar hann er búinn að klúðra, fer hann að reyna að redda.

Loki mannkyn

Við þurfum aðeins að skilja vitundarstig og skilning þess sem spyr.

Börnum svörum við á þeirra þroskastigi (/sem það leyfir) -- ekki satt,
og útskýrum þannig að þau skilji betur.

En nú eru að fæðast börn í þennan heim, sem skilja betur en foreldrar
og kennarar. Þau hafa háþróað taugakerfi.

Sleipnir vísast hér í „Óðsmál in fornu“
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>
15. skræðu

Fornu efnisyfirlit ISBN 978-9935-409-40-9

-Hvað gerum við þá?

-Höfum þekkinguna tæra handa þeim. Þau munu skilja betur en við.

Allir eru að bíða með tilhlökkunarblandinni eftirvæntingu eftir árinu
2012 til að láta rafsegulsviðið breyta okkur og jörðinni, en þetta gerist á
26.000 ára fresti, sólkerfið okkar í sambandi við miðju Vetrar
brautarinnar.

Spyrjum stjarnæðlisfræðingana.

Einhver stór ferli geta liðið undir lok, eða riðlast.

Við fáum dágóðan ofurskammt hátíðnirafseglulorku (meiri en jarðar okkar). Ferðin gegnum sviðið hefur áhrif á jörðina og okkur sem á henni búum og á okkar sólkerfi allt.

Við getum búizt við æðri þróun.

Hún verður mjög til góðs, en bezt er að allir læri að **sóast**.

Bezt til að þróast.

Við gætum vaknað upp af svefni!

Þetta er nefnilega bylting á vitundarsviði okkar.

Við munum læra að þekkja okkur sjálf.

Öðlumst ný hærri vitundarstig sem opna nýja möguleika.

Finum að breyting verður innan okkar sjálfra,

og skiljum að við getum breytt og haft áhrif á miklu miklu fleira en við höldum nú.

Við skiljum að við erum ekki ein í alheimi, því það eru Pallar þarna úti, og þeir verða kátir þegar við komumst á æðra vitundarstig -- vöknum!

Okkur fer að skiljast að við erum eindin mikla -- einsog allt er.

Gæði hugsana fara eftir tærleika þess sem hugsar.

Við lærum að við getum breytt tilfinningum okkar til hins betra,

og þær hafa áhrif á gæði hugsana

en hugsanir skapa.

Við erum að fara að þroskast og þróast í kærleika.

Þú og ég og allir geta „skapað“ glæsta fagra framtíð.

Þekkingin er fyrir hendi, hefur verið í að minnsta kosti 20.000 ár, forn mjög

en siung og sígild.

EKKI HANDA ÖLLUM

(„Valhallar Óðsmál in gullnu“ eru aðeins skiljanleg háþróuðum)

-Hverjir geta sparað sér að lesa þessi „Óðsmál in gullnu“?

-Menn sem eru ekkert að hugsa um eilífðarmálin og tilgang lífsins, telja kyrrðina tímasóun.

Segja: -nær að halda áfram að vinna, nota tímann vel -- og njóta frítímans í skemmtanir,

þeir ótæru og lítt meðvitandi um tilganginn með að fæðast nenna ekki að spyrja um eigin tilurð og tilgang.

Nenna heldur ekki að spyrja sig eða skilja hvers vegna börnin þeirra völdu sér að fæðast hjá þeim.

Þeim myndi hundleiðast að hlusta á þetta, kalla þetta endemis þvælu um ekki neitt neitt,

meðan sá sem vill skilja drekkur í sig hvert orð.

Hér -- í Óðsmálum inum gullnu -- er ekki rétti staðurinn til að byrja sjálfsfræðsluna.

Greind og menntun eru hér ekki málið, heldur vitundarþroski.

Rígur, 11.skræða „inna fornu“

Svo bara: sálaður á síðu lá sauður feitur garði hjá fyrrum frá á velli, sem hefur eflaust ekki mikið þælt í hvar hann fæðist næst, hvort hann fæðist á ný.

Þjóðvitnir vísast hér í „Óðsmál in fornu“ 4. skräðu
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/04THjodvitnirUllurHeimdallur.pdf>

Hinsvegar:

Þeir náttúrudýrkendur sem eru byrjaðir að spyrja:

„hvaðan kemur þessi síbreytilega náttúra öll?“,

ættu að spyrja.

vísast hér í „Óðsmál in fornu“ 36. skræðu: náttúran
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

FORNT og OKKAR MENNINGARARFUR

Bók: „The Deciphered Indus Script

(undirtitill:) Methodology, Readings, Interpretations“

eftir: N.Jna og N.S.Rajaram

útgefandi: Aditya Prakasha, Delhi, 2000

Natvar Jha og fundir hans,

virðing hans fyrir okkar menningu, Gundestrup skálin,

„hornin“ frægu (**Ymir**)

sem alls ekki eru horn heldur hið helgasta hljóð sem táknar

ginnungagap. -- rétt einsog nöfn **Óðins; Ómi**

og höfuðskepnurnar:

Höfuðkepnurnar okkar 5 - og skilningarviti 5 (samsvarandi)

sem mata hugann á nammi.

vísast hér í „Óðsmál in fornu“
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

4. skræðu og 26. skræðu

Að teymast sem dýr

-- **fé** /pashú, tjóðruð dýr, húsdýr, tamin dýr, hlýðin dýr,

pashúpati er fjárherra --

sum okkar ættu að geta kallast menn, en við látum teymast

-- einsog húsdýr, tamin dýr, sem hlýða húsbónda.

Ekki fyrr en við hættum að láta teymast af glingri skilningarvitanna,
 -- hættum að vera dýr --
 getum við borið nafnið maður.

En það virkar ekki að banna skilningarvita-nammi (áreitin)
 og banna heilanum að hugsa;

og hvað gerum við þá?

Er hugurinn eigandi okkar (/og harðstjóri)?

Allt þetta sem við sköpum með hugsunum,
 sköpum við -- okkur sjálf sem annað -- í alheims mynd.

Rétt einsog **Rán** er í **Ægi**, er hugsun okkar vitsmunir og regla
 úr óendanlegum möguleikum ginnungagaps. (**Tívatún**)

visast hér í 2. skræðu í „Óðsmálum inum fornu“
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Þekkingin er í **ginnungagapi**.
 Engin er önnur þekking en sú.

Sú regla sem finnst í alheimi er til staðar í **ginnungagapi**.
 Ekkert er sem ekki er það. Allt er **ginnungagap**. Ekkert annað er.

N.Jna and N.S.Rajaram bera virðingu fyrir fornu menningunni okkar.
 Hún er úr hinn æðstu vizku komin.

Gætum okkur á sumum skriffinum sem tala illa um Evrópu.
 Þeir dýrðka réttilega Indland og upprunann þar, mörkbúsund ára gamla,
 en skilja ekki ævafora evrópska siði sem þaðan komu.

Kannski í reiði vegna kúgunar Englendinga,

kannski vegna þess að þeir þekkja aðeins yfirborðslhugsanir nútíma-Evrópu
sjá aðeins grunnhyggni Guð-veldanna hér.
Vita ekki af ævaforðri menningararfleifð okkar hér.
Hafa heyrt innprentaða lygi um forna menningu Evrópubúa, og trúu henni.

Til eru jafnvel Evrópumenn sem tala illa um sín eigin fornu **guð**
svo sem franskur nemandi shrí Aurobindo, niðrandi um **Tevtónaguðin**.
Sumum var aðeins kennt að sjá yfirburði Indlands menningar fornarr.

Ef maður bendir þessum Evrópumanni á
að **Tevtónaguðin** séu Evrópuþjóða eigin fornu **guð**,
og að Evrópumaður ætti sízt allra að ófrægja þau
og segja um þau upplognar níðsögur
sem búnar voru til í Róm fyrir þar-hundruðum ára,
til þess eins að níða **guð** heiðinna þjóða,
er manni bent á að maðurinn sé svo uppljómaður
að svona eitthvert-fólk-úti-í-bæ geti ekki vaðið á hann og leiðrétt hann.

Forðumst svona, sem fer úr einni níðslu í aðra
í hefndarskyni og af vanþekkingu,
blindu vegna innprentunar.
Þeir eru ekkert betri en Fredrich Max Müller (/Breta-lygin),
sem verið er að leiðrétta!

Rómarveldið bjó til stjórnþæki til landvinninga, öldum eftir árið núll,
og innprentunin var sterkt vopn.

Níð og innprentun er hið sama hernaðartæki og Bretar útbjuggu á Indlandi:
samblandið: kúgun og gróði, landvinningar og lygar.

Við skulum aðeins skilja,
ekki karpa, heldur benda mönnum á, að
grunnurinn undir Guðveldunum er kominn úr hinni miklu þekkingu
ævaforðri -- aðeins misnotarðu og rangtúlkaður.
Kjarni þekkingarinnar finnst þar undir niðri
þegar hernaðarbröltinu (/misnotkuninni) er svipt af.

Guðveldin eru --núna á sat-yúgu-- að verða sauðir í úlfsgæru.
Sviptum úlfsskinninu af -- og eftir stendur lambið.

-Hví eru trúarbrögð misnotuð í framapot og heimsveldisáform?

-Vitundarstig sumra ekki skárri en svo að þeir nota hið helgasta sem tæki til að stjórna. Mönnum er hótað, og sagt að einhver ráði útyfir líf og dauða,

svo eins gott sé að hlýða þeim mönnum sem allt vita um þessi mál
(handhöfum æðsta valds á himni og jörðu).
Það sé dauðasynd að trúá þeim ekki. A.m.k. dauðadæming.

Grunnurinn er einn og hinn sami.
en það hefur gleymzt að kenna okkur að skilja tilveruna
og fá næringu úr **ginnungagapi**.

Þar brugumst við börnunum okkar.
Þekkingin og það **að hnýsast niður**, hefur glatast í aldanna rás.

Ríki koma og ríki fara,
myrkar aldir koma og fara,
hugmyndafræði verður að þvælu.
Svo hristir hún af sér dúllurnar -- og byrjar á ný frá grunni.

Svona er öll tízkusagan -- í listum sem öðru,
þegar dúllurnar og skrautið verður meira atriði en postulínsskálín sjálf,
byrja menn aftur að gera hellisbúalegar leirskálar, frumstæðar og kraftmiklar.

Heimspekin er orðin að yfirborðsefasendum og þynnukulegum flækju-
rökræðum.

Platon skilst ekki, Sokrates skilst ekki.

Trúarbrögð eru notuð til að kúga lýðinn til hlýðni.

Jesú skilst ekki.

Gabriel sagði að Allah væri innan mannanna: Sjá menn hann ekki?

Einnig mikið talað og lítið skilið nema yfirborðið, orðin um þetta eitthvað,

rökhugsun eða trú,

enda margir sem eru á kaupi við þetta,

og hugsa mest um að missa ekki vinnuna.

Athugið að trú og rökhugsun eru alveraldleg fyrirbæri,
fjandi umsvifamikil í kollinum á sumum,
þannig að menn gleyma hverjir þeir eru í raun: **ginnungagap** .

Þeir, sem gleyma kjarna málsins og tækninni til að **sóast**,
visna í hugsunum.

Dýrðka hugsanir og trú, sem eru hverful en yfriþyrmandi fyrirbæri.

vísast hér í „Óðsmál in fornu“
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>
skræður 13 og 25

Fáið ykkur „Óðsmál in fornu efnisyfirlit“ sem bók ISBN 978-9935-409-40-9

Kjarni málsins finnst, ef vel er að gáð, og það skulum við gera.

Hernaðarbrellur Rómverja: .
Ekki var sannfærandi að nota hugtakið „tómið“
til að búa til hótandi heimsveldi með persónugert ofurvald
-- harðstjóra útyfir líf og dauða --
svo Rómverjar notfærðu sér að við þekktum orðið **guð**,
-- og hægt var að breyta um inntak í því.

Þeir notuðu hugtakið **guð**, og bönnuðu öll önnur, í guðveldistilgangi, og heilapvoðu okkur óbærilega vel. Guðin (hgk flt) varð Guð (kk et).

„Tómið“ (void) er hins vegar gamalt nafn yfir **ginnungagap**, brahman.

Sem betur fer (af fyrrgreindri ástæðu („tómið“ ósannfærandi sem harðstjóri)) var því ekki blandað í hernaðinn og landvinningana,

svo það, tómið (**ginnungagap**), er tært og óflekkað hugtak

-- meðan hugtakið **guð** hefur ótal og mismunandi merkingar, og þar með erfitt í notkun til útskýringa.

Thomas Aquina vildi að menn létu skilninginn víkja fyrir kennisetningum. Það að skilja (reyna að skilja) væri til að eyðileggja blinda trú manna og það mætti alls ekki koma fyrir.

Allt of margir „vita“ pottþétt hvað Guð er, og því verður seint breytt. Hér er því sleppt að reyna að breyta fólki, en vel má finna sannleikann falinn í þeirra rökhugsun og hugtökum, og benda pent á hann. Hann gæti leitt þá til skilnings, amk til umhugsunar í stað blindrar trúar.

HUGUR

Í lokakafla þessara „Óðsmála inna gullnu“ er búið að spyrja um hvað hugurinn geri, og fá svarið: hann skapar.

Þá kemur upp spurning: -hvað er hann þessi hugur?

Er hann sjálfsprottið sprell,
sjálfsprottin forvitni,
er forvitini einn af óendanlegum möguleikum **ginnungagaps**?

Leyfir **ginnungap** þennan klofning, eða tvískinnung
(1) að vera án þátttöku
og (2) að forvitni **Óðins** valdi leitar **Vila** og fundinum **Véa**?

Og, spurning sem ekki er enn svarað, en John Hagelin rannsakar nú,
hvernig hugurinn getur náð vitsmunum og reglu og sköpunarkrafti,
þegar **ginnungagap**, svið allra möguleika, er algjörlega aðskilið frá
sköpunarverkinu og hugarbröltinu okkar?

Ginnungagap tekur ekki þátt í sköpun.
Hugur skapar.
Hvernig getur hann það??

Ginnungagap skiptist ekki í áttfalda náttúru sína sem finnst í
náttúrunni.

Gapið aðeins er, og hér er öll þekking og allir möguleikar,

og hvað er náttúran þá? Með áttfalda eiginleika skapaða og óskapaða?
Hvernig fer hún að því að hafa eiginleika
þegar **ginnungagap** er eiginleikalaust, aðeins möguleikar alls sem er?
Ginnungagap er möguleikar alls.

Já: -Hvað þá?

Dr. John Hagelin, raadja N-Ameríku, skammtaeðlisfræðingur,
skrifar um vedavísindi og nútímavísindi,

og í „Bleep Herald“ um „the hidden sector“:

Hvað er milli gaps og hugar,
hvernig verður hann til þessi hugar?

Hvað er **Gungnir** (bylgjur, titringur) og hvernig verður hann að efni,
sem m.a. finnst í kjarnsýrunni okkar? Hvernir skapast **Gungnir**?

Hvernig geta vitsmunir fundizt í mannsheila sem er jú úr veraldlegu
efni?

Hvers vegna finnst þessi regla (**Rán**) úr **ginnungagapi** (**Ægi**) í öllu?

HVAÐ GERUM VIÐ NÚ :

Mannkynið er ekki staðnað í þróun við hinn vitiborna mann
-- enda er hann ekki á háu vitundarstigi svona sem heild og tegund --
heldur heldur þróunin áfram. -- Við erum á þróunarbrautu.

Nú (á þessum tímum) fæðast inní sat-yúgu háþróuð börn.

Við gætum þess að hafa vitundarþroskamenntun (CBE) tiltæka handa
þeim öllum,
og þau munu skilja.
(CBE, Consciousness-based Education á vegum Global Country.)

„Óðsmál in fornu“
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>
37. skráðu

Við fjölgun manna á háum vitundarstigum,
-- fjölgun **einherja** gangandi á okkar góðu jörðu --
gengur þróun mannkyns æ betur, æ hraðar.

Þeir tímar eru að hefjast núna.
Þessa vegna eru „Óðsmál in gullnu“ nauðsynleg núna.

Strax á fyrsta degi iðkunar tækinnar til að **hnýsast niður**,
(TM, transcendental meditation) um leið og maður lærir tæknina,
þroskast maður, byrjar að vígja sig tæran, þróast.

Það eru lög, lag eftir lag, þekkingar, sem hver og einn maðurinn nær
um leið og hann byrjar -- byrjar að iðka,
og um leið:
byrjar að þroska sig hratt til æðri vitundarstiga.

vitundarstigin 7, í 30.skræðu Fornu
Huginn yogin, **Muninn** múnih

Áreynzlulaust, því þetta er hið eina sem talizt getur eðlilegt hverjum
manni.

Alveg frá byrjun skólagöngu þarf barn, hvert einasta barn, að hafa
aðgang að þessari fullkomnu þekkingu.
Svo er hægt að hafa allar greinarnar einsog vera ber, en stofninn verður
að nærast, annars bera greinarnar ekki ávöxtinn sinn.

Hugurinn fær reynzlu af æ fingerðari sviðum meðvitundar.

Góðar síður: <http://www.globalcountry.org>
<http://www.tm.org>
<http://www.tprogram.com.au>
<http://www.invincibleaustralia.org>

Valhallar Óðsmál in gullnu
eru um **ginnungagap**

Valhallar Óðsmál in gullnu eru
 handa háþróuðum byrjendum í vitundarvísindum,
 handa upprennandi **einherjum**,
 indigo-börnum
 og þeim sem eru að byrja að spyrja: *-Hver er þessi „ég“?*

Uppljómaðir hafa og gaman af að hlusta.
 Uppljómuð börn þurfa að skilja hvað er að gerast þegar þau hugsa
 öðruvísi,
 sjá allt öðruvísi, en þetta fullorðna fólk sem er alltaf að síða mann.

Ferð um **gullaufgaðan Glasi** handa þeim altæru sem **Syn** hefur hleypt
 inn. Leiðsögn innifalin.

(**Syn** er sía, synþa- og grugg-sía!!)

Sóazt iðla í **Glaðheima** -- vísa **Hávamála** 138 og áfram.--.

Hávamál og „Óðsmál in fornu“

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm> 37. skræða

Transcendental meditation (TM) er sannanlega bezta leiðin til að
 þróast, tækni til að hnýsa niður,
 til að öðlast tærleika og skilja tilgang og markmið lífsins.

Í **Glaðheimum** er engin hugsun,
 menn **sóa** huganum og koma þá í **Glaðheima** áreynzlulaust.

Gægjast inní **Valhöll**.

Þar þarf enga leiðsögn því þar eiga allir heima.
 Loksins komnir heim.
 Loksins orðnir hið eina rétta.
 Orðnir **einherjar**, sem sjá að allt er **ginnungagap**. Ekkert annað er.
 Tilgangur lífsins fundinn. **Mímir** fundinn.

Þessi „Óðsmál in gullnu“ eru ekki handa öllum.

Ekki handa mönnum sem eru svo „uppteknir við að lifa lífinu“ að þeir hafa „engan tíma fyrir eilífðarmálapælingar og svoleiðis rugl“.

Þeir menn lifa og hrærast í Gunnadansinum.

5. skræða inna fornu

Tri-gúna, þrír Gunnar, eru eiginleikar náttúrunnar. **Pursamegir III.**

Gunnarnir trufla **tíva** sem **tefla teitir í túni.**

Auðvelt er að **hnýsast niður** og losna við Gunnana þrjá sem stjórna heiminum.

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Óðsmál in fornu 27. skræða

Heimspekin hefur brugðizt okkur nútímamönnum, verið er að telja hárin í skeggi keisara og tala um það fram og til baka, fara í hugtakabrelluleiki,

„er efinn til?“,

hringsóla í mótsögnum og annarri hugsanaþvælu,

allt í veraldarskilningi einum saman,

og gleymist að spyrja:

-Hver er þessi „ég“?

Hugsa ég vegna þess að ég er eða er ég vegna þess að ég hugsa?

Hvernig er veröldin ef enginn hugsar?

Er hún alls ekki til ef enginn hugsar?

Þessu verður svarað hér á eftir. Verið róleg.
Skilninginn öðlitz þið óðar en varir.

Platon talaði um tæknina til að **hnýsast niður**, **sóa** allri hugsun, flæða inní tæra vitund.

Svo hafa menn ekki skilið nú um nokkurt skeið.

Ekki frekar en Hávamála 138. vísa og framhaldið hefur ekki verið skilið þrátt fyrir allar tilraunir til að „útskýra“ kvæðin.

Það vantar að útskýra útfrá þeirri dýpt sem þar er.

Alltaf vantar botninn í tunnuna þegar menn eru fastir í veraldlegum /umhugsunar-guðsskilningi. An-dacht, um-hugsun. Andakt er ekkert annað en hugsun og einbeiting.

Femínistar eru að þvæla um að Plató hafi verið karlrembusvín, en skilja ekki að tilgangur heimspeki er ekki svona kerlingarembupíp, heldur að skilja uppruna sinn.

Karlgerðir kraftar og kvengerðir finnast í heiminum, en ekki í **ginnungagapi**.

Vitum við vel að kvenfyrirlitning kom frá Róm og eyðilagði frelsi norrænna kvenna, sem og annarra, hverra þjóðir urðu Rómarveldinu að bráð á hinum myrku öldum, þar sem þjáningu var troðið uppá lýðinn í eiginlegum og hugmyndafræðilegum skilningi.

Menn læra þetta, kvenfyrirlitningu, í Háskóla Íslands segja kven-guðfræðingar. Læra mannfyrirlitningu(!) ættaða frá Rómarveldinu.

Jesú þjáðist aldrei og boðaði fegurð lífsins,

en í hernaðarlegum tilgangi var þjáningin notuð á hina trúgjörnu --þeir sem ekki var hægt að kúga með kerfinu og hótunum voru bara drepnir--;

þjáningar- og kvalalosti Rómarveldisins í landvinningatilgangi þess var hluti hinna myrku alda, sem nú eru að hverfa í aldanna skaut.

Var ekki einhvers staðar að Jesú (í fiskamerki = **Pór í Þrúðheimum**) bað menn að elta vatnsberann inn í hans hús (sem er **Njörður í Nóatúnum**).

Trúarbrögðin hafa brugðizt.

Kjarni allra siða og trúarbragða hefur týnzt í orðaflaumi, sem etv er upphaflega ætlaður til að útskýra kjarna málsins, en er orðinn að stjálfstæðum bálki, jafnvel sjálfstæðu kerfi (apparati) sem gengur fyrir peningum, notuð til landvinninga á heimsmælikvarða og annarra sálnaverða í eiginhagsmunatilgangi, sem þjónar ekki þróun manna heldur tjóðrar þá á hugmyndafræðabás og jafnvel í ofstæki kreddu- og bókstafstrú.

Sumir eru á kaupum við að tala,
sumir eru ekki á kaupum við að tala.

Sumir hringsóla í hringiðu hugsana,
Sumir reyna að útskýra með orðum það sem ekki er hægt að útskýra með orðum, nota hugtök sem fólk þekkir, og um leið er tilraunin til að útskýra hið óútskýranlega dæmd til að kippa mönnum út í hugsanaheiminn.

Hann er hið eina sem menn þekkja
meðan þeir ekki eru orðnir uppljómaðir einherjar.

Mikið skrifað, mikið talað, mikið af bókum og bla bla.
Eflaust sannleikurinn í kornum þarna innanum.

Í gegnum aldirnar og árþúsundin hafa menn reynt að útskýra kjarna málsins á sem einfaldastan og skiljanlegastan hátt fyrir meðal-Jónunum.

En auðvelt er að gera hið einfalda flókið, allt of flókið,
og auðvelt að rugla menn í ríminu og hengja þá á snaga,

raunar oft verr farið en heima setið, menn skilja minna eftir en fyrir.
Orðnir ofstæki og kerfum að bráð. Og vita ekki af því.

Í leit að sannleikanum og sjálfum sér
gjugg í borg, fundinn! - eða hvað?

Ekkert er nema **ginnungagap**.
Við erum **ginnungagap**.

-Hvernig stendur þá á því að ég er ég og þú ert þú og allt þetta er allt þetta?

Þetta er raunar aðalspurningin sem **Óður** og **Syn** svara hér.
Endilega spyrjið, því það að spyrja er byrjunin góða.

*-Hvernig eigum við að vita:
Það er ekkert annað en **ginnungagap***

einkum þegar við sjáum hitt og þetta með augunum okkar?

Aðalspurningin aftur.
Tilgangurinn með þessum gullnu Óðsmálum er einmitt að útskýra þetta.

*-Hvernig þá er **Syn** syndasía?
Hvar er syndin? Er hún í okkur? Hvernig þvæst hún brott?
Hvernig vígjumst við til tærleika?*

*Og hverjir eru þessir **einherja**-„leikir“ sem við höfum heyrt um?*

*-Sprelllifandi menn fara í gegnum **Synjar**-síuna*

inn í hinn gulllaufgaða **Glasi**.

vísast hér í Óðsmál in fornu 6. skræðu
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Synþa-sía **Synjar** hleypir engum gruggi í gegn.
 Gruggurinn er í líkamanum,

-- og kroppurinn okkar er einmitt tækið til að losna við alla synþ!!

Þetta þarf að útskýra nánar

og verður gert hér.

Einkum þar sem ekkert nýtilegt kemur fram um þetta í fræðsluefni
 sem börnin okkar hafa haft aðgang að að undanfögnu,

og pabbi og mamma og afi og amma og kennararnir hafa ekki græna
 glóru um hvað er!
 Ekki heldur sprenglærðir syndasérfræðingar með háskólagráður.

Hvernig er til dæmis hægt að ætlast til að við skiljum:

Hugmyndir okkar, væntingar, hugsanir,
 það sem við höfum ákveðið að sé,
 er okkur fjötur um fót á leiðinni í **Valhöll!**

Þetta útskýrist betur í samtölum við **Synju** og **Óð** hér á eftir.
 Hafið ekki áhyggjur þótt þið skiljið þetta ekki núna.

Þar eð siður hvernar þjóðar hefur þróast á þjóðarinnar eigin stað,
 -- samkvæmt lögmálum náttúrunnar á þeim stað --
 í þjóðarinnar eigin heimalandi,
 verða notuð íslenzk forn heiti í þessum **Valhallarfræðum**.

Íslenzk heiti og orð er: sanskrít, norræna, gaelik, germanska,

en sniðgengnar gríska, latína, hebreska, sem hér teljast til málmengunar,
 svo sem hljóðlíkingarþýðingar svuntuþeysir (hljóðgervill)
 biskup (eftirlitsmaður) vitþjófur (myndband)
 prestur (fjarsýnn af elli) kyrkja (herravaldshús)

Auðvitað lendi ég í vandræðum með mengunina og nota latinuletrið!!
 Þínlegt og gott á mig!!! he he hí hí ho ho ha ha!!

En hvað annað get ég gert til að koma þessu til skila rituðu?

Semsagt: orðin íslenzk einsog þau voru fyrir málmengunina miklu (kristni).
 Nema hvað undantekning er orðið **Jesú**, því hann var uppljómaður maður.

Þessi Óðsmál in gullnu fjalla einmitt um uppljómun.
 Jesú er víst hebreskt orð, var haft með grískri beygingu þegar ég var krakki.

Enginn maður hét þessu nafni fyrir 2000 árum,
 þótt nú sé það algengt skirnarnafn, t.d. á Spáni.

Jesú þjáðist aldrei og boðaði aldrei þjáningu.
 Hvað gerðist? Hver sneri útúr? Og í hvaða tilgangi?

Einnig er **transcendental meditation, TM**, notað hér
 því það er aðalumræðuefnið, tæknin nauðsynlega,
 samsviðstæknin, til þess að **nýsa niður, sóast**,
 svo þau orð „á hinum málinu“ sleppa í gegn.

Gaelik er hluti af málinu okkar, og það er fallett.
 (Þorleifur Friðriksson, sjá rannsóknir hans á örnefnum og öðrum orðum.)

En hryllingur barst til Írlands með Patreki:

Hann fór suðrí lönd að læra Rómar nýjustu fræði.
 Hann lærði að plata gamla góða vini sína þegar hann kom til baka til Írlands.
 Sárt var fyrir vinina að lygar Patreks gerðu það að verkum
 að þeir eignuðust enga afkomendur:

Synir þeirra fóru krossför í til að fremja glæpi fyrir páfagarð.
 Komu ekki aftur heim.
 Lærðu, að ekki væri Guði þóknanlegt að spara púðrið á heiðingjana.
 („Libro Nero, i Crimi del Cristianismo“; viðbjóðsleg bók.)
 Patrekur bauð vinum sínum að mennta dætur þeirra í nýjustu fræðum frá
 Róm.
 Læsti þær inni í klaustum.
 Þær komust aldrei aftur heim.

Og á Írlandi bjó Ussher biskup til heimssköpunarártalið 23.okt.4004 fyrir
 núllið,
 (sem einnig var tilbúið)
 klukkan 09:00 (líklega GMT), svo sumir telja að ekkert hafi gerzt fyrir þá
 mínútu.

Við getum styrkt tengslin við náttúrulögmál okkar eigin lands með því
 að **sóast** iðla.

Til þessa er samsviðstæknin (TM®).

<http://www.globalcountry.org>
<http://www.tm.org>
<http://www.tmprogram.com.au>
<http://www.invincibleaustralia.org>

Hægt er að fá heilalínurit (EEG) af eigin heilastarfsemi við iðkun TM-
 tækninnar

að **hnýsast niður** og **nema upp fimbulrúnir**.

Hávamálavísa 138 (og áfram), rúnatal og **ljóðin**.

Þessi Óðsmál in gullnu fjalla um þennan hluta **Hávamála**.

Málið okkar upprunalega, móðurmálið okkar ómengað,
 með norrænum orðum og gaeliskum í bland,
 og fæðan, tær og syndlaus, ræktuð á landi okkar,
 og forn menning kynslóðana, forfeðranna,
 „býr til“ heimkynni okkar og **sið** okkar,

sem þróaðist samkvæmt náttúrulögmálunum „hér“, á „okkar stað“.
 Aðflutt er annarra manna siður og hentar ekki hér.
 Náttúrulögmálin hér búa til okkar sið.
 Aðflutt truflar. Því sem troðið er uppá okkur á ekki heima hér.

Náttúrulögmálin stjórna og þróun heilans í sambandi við það að læra.

Allir þurfa að geta farið í skóla sem bjóða uppá vitundarþroska-
 menntun handa nemendunum.

(á hinu málinu: CBE, Consciousness-based Education);

Það er yndislegt að gefa öðrum þekkingu, leyfa öðrum að njóta hins
 besta sem til er.

Rétt einsog allt grær og þroskast, af sinni eigin náttúru
 -- sem er gróska.

Gróa

Þannig er
 að eðli allra góðra manna er að veita börnunum þekkingu.

Gróska er eðli lífsins,
 og börnin skilja svo betur til hvers þau eru að lifa. Það vita nú fáir!!

Hugurinn leitar kyrrðarinnar sjálfur, af náttúru sinni,
 og í **Ægi** er þekkingin.

vísast hér í Óðsmál in fornu, 2. skræðu

*-Þurfa kennarar að vera uppljómaðir,
 þeir sem kenna tæknina,
 og svo kennarar sem kenna börnunum fögin sín?*

-Nei nei, alls ekki.

Þ

Kennararnir þurfa aðeins halda þekkingunni tærri, einsog þeir læra samvirkkusamlega og framkvæma samvirkkusamlega.

Allir sem geta hugsað geta **sóað** hugsun í vitund.
Yog þýðir sameining, sameining einstaklingsvitundar og alheims-
vitundar, sem er eitt, ekki tvennt.

Tæknin þarf aðeins að lærast rétt,
og kennararnir læra að koma henni fullkomlega réttri til skila.

-Er semsagt ekki nóg að setjast niður, róa sig, loka augunum, og bíða?

-Nei nei nei,
auðvitað gott að róast,
en það dugar ekki til að **sóast**.
Þegar maður eingöngu sezt niður verður hugurinn sljór.
Góð leið til að sofna.

Vaka, draumsvefn, djúpsvefn eru þrjú vitundarstig,
að **sóast** er hið fjórða, svo koma ærði stig með tímanum.
vísast hér í 33. skræðu Óðsmála inna fornu
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Nemendurnir sem nú eru að fæðast inni þennan heim,
munu skilja betur en kennararnir

-- indigobörn, stjörnuþörn, kristalbörn,
að fæðast nú inn í satt-yúgu,
nú, þegar kalí-yúga er að sleppa takinu.

Örlög hvernar þjóðar tengjast semsagt landi hennar og
náttúrulögmálunum þar.
Þetta þrennt.....

(*þjóðin í *landi sínu þar sem *viss náttúrulögmál eru)
hefur þróast sem pakki, og er órjúfanleg heild sem ekki ætti að
 sundra, --
 þrieind sem virða ætti vel og aldrei ætti að spilla.

Örlög hvernar þjóðar velta á verndun upprunalegrar menningar hennar
 og siða.

Aðflutt menning,

sé hún tekin upp í stað þeirrar upprunalegu,
 eða hengd utaná hana (látin „samtvinnast“ sem er klisjuorð)
 eða sé henni troðið uppá menn til að ryðja eigin menningu
 manna frá,

riðlar því jafnvægi sem

*náttúrulögmálin hafa skapað

*á þessum ákveðna stað

*hjá þessari ákveðnu þjóð sem þar býr.

Sú trú sem troðið er uppá heimamenn verður í hæsta lagi „samvinnuð“
 (sem kallað er)

og hangir sem rótlaus og skeinuhættur **mistilteinn**
 utaná upprunalegu heimameningunni,
 og reynir að nærast á henni,
 hugmyndafræðilega og fjáröflunarlega.

Oft er klækjum beitt og hótunum, andlegu og líkamlegu ofbeldi,
 auk markviss heilapvottar, og blákaldra lyga.

Engir skyldu karpa um trúarbrögð því það er foraðsfen í að lenda.
 Aðeins kjarni málsins skiptir máli.

Trúarbrögð hafa brugðizt.

Þau drukkna í veraldarvafstri og kennisetningum,
 og þau hafa glatað kjarna sínum og tilgangi.

Menn hafa „gleymt að vökva ræturnar“, segir maharishi um að
 veraldlegt yfirskyggir **ginnungagap** í hugum manna,

og þeir hafa ekki stundað sitt TM í gegnum aldirnar.
Því visna þeir í stað þess að þróast.

Mímir (smriti) er týndur, okkur gleymdur, við munum ekki hver við erum.

Hér er svarað spurningum um hinn tæra kjarna síða og trúar,
Guðveldi og bókstafstrú eru ekki til umræðu hér,
en eflaust er kjarnann þar að finna undir misnotkuninni
og brýnt er að gera það (finna kjarnann) sem allra fyrst.

Við verðum að kunna að meta sanna menningararfinn á hverjum stað,
og finna tengslin við lögmál náttúrunnar á þeim stað.

Til þess er samsviðstæknin (TM) mjög nytsamleg:
að **hnýsast niður**.

Iðkun tækninnar gerir jafnvægi á ný milli lögmála náttúrunnar og
upprunalegu menningar / (á hverjum stað) hjá þeirri þjóð sem þar býr.

Með því að **sóast** iðla finnast **Glaðheimar**.

Hin víðasta vídd **ginnungagaps**.

Hverful fyrirbæri og yfirborðslíf verða gagnsætt fus.

Hamingja **Glaðheima** er svo mörgmilljónsinnnum meiri en fusið okkar,
að við sækjum í **Glaðheima**
og hættum að glata okkur í því hverfula.

1. einherjaleikur
að skilja **Synju**

2. einherjaleikur
að skilja **Valhöll**

3. einherjaleikur
að **fórna** huganum.

Það er auðvelt að sleppa hugsun, aðeins erum við að spóla til baka:
 Hvað olli því í upphafi að við erum hér í kroppnum okkar?
 Það var enginn vandi að búa þetta til, svo auðvelt er að hætta leiknum,
 við þurfum að spóla til baka í höfuðskepnurnar og svo í upprunann

4. einherjaleikur
 að skilja **Iðunni**

Iðunn, að iðka tækni til að **sóast**
 öðlast **epli Iðunnar** /ódáinsfæðu

5. einherjaleikur
 vinna af gömlum vana eftir uppljómun

6. einherjaleikur
 hvernig get ég verið þessi „ég“ þegar ég er búinn að **fórna** þessum „mér“
 og öllu „mínu“?
 þessi „ég“, skrítið, gufar upp,
 þessir „hinir“ eru ekki heldur neitt „hinir“

7. einherjaleikur
 alveg að uppljómast, alveg að ná í **Valhöll**,
 fullorðnir og börn með háþróað og tært taugakerfi,

að velja sér stað og tíma til að fæðast á til sinnar framþróunar.

vísast hér í Óðsmál in fornu
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Urður Verðandi Skuld 33. skræða, 13. skræða **Hel**

8. einherjaleikur
 mörg mörg þúsund ára gamalt og aðeins einn sannleikur -- undir
 mörgum nöfnum
 -- að skilja hvað er kjarni málsins sem varðveitt hefur

og hvað er svo hins vegar umbúðir hismi skilningsleysi
utanaðbókarlært merkingarlaust orðagjálfur

9. einherjaleikur, að skilja að

ginnungagap opnar augun, lokar augunum, opnar augun

ragnarök

Nú annað er það ekki.

Einfalt og eðlilegt?

*-Jú, kannski smá svör við smáum spurningum, ef ég má,
smávegis útskýringar á smáatriðum, ha?*

-Endilega spyrja!

Ef allir vissu væru Óðsmál óþörf.

-Ragnarök?

-Allt hverfur, aðeins **ginnungagap** er.

Ekkert skapað er, engin hugsun er.

Rétt einsog við sofnum, sofum yfir nóttina, og vöknum svo aftur,
þannig vaknar allt á ný við að **ginnungagap** opnar augun á ný eftir
ragnarök.

Raunar eru **jötnar** alltaf að brjóta niður og **Óðinn Vili Vei** alltaf að búa
til,

en **ragnarök** eru svo tíminn milli veralda.

Allt þetta er í þróunarátt, aðeins misstór ferli.

Margir telja forna menningu okkar vera ævafora.

Þessi menning finnst um heim allan, mjög svo svipuð í grundvallaratriðum,
mjög svo fingert svið andlegheita finnst.

Búið hefur verið til hugtakið „frumstætt“ yfir hið forna djúpa fingerða, andlega,
og „þróuð trúarbrögð“ um Guðveldi sem notuð eru sem stjórnæki.

Líklega hafa verið góðar aldir, kannski fyrir mörgum þúsununda ára, og svo komið myrkar aldir,
og allt sem heitir djúpur skilningur meira og minna farið norður og niður.

Ósvinnan er óraunveruleg, er ekki til sem slík,
en með henni búa menn sér til veröld sem er bæði vond og góð,
búa meira að segja til Guð (kk et) sem er bæði vondur og góður.
Guð sem stjórnæki sem hegnir og umbunar með geðþótta-
ávkörðunum.

Þetta er augljóslega misnotkun á ævafora hugtakinu **guð** (hgk flt),
notað í kúgunar og landvinningaskyni nú nokkrar undanfarnar aldir.

Við skulum því leita grunnsins,
og auðvitað finnst hann í öllu sem úr honum er komið,
þótt sumt sé nokkuð langsótt einkum í þessum „þróuðu“ trúarbrögðum
því þau eru afleidd, og geta talizt afleit á margan hátt.


Við skulum aðeins leita þar sem skilningurinn og þekkingin eru tær.
Það er í vedunum.

Uppruninn er tærastur.

Hljóð veda eru ósköpuð, -- heild innan vitundar, aatma brahm.

En hjá okkur eru hæg heimatökin, því greinleg samsvörun finnst í okkar forna menningararfi. Við höfum að vísu misskilið og glatað, en því verður bjargað.

Hornin á „**Óðni**“ á Gundertrup-skálinni eru hér á ishvara adya atta mara, og eru alls ekki horn heldur hið helgasta orð.



samanber nafn **Óðins: Ómi**



Indusdals stimpill ævafor

Indusdals stimpill, fornleifafundur; kannski 10.000 ára, etv ennþá eldri.
útskýrt af **Natvar Jha og N.S.Rajaram.**

Lesið bókina „The Deciphered Indus Script;
Methodology, Readings, Interpretations“
N.Jna and N.S.Rajaram, Aditya Prakashan, Delhi, 2000

Brahman/**Ginnungagap** er sannleikur tjáður með OM.
Sjáið þrjú andlit hins eina, Ishvara, pashupati („fjárföður“). Og skepnurnar.

Gungnir á **ginnungagapi** verður hugsun sem býr til höfuðskepnurnar fimm.
En í raun er aðeins vitund og ekkert annað.

vísast hér í Óðsmál in fornu, 26. skraðu

-Hvað er fornt?

Og hvað svo aftur á móti afleitt?

-Hvers vegna erum við með nöfn á rómverskum keisurum fyrir
mánaðanöfn?

Augustus þýðir æruverðugur, og var keisaratitill. Júlíus Ceasar í júlí.

Og sept sjöundi, okt áttundi, nov níundi, des tíundi.

Svo gott sem orðið augustus er í sjálfu sér,

-- auguri heillaóskir

-- ódjas hinn heilbrigðasti vökvi líkamans sem allir æskja sér,

á þetta ekki heima sem aðflutt mánaðarheiti hér á norðurslóðum,

enda er dagatalið rómverska stjórnæki

unnið á skrifpúlti í Róm

útfrá uppkokkuðu árinu núll sem aldrei var.

En við skulum athuga hvers vegna við erum svona rómversk í
tengslum við menningu:

Þessu var troðið uppá okkur með vopnavaldi og hótunum.
Innflutt,
ekki okkar menning.

Leyfðum við, möglunarlaust og af fúsum og frjálsum vilja, að daga-
nöfnin okkar væru fjarlægð.
Eða var beitt ofurvaldi -- ættuðu frá Róm, klætt í nýmenningar-gervi?

daganöfn í 24. skræðu
vísast hér í „Óðsmál in fornu“
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>
guðanöfn daganöfn reikistjarnanöfn mannsheilinn! -- heillandi lesning

Var nafnabreyting þessi og utanaðkomandi menning sú eyðilegging,
sem sögð er „samofinn“ (/hangir utaná) okkar fornu menningu nú?

Þjóð í sínu landi þróar menningu í samræmi við lögmál náttúrunnar í
þessu ákveðna landi, í sínu eigin umhverfi, einsog áður sagði.
Aðflutt annarra þjóða menning á ekki heima nema þar sem hún á
heima
-- hjá þeim mönnum sjálfum.

Ekki ætti að troða menningu uppá þjóðir, heldur finna þeirra eigin,
sem þróast hefur í samræmi við náttúrulögmálin á hennar stað.

Norrænn maður í Bandaríkjunum giftist konu frá Kambódíu,
fann út í gegnum það hjónaband
að ævaforin indversk menning finnst í Kambódíu,
kam-bo-dja, -- nafn sem hefur beina skírskotun í það mál.

Manninum láðist að finna út að hans eigin forfeður áttu einnig þessa
menningu,
svo hann stimplaði Evrópu sem grunnhyggna og yfirborðskennnda

Þeir sem fluttu með sér Guðveldi (/Rómarveldið o.fl.) vestur yfir haf voru að troða utanaðkomandi kerfi uppá þá sem áttu sína menningu fyrir.

Allt í raun fyrir veraldlegan auð, **gull Gymisgarða**.
Sama sagan og í Evrópu, og sama sem er að gerast í Asíu og Afríku ennþá.

Sjálfur leið þú sjálfan þig heitir öðru nafni hinn guðlegi vilji hvers og eins.

Sá okkar eigin vilji ber þrennan ávöxt og hefur þrjár rætur.

* Okkur langar til að skilja hvers vegna við erum.
Innra með okkur vaknar spurning.

* Í huganum tókum við ákvörðun um eitthvað,
og
* svo förum við að gera eitthvað í málinum.

Örlög eru ekki í þessu ferli,
nema hvað hver og einn ræður sínum gjörðum, **Urði**, al-ábyrgur.
Aðeins vilji manns sjálfs ræður för.

Við höfum vald yfir okkar eigin gjörðum, **Urði**,
en, gætið að:
við getum ekki stjórnað alfeiðingum og ávöxtum þeirra.
Til þess er gjörðafærlið of flókið og órannsakanlegt.

Bhagavat-gíta: vegir gjörða eru órannsakanlegir
gahana karmano gatih
kemur engum guðum við, eru okkar gjörðir og hugsanir
við erum alábyrg

Ef hamrað er á að einhver **guð**, eða Guð, eða skapanornir, séu ábyrg,
fara menn að trúá því.

En það er ekki svo, þótt viljinn sé guðlegur,
því hann er okkar guðlega innsta eðli.
Ekki neitt utanaðkomandi eða „þarna uppi“ sem enginn nær til.

Heldur „hérna inni“ sem auðvelt er að ná til.

Þegar okkar **Skuld** er tær, leiða gjörðir brátt til þess að **tröllin** okkar hverfa,

Fornu, 32.skræða

Þegar mikill gruggur er í okkar **Skuldu**, býður það heim alls konar erfiðleikum

Því endilega gerum okkar **Skuldu** tæra og góða

vísast hér í Óðsmál in fornu 33. skráðu um Urði Verðandi Skuldu
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Markmið okkar er hin æðsta þekking numin upp í okkar eigin kropp okkar eigin heila.

vísast hér í Óðsmál in fornu, 31. skráðu og 17.,
tært taugakerfi og gyðjan Sól

raadja-vidyaa, konungleg þekking, er þessi konunglega **Valhallar**-dvöl okkar.

Hér lifum við, sprellum lifandi, góðu lífi og gerum öllum mönnum gagn.

Og við stjórnnum náttúrunni. Vitundarstig okkar ræður för.

36.skræða

Gungnir er mjög vandmeðfarið vopn vitundar.

Við skulum telja að hugsun og hugur sé eitt og hið sama.

Við getum ekki greint þar á milli:

Hugur býr til búkinn okkar, eða / hugsun býr til búkinn okkar.

Við gerum þá skekkju að taka sýndarveruleikann fyrir raunveruna.

Heimurinn verður til í því sem við sjáum.

Sjónin samsvarar höfuðskepnunni ljósi/eldi, sem er skapað fyrirbæri.

Við sjáum það sem við hugsum. Hugsun skapar höfuðskepnur.

Hugsun verður til við lífsorku á hreyfingu í okkar eigin hugarheimi,

hugurinn býr sér til heim úr **Gungni**,

og hreyfing verður þegar við erum viss um að við séum einstaklingar

og heimurinn sé raunverulegur.

Við hugsum okkur þetta svona.

Sjáum svo ekki hvað er orsök og hvað afleiðing.

Við erum komin með hinn fullkomna vítahring. Hann bitur í sinn hala.

Ég sagði ykkur að vopn væru vandmeðfarin.

Það er hér **Gungnir**. Hann er Zitterbewegung, 10^{-44} sekúndur í tíðni.

Það sem við nefnum **ginnungagap** er sko ekki fjarri,

því hér býr þekkinging og skipulagsgáfan sem í okkur er.

Og við erum það. -- Ekkert annað er en **ginnungagap**.

Aðeins það er.

Ginnungagap er alls staðar, ekkert utan þess. Allt er það.

Það er þekking tær.

Þekkinging býr í **ginnungagapinu**. Innifalin. Svo hún býr í okkur,

okkar vitund, að sjálfsögðu.

Hér eru möguleikar alls.

Gapið er þetta tóm sem alheimar „virðast“ vera í.
Alheimsvitund er tóm, **gap**, sem kyrrð. Kyrrð iðandi.

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>
Iðavellir, 5. skræða

Þegar við sjáum loks að sköpunarverkið er ekki raunverulega til,
þá fyrst sjáum við að **ginnungagap** eitt er,
við höfum þá skilið þann sannleika, og gleymum honum aldrei aftur.

Nú verður allt bara fallett,
og tvískinnungur (svo sem gott og vont) er ekki til lengur.

Þessi hugmynd um tilvist heims, eða heima, er uppspuni.
Heimur sýnist vera, heimar virðast vera.
Það er vegna **Gungnis**.

Titringur, víbrur. -- Og hugsunar okkar.

Ef við sveiflum stjörnuljósi í myrkri, myndast bjarmaband,
við getum skrifað í myrkrið með því að sveifla stjörnuljósinu meðan það
tindrar.
Svo hættum við að sveifla og ekkert bjarmaband er,
og svo brennur neistinn út og ekkert tindrar.
Eftir er glóheitur teinninn og hann verður brátt svartur og glóðarlaus.

Sannfæring okkar um að hið fallega óraunverulega sé raunverulegt
er mjög svo föst í ímyndun okkar
vegna síendurtekinna hugmyndan um það.
(Sæti vítahringurinn okkar.)

Í óendanlegri vitund (þ.e. í **ginnungagapi**) er eitthvað sem neitar að
viðurkenna óendanleika þess sjálfs fyrst **Óðinn** og **Vili** fundu **Véa**,

og þessi neitun þess á, að ekkert annað sé en óendanleg eilífð í vökulli kyrrð,
virðis vera „ég“ og „heimurinn sem ég er í“.
Þessi hugmynd fraus í **daggardropa**.

Um leið og klofningur í fleira en eitt virðist koma,
--sem er ímyndaður klofningur--
þurfum við nauðsynlega að vita (skilja með kollinum okkar) að ekkert fyrirbæri er annað en vitundin. Hún er **ginnungagap**.

-- Það er einsog vitund fari að líta á sína eigin hæfileika sem þeir dvelji í hjarta hennar, sem þeir séu eitthvert sérstakt fyrirbæri sem ekki sé vitundin, hún sjálf --.

Er vindurinn nokkuð annað en hans eigin hreyfing?

Nei, líklega er þetta eitt og hið sama.

Er sá sem man nokkuð tvennt þótt hann muni? Nei. Ekki er svo.

Sá sem hugsar verður ekki tvennt við það að hugsa.

Óðsmál in fornu 13. skræða, **Óðinn ræðir við Míms höfuð**

Gap og „heimur“ er aðeins tær óendanleg vitund.

Hugurinn býr til sköpunina.

Hann ruglar saman raunveru og því sem sýnist vera, því sem hann hugsar.

Hugurinn sjálfur er óraunverulegur.

Hvað þá með afurðir hans?

En þegar þessi ímyndaði klofningur á sér stað,
kemur tilfinning um gil, op, eitthvað sem aðskilur eitt frá öðru,
og okkur finnst það vera höfuðskepnan rúm, akash, kham.
Rúmið telur sig svo vera loft, því í rúmi hljóti eitthvað að vera,

og úr þeirri skrítnu hugdettu um loft,
 rís svo hugmyndin um að það, við eigin núning, verði eldur, ljós,
 sem gælir svo við þá fáránlegu hugmynd að bráðni og verði vatn,
 sem telur sig geta stornkað og verða jörð.
 Þannig líta höfuðskepnurnar út fyrir að hafa skapað sig sjálfar.

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm> 26.skræða

Innan vitundar, innan óendanlegs **ginnungagaps**, er kraftur eða afl
 sem er hreyfing, stöðug hreyfing. **Iðandi vellir**. Vellandi iða.

Gapið er innan sjálfs sín á hreyfingu. Hreyfing er í því.

Þetta eitt er hið sama sem býr óhjákvæmilega í öllu sem var hugsað.

Þetta fyrirbæri, afl, eða hreyfing, er í öllu um aldur og ævi.

Aðeins vegna þess að möguleikar þess eru fyrir hendi í **ginnungagapi**.
 Við köllum það **Iðavelli**.

fornu, 5.skræða

Af innbyggðu skipulagi stjórnað allt.

Rán (skipulag í **Ægi**) í Óðsmálum fornu, skræðu 2

Allt þetta sem við köllum hluti eða hluta í heimi.

Hugsanir, vitsmunir, hugmyndir, og allur skalinn oní fjallgarða og
 sólkerfi.

Þessi kraftur hefur mörg nöfn.

Chit shakti (hugarorka)

mahasaatta (hin mikla tilvera)

mahaashakti (hinn mikli kraftur)

mahaadrstí (hið mikla sjáandi)

mahaakriya (hinn mikli gerandi)

mahaabhavaa (hin stóra tilvera /það sem verður til)
 mahaaspandaa (hin mikli titringur/ofur-**Gungnirinn**)

Við segjum: Þetta er sá hinn gegnumgangandi eiginleiki sem einkennir allt.

Og við segjum áfram: Gróska, lífskraftur, útpensla, útvíkkun,
 lífskraftur,
 vitsmunir
 o.s.frv,
 og allir sjá, með augunum sínum, að þetta fyrirbæri er staðreynd hvert sem litið er.

En hvaðan þetta afl kemur er ekki öllum ljóst,

og að það hefur enga sjálfstæða tilveru sem slíkt,
 er eitthvert skipulag og vitsmunir, **iðandi** eitthvað, þekking?

Er kannski aðeins sprell, **Gungnir**, í **gapi**.

Ábyrgð fylgir þessum hugsanasköpunum.
 Langanir og tilganur eru gott mál
 en verða ekki fullkomlega góðar langanir og æðsti tilgangur
 meðan
 við erum ekki orðnir **einherjar**, altærir menn.

Hugurinn er heimaríkur hundur
 og vaninn tjóður manns.

Maður tjóðrar sig við hundinn.
 Ekki lengur húsbóndi hugsana sinna.
 Hlutverkaskiptingin hefur snúizt við.

Vaninn er ótrúlega sterkt tjóður.

Enginn endurskoðar hann því hann er þeirrar náttúru að eigandinn sér hann ekki svo gerla.

Kannski sjáum við vanann,
en finnst hann of þægilegur til að taka nýjan kúrs.

En það eru vissulega til vanapakkar sem mjög gjarnan mætti endurskoða og athuga hvort það er hundurinn okkar sem er húsbóndinn:

hugsun - orð - athöfn
hugur - líkami - hegðun.

Til er bók sem heitir „19.000 ára heimssaga“ eftir Prithviraj R,
978-0-557-17545-1; ***** 5-stjörnu bók

Það er gaman fyrir okkur að vita hve náin okkar forna menning er þeirri tærustu sem til hefur verið.
Einnig hve orðin okkar íslenzku eru náin sanskrít.

Skepnurnar okkar fimm
sem eru húsdýr, tamin dýr, tjóðruð dýr, hlýðin dýr,
hugatilbúnar höfuðskepnur (sjá myndir bls 35)
eru hér, mörg mörg þúsund ára gamlar í hugum manna:
fill með stór eyru,
flóðhestur með þykka húð,
buffaló með augu glóandi í myrkri og heitur svo að hann þarf að kæla sig í vötnum,
tígriisdýr sem rennur hratt og kröftuglega og áreynzlulaust sem fljótin,
musk-dádýr sem gefur mikinn ljúfan ilm.
og
pashúpati með sín þrjú andlit, fjárherra, húsbóndi tjóðruðu dýranna.

Fé er sama orð og pashú (tjóðrarðar skepnur).
Rún **Freys** er **fé**.

Við megum ekki teymast af skilningarvitunum
því skynlausar skepnur láta teymast,
láta gera sig að **fé**, eign húsbónda.
-- Ekki menn sem geta borðið nafnið „maður“.

Aðeins þegar við erum húsbóndi hugans, getum við talizt menn.

Látum við skilningarvitin stjórna okkur?
Hegða skilningarvitin sér einsog villidýr?
Tekur hugurinn við öllu sem þau færa honum?
Erum við tamin húsdýr hugans?

Og annað:
Sköpum við höfuðskepnurnar með huganum?
En einmitt þessi spurning er sú sem „Valhallar Óðsmál in gullnu“
svara.
Hver er þá húsbóndinn?

Ef við berum okkur saman við hvernig við plötum dýrin:
Við notum skilningarvit skepnanna til að gera þær okkur undirgefnar,
sjáið til;
en skilningarvitin eru 5, samsvarandi höfuðskepnunum:

vísast hér í Óðsmál in fornu 26. skræðu
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

1. við notum heyrn skepna, t.d. hringja spennandi bjöllum
og þannig fær maður dáðýrið í skóginum að forvitnast, og við náum því,
2. við notum tilfinninguna í húðinni til að ná ótemju í stóðrétt,
setjum t.d. meri, eða annan hest taminn, uppað ótemjunni í einu horni
réttarinnar, meðan við komum böndum á hana,

og þannig eru villtir filar einnig tamdir, með því að króa einn af, láta hann svo finna taminn fil, eða kvenfil sem er tamið vinnudýr, rólegt og hlýðið, alveg upp við sig. Og hann heldur þá að þetta sé allt í lagi,

3. mýflugur sækja í ljósið sem þær sjá, og vara sig ekki á að það er glóandi heitt og brennir þær upp til agna,

4. fiskurinn finnur beituna, bragðar gómsætan síldarbitann eða orminn, hann fangast, sem svo leiðir hann til dauða síns, eða við látum glitrandi spún sveiflast í vatninu,

5. ilman blóms laðar til sín býfluguna, og stundum er þetta blóm skordýra-æta, lokar hana inni og meltir hana,

og lúmskar refaskyttur nota ilmvatn til að fá tóuna til að gleyma sér við að rannsaka ilminn,

og sæðissafnarar nota meri sem gengur eða blæsma á eða yxna kvígu til að fá stóðhestinn eða hrútinn eða nautið til að gefa sæði.

-Ó, hugur, hugsaði Úddaalaka, -hvað þarft þú að vera að eltast við þessar sýndarveröld höfuðskepnanna með samsvarandi skilningarvitunum?

Hvernig getur hugur sem er fórnarlamb freistinganna fimm.....

(þ.e. skilningarvitanna og þess sem þau færa huganum)

.... fundið æðstu hamingjuna

(þ.e. **Glaðheima**, veröld þeirra sem ekki eru leiksoppar skilningarvitanna)?

Silkiormurinn spinnur um sig púpu, og lokar sig inni í henni, og við spinnum okkur hugmyndapúpu og lokumst inni í henni.

Ef þú, hugur, festist í þessum síkvikula hverfula hugmyndaheimi, sem við köllum veröld, muntu verða fórnarlamb sorgarinnar, því allt í henni (veröldinni) á sér andstæðu, einsog ég varpa skugga á jörðina þegar sólin skín á mig.

Skepnurnar okkar fimm eru þessi sköpun sem gervirinn ég bý til.

Rúmið, akash/kham (himinn), er $\frac{3}{4}$ hlutar, að hluta óskapað, að hluta skapað,
 og restin er $\frac{1}{4}$ að umfangi:
 loft, vaayú,
 eldur, tedjas/anala,
 vatn, djala,
 jörð, bhúmí/prítvíi

Allt sýnist vera til vegna þeirra. En þær eru aðeins hugsanasköpun okkar.

*-Ég get nú vel lært, að aðeins vitund ein er raunveruleg,
 og að líkaminn og allt hitt er hugarheimur.
 En samt er þetta ekki alveg sjálfgefið og skýrt í mínum huga.*

-Svona utanaðbókarlærð þekking er ekki þekking!

Við segjum kannski, já, ég skil!!
 En það er ekki sama og að skilja til fullnustu. Reynzlu af vitund vantar.

Rökhugsun er góð til síns brúks,
 en hún ber okkur ekki í sannleikann.

Það vissu heimspekingarnir fornu,
 en nútímaheimspekingar skilja ekki enn. Í þá vantar botninn.

Við verðum að **berja okkar tröll** til að sjá, (Fornu, skræður 1 og 32)
 og losna við hina fölsku og afvegaleiðandi sjálfsdýrðkandi virðingu (!!)
 sem við berum fyrir okkur sjálfum sem einstaklingum.

Þetta sem við köllum „ek“ (okkur sjálf sem einstaklinga) er ekki tær vitund.

Í vitund, sem er eind, er ekkert ég og þú og hinir. Aðeins eind.

Vitund er raunveran,
þetta „ek“ er tilbúningur, hugsanaverk.
Ég bjó mig til.

Við þurfum að fylgja ferlinu frá upphafi
(í huganum, þ.e. til að skilja með kollinum okkar).
Upphaf er raunar áður en það byrjar, tær vitund, eindin mikla.

Og við þurfum svo að losna við hugann til að öðlast þekkinguna miklu.

*-Og hvernig get ég spólað til baka í gegnum hugarferlið
til að finna raunveruna?*

-Við reynum með huganum okkar, svona til að byrja skilninginn einhvers staðar.

Skilningur með kollinum er góður, svona til að byrja með,
þótt hann sé ekki þekkinging sjálf.

Eindin mikla hefur ekki upphaf og ekki endi,
--ekki þetta gríska alfa my ómega sem aðeins getur átt við veraldlegt--
einsog hugsun hefur upphaf og endi, „ek“ hefur upphaf og endi.

Þá fyrst, þegar við vitum hvernig allt þetta byrjaði,
getum við byrjað að bakka útúr því
og komizt aftur í eind, í tæra vitund, **ginnungagap**, án sköpunar.

*-Er hugsun, og þekking, og einstaklingsvitund
á undan tilurð höfuðskepnanna okkar?*

-Já, ahamkar buddh mana (ég-hugtak (/bý mig til) - greind - hugur).
Þekkingin er til staðar í **ginnungagapi**. Ekkert er nema það.
Höfuðskepnurnar eru okkar hugsun.

-Hvað veldur?

Óðinn Vili Vei, ferlið:

* forvitni, * fara að gá, * finna sjálfan sig fyrir (því ekkert annað er)
er byrjunin.

Með öðrum orðum:

* Sá sem veit (**Óðinn**),
* það að vilja vita og reyna að vita (**Vili**), og
* það sem vitað er (**Vei**),

* hugmynd um og forvitni um
* einhverja leið til að öðlast þekkingu, og gjörð í þá átt,
og * útkoman,

* sá sem sér, * sjón, * það sem sést.

Allt sem við köllum sköpun þarfnast hugans.
En allt sem í huganum er er skýjaborg.

Tilurð þessa heims okkar, er ekki annað en hugsun,

sem tekur á sig mynd einhvers skapaðs - í okkar huga!!

Þekkinging er fyrir hendi í **ginnungagapi**, og aðeins þess vegna er hægt að skapa.

Möguleikar óendanlegir eru fyrir hendi. Þess vegna getum við þetta.

Allar fimm höfuðskepnurnar sem verða til hver af annarri --til að geta kallað þetta sköpun-- eru vegna möguleikanna í **ginnungagapi**.

En höfuðskepnurnar eru misáberandi.

Stundum er akash, rúmhöfuðskepnan, mest áberandi, Heimdallur heyrir,

stundum lofthöfuðskepnan, vindurinn, Hræsvelgur,

stundum eldhöfuðskepnan, ljósið, hitinn,

stundum vatnhöfuðskepnan,

stundum jarðarhöfuðskepnan mest áberandi, fasta efnið.

Svo er sköpunin í þrem lögum,

það mest áþreifanlega,

miðlungs áþreifanlegt

og fingerðast og óhöndlanlegast.

Einskonar guðleg vera er fyrir hverja höfuðskepnu,

og þær eru einnig hugarsköpun.

En höfuðskepnurnar hafa mismunandi áherzlur og uppáhald af sinni náttúru,

-- nú eða eitthvað sem þær vilja ekki --

af mismunandi náttúru sinni -- svona einsog við:

sumir eru nammigrísir, sumir vilja gulrót og rúgbrauð.

Segir ekki Mikki refur um grænmetisfæðið: -Oj! Það getur nú varla kallast matur?

Karíus og Baktus er þessu sammála, gulrót og rúgbrauð ojabarasta.

Í hverri höfuðskepnu eru Gunnarnir þrír, **pursamegir III**,
sattva radjas tamah. (Sanni-Gunni, Rassakasta-Gunni, Þám-Gunni):

visast hér í 5. skræðu Óðsmála fornu
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Í rúminu finnast þeir þrír, sattva radjas tamah,
í loftinu finnast þeir þrír, eiginleikar náttúrunnar Gunnarnir,
í eldinum,
í vatninu,
í jörðinni.
Það gerir = 15 dansandi Gunna:
5 höfuðskepnurnar x 3 Gunnar á hverja.

Það er þreytandi að dansa endalaust við Gunnana **þrjá** (sinnum 5!!)
án hvíldar frá þeim ráðríku **ámáttku þrem**,
pursamögum þrem, náttúrunnar eiginleikum.

í Óðsmálum in fornu 5. skræðu
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

*-Þess vegna ættum við að spyrja:
Hvaðan er þessi náttúra öll??*

visast hér í 36. skræðu fornu

Hvernig í ósköpunum byrjaði þetta allt??

Stöðvið heiminn, ég vil fara úr. (leikrit: „Stop the world, I want to get off“)

-Já, við látum hér ekki nægja að útlista hugarheiminn.

Ginnungagap er það sem við þurfum að sjá,
en auðvitað ekki með augunum sem sköpuð eru til að sjá ljósið, eldinn.

Við þurfum að loka augunum um stund til þess að sjá.
Og þurfum að vera án hugans -- og án Gunnanna **þriggja** -- til að
öðlast þekkingu, **fimbulrúnirnar**, **góða galdra** og **ljóðin**.

Hávamál (rúnatal)

5 höfuðskepnur x 3 Gunnar náttúrunnar og
Ginnungagap er hið 16.

Allt fellur undir þessa 16 þætti.
16 grundvallareiginleikar lífsins.
Þetta eru mjög nytsamar upplýsingar, því nú er hægt að ráða við einn
og einn þátt í einu.
Hver grundvallareiginleiki af þeim 15 er sitt grundvallar„vandamál“.
Svo við notum einfalda aðferðafræði til að skilja og sundurliða.

Í Bhagavad gítu er hvert einasta atriði leyst.
Þar sem ekki ætti að vera neitt vandamál getur nefnilega risið
vandamál
-- í okkar huga !! Þau eru hugarburður einn.

*-Hvers vegna finnst okkur vandamál vera, ef það er ekki nema „í okkar
huga“?*

-Við búum það til og stöndum frammi fyrir því fastar en á fótunum.
Við höldum að öll hugsanaveröldin okkar sé raunveruleg,
og hví skyldu þá vandamálin vera undantekning?

Ardjúna (í 18 köflum Bhagavadgítu) fær þroskað vitund sína þannig að
hún rís yfir öll hugsanleg vandamál.

les Óðsmál in fornu 16. skræðu um **Tý** og **Fenri**
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>
og 40. um endurheimt **Mímis**, minni á hvað við erum.

Við miklum fyrir okkur vandamál,
 bara sjáum vandamál og viðurkennum,
 og reynum að ráða niðurlögum á,
 en sjáum ekki
 að þetta er tóm ósvinna og bull og draumkennd ímyndun. (**Tröll**)

Enda er fyrir hinn uppljómaða mann svona lagað minna en minnsta rykkorn.
 5 höfuðskepnur x 3 Gunnar hvernir þeirra = 15, bara ryk.
 Blásu á það.

Hið 16., **gapið**, hið eina sem er, og það er tær þekking, fullkomið skipulag,
 kyrrð og orka, óskapað, svið allra möguleika, þar er öll þekking,
 og það er **Sólar sæla**.

Óðsmál in fornu 17. skræðu og 23. um
 að aðeins sælan mikla (aananda) er

*-Hvernig stendur á þessu?? Ég sé vandamál með eigin galopnum augum!
 Svo er bara þarna annar sem sér ekki nein vandamál neins staðar?
 Rosalega á hann gott að vera svona dæmalaust blindur á tilveruna,
 blessaður maðurinn!!*

-Hann stendur fastar í sannleikanum eina (**nísta**) en í rykkornunum.

„**Nýsta ek niður**“ er hverjum manni leiðin til að sjá.
Hnýsast niður.

Hávamál

Óðsmál in fornu í 25. skræðu

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Vökul kyrrð

(--mælist með heilalínuriti (EEG) meðan á iðkun TM stendur--)
gefur heilanum nefnilega uppljómun mikla, sem er kyrrð og vaka í senn.

Samræmi,

og það samræmi (**Rán**) er hin gullna regla í **ginnungagapi (Ægi)**, sem endurspeglast í heilastarfsemi manns í samadhi (/ **Glaðheimum**). (Glaðvakandi, 4. vitundarstig manns; en 5., 6. og 7. eru til, biða okkar.)

-Hvar gerist í þessari vökulu kyrrð - sem maður nær svona auðveldlega?

-Engar frumur í heilanum eru að starfa að neinu verkefni, og ekkert er sofandi eða óstarfandi eða sljött. Maharishi nefnir það vökula kyrrð. Vakandi, altærir, í kyrrð.

Menn finna áreiti en þau hafa engin áhrif. Að finna er annað en að það skilji eftir sig áhrif.

Þetta ásigkomulag og ástand er tær vitund manns. Ljómun.

*-Er hægt að halda þessu nístha-ásigkomulagi lengi, án þess að **falla aftur þaðan**, einsog **Hávi** orðar það?*

-Já, alltaf. Endalaust.

Ef það helzt lengi breytist andadrátturinn.

Öll líkamsstarfsemin fylgir huganum í kyrrðina.

Hugur fyrst, líkaminn á eftir, eltandi hugann sinn,
maður verður svo sem hugurinn er,
líkaminn verður svo sem hugurinn er,
því við sköpum líkamann með hugsun.

Mjög súr líkami hefur þungan andadrátt,
en til þess að verða ekki sýrunni að bráð þarf maður að vera „ó-súr“.
Allur líkaminn afsýrist í djúpri kyrrð TM-iðkandi manns.

Regluleg iðkun samsviðstækninnar veldur heilbrigði.
Efnasamsetning í blóðinu veður „ó-súr“ (ef það orð er til?).

Þegar kroppurinn er þannig ósúr (basískur, alkalískur) verður
andadrátturinn létt flæði,
og engin tæring fer fram, tíminn stendur kyrr.

Á hleifi né sælast né hornigi er engar líkamlegar þarfir
í **9 nætur**, í tímaleysi. Hér er hvorki tími né rúm.

Fyrir svo utan **fimbulrúna**-tæknina og **ljóðin** góðu sem menn öðlast.
Mjög hagnýtt.
Því **fimbulrúnir** nýtast í okkar daglega lífi til allra góðra verka
(karmasu kaúshalam, gjörðatækni) **galdrar góðir**.

*-Aftur í ímynduðu vandamálin þessi 15 og svo þessa lausn sem er +1
(sem er 5 höfuðskepnur sínum 3 Gunnar -- og svo eindin):
Hvernig fer Krishna að því að gefa lausn á hrikalegustu vandamálu?*

-Það er einfalt, því ein lausn gildir fyrir öll:
Vertu Gunnalaus,
fremdu allar athafnir úr **ginnungagapi**.

Hugsa, tala, framkvæma beint úr eindinni.

-Gott og vel.

En hvernig þá í ósköpunum geta þetta talizt hagnýtt ráð??!!

Þetta virkar einsog auglýsingskrum sem enginn getur haft not af!!

Vertu Gunnalaus!!! Vertu án trí-gúna!!

-Það er útilokað að leysa vandamál á sviði vandamála,

einfaldlega vegna þess að vandamál eru raunverulega ekki til.

Vandamálin eru ímyndun,

hugsun um..., bjargföst trú á.... -- að þau séu þarna.

En í raun eru þau aðeins draugar. **Tröll.**

Heimabakaðir.

Heimasaumaðir.

Svið Gunnanna, **þursameyjar þriggja** eiginleika, er þessi ímyndaða veröld.

Ekki væri þörf á þessum „Óðsmálum inum gullnu“ ef allir sannleiksleitandi menn væru með þetta á tæru.

Þetta er hagnýtt þeim er nemur, **góð þeim sem getur,**

hið hagnýtasta af öllu sem til er handa **þeim er þiggur.**

Nú skulið þið bara hlusta á það sem hér á eftir kemur.

Með iðkun samsviðstækninnar kynnumst við betur og betur dýpri

sviðum hugans,

og förum innfyrir hugann, í algjöra kyrrð

í raun ekki umhugsun né íhugun, því við íhugum ekkert,

þaðan af síður einbeiting, og ekki hugleiðsla því við leiðum ekki hugann. Hann dettur sjálfkrafa heim
 -- þegar við gefum honum tækifæri til.

Hugur fer sjálfkrafa í kyrrð,
 hann **sjálfur leiðir sjálfan sig**, einsog hver maður á að gera:
sjálfur leið þú sjálfan þig,
 Engrar hugsunar er þörf, öll hugsun er til trafala og skemmir fyrir.

Þó notum við hugsun til að **sóa** sjálfri sér!! (**sóa** hugsun)

Mantrað okkar er frekar „fallegt hljóð“ en eiginleg hugsun.
 Laðandi hljóð. Aðlaðandi hljóð. Eins konar **Gunnlöð**.

vísast hér í in fornu: 15. skræðu
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>
 eða bók: efnisyfirlit Fornu: ISBN 978-9935-409-40-9

Alls konar tækni er til, en hægt er að mæla heilabylgjur til þess að sjá á skjá hvort þessi ýmsu afbrigði virka eða ekki. (EEG-mæling.)
 Ef við viljum tækni sem virkar strax og örugglega, veljum við
 transcendental meditation, TM, því hún er einföld auðlærð náttúruleg
 og virkar frá fyrstu sekúndu -- og áfram alla ævi manns.

Við löðumst að mantranu/hljóðinu, sem er valið handa okkur af
 kostgæfni,
 eins og maharishi hefur kennt kennurunum að gera,
 en hljóðið gerir ekkert við **Hnitbjörg**.

Mantrað gerir ekkert við **ginnungagap**.

Hljóðið er **Gunnlöð** sem laðar okkur í okkar eigin **Hnitbjörg**.
 Við vitum hvað á þeim stað er í boði.

Heyrnin, fingerðasta skilningarvitið, er notuð hér til að halda huganum í **hangi á meiði**.

(Skilningarvit notað til að **sóast** frá öllum skilningarvitunum!!)

Hang (vísa 138 Hávamálum). Einsog „týra á meiði“.

Hangið (tæknin) er skammstafað TM (transcendental meditation) á flestum málum (MT á rómönskum), hugartýra í **vingameiðshangi**.

Hugurinn svo bara sí svona dettur inn -- í gegnum „ormagöngin“ algjörlega af sjálfsdáðum -- „hjálp“ við það bara skemmir fyrir.

e. „worm-holes“ sem eðlisfræðihugtak,
í tíma- og rúmleysi

ormagöngin sem **Rati** grefur
smýgur léttilega í **ormslíki sér brugðnum**

Bölverkur bregzt í ormslíki

svona einsog maður „dettur inn“ hjá góðum vinum sínum vegna þess að maður labbaði framhjá húsinu þeirra af tilviljun.

Hnitbjörg

Þá er engin hugsun eftir.

Þess vegna er bezt að nota gömlu íslenzkuna -- í þátíð (sagt frá eftirá; einsog í **Hávamálum**)

því engin hugsun er í gangi í nútíð þar eð hugurinn starfar ekki

maður er vitund eingöngu, í algjörri vökulli kyrrð:

þátíð: **nýsta ek niður**.

Á eftir þessu kemur:

féll ek aftur þaðan,

þeas. hugsanir koma á ný.

Við iðkun samsviðstækninnar þarf að skilja þetta.

Við djúpa kyrrð hugans (hugsun **sóast**) og aðeins flæði andadráttar sem kemur sjálfkrafa og án ásetnings, við kyrrðina losnar um streitu í líkamanum, los streitu ertir **Sleipni** (taugakerfið) sem ókyrrist, skirrist, ertir taugakerfið og heilann og vekur við það hugsanir, þeas maður **fellur aftur þaðan** (úr samadhi, 4.vitundarstigi) hugurinn og heilinn byrja að starfa.

vísast hér í Óðsmál in fornu
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>
 31. skræðu tært vígt taugakerfi

Tæknin TM verður að lærast rétt, til þess að streitulosið trufla ekki ferlið.

Eina rétta er þá að leyfa huganum að flæða að mantranu sínu aftur, en mantrað, sem er aðlaðandi fagurt hljóð, heldur huganum á floti, í **hangi**,

í nútíð: **ek veit** (ég er meðvitaður með hugsun, í nútíð)

í þátíð: **ek hékk á vingameiði**, eða **vindgameiði**

(engin hugsun, sagt frá eftirá).

Hávamála vísa 138
 (ath gaumgævilega nútíð og þátíð)

Iðkun þessi er í hæsta máta nauðsyn fyrir framþróun hvers ein-

staklings.

Iðkun þessi er í hæsta máta nauðsyn fyrir framþróun mannkyns.

Hver maður eys upp **fimbulrúnnum** í sinn huga. **Nemur upp** þekkingu guðlega.

Enginn annar getur gert þetta fyrir mann.

Maður sjálfur af eigin rammleik eingöngu.

Maður vígir sig tæran.

Eina vígslan sem borið getur það nafn, segir **Syn** okkar okkur.

vísast hér í Óðsmál in fornu
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm> 6. skráðu

Hugurinn leitar hamingju,
 og laðast ætíð í átt að mestu hamingju sem hann finnur.

Gunnlöð laðar
Glaðheimar

Varanlegu hamingjuna finnur hann (hugurinn) með því að leita ekki þar sem framboð er af hálfu skilningavitanna -- dótið „þarna úti“, heldur innan eigin vitundar.

Við notum að vísu heyrnina til að fanga athygli hugans, mantrað, sem er hugsun og/eða hljóð sem er sérstaklega valið handa hverjum og einum persónulega.

Þegar hugur laðast að fingerðasta stigi mantrans,

hnýsir hugur sjálfkrafa **niður**.

Hann er þá orðin fingerð hugsun eingöngu.

Og hún slökknar, deyr, einsog tíra í logni sem sóast. Dá, dhyana.

Vakandi hugur nær tærri vitund -- Það er það sem aðeins „er“.

Þegar hugur **fellur aftur þaðan**
 hefur hann **numið upp fimbulrúnir** -- alveg frá fyrsta skipitinu.
 Svo meira og meira við iðkun.

Við erum hæfari eftir. (karmasu kaúsalam, gjörðataækni)

Hávamál, vísa 138 o.áfr.
stinna stafi, ljóðin, fimbulrúnir

Tilgangur og markmið náms
 á að vera að gera huga nemenda hæfari

gera hvern einasta einstakling með fullkomna reglu í huga sér.

Rán rögn regin

Það gerist með iðkun samsviðstækninnar.
 Allt sem þannig nemendur framkvæma er nærri fullkomnun,
 hann er í fullkomnu jafnvægi,
 samræmi í huga,

mælist með heilalínuriti, EEG

og engin streita er í nemandanum,
 engin streita í skólanum.

Hugurinn vinnur útfrá tærri vitund,
 engin mistök gerð,
 allt auðvelt og sjálfkrafa rétt. Allar ákvarðanir og langanir **tý**-réttar.

CEB (Consciousness-Based Education)
 vitundarþroskamenntun
 á vegum Global Country/ Heimsríkisins

Þessi menntun bætir manninn.
 Maður öðlast stuðning frá náttúrunni,

öðlast vitundarþroska,
nýtur alls hins bezta í lífinu
og
innan manns verða víðari og víðari **Glaðheimar** vitundar.

Tilgangur og markmið náms á að vera að gera huga nemenda hæfari,
ekki satt?
Að enginn geri mistök.

Þegar allir hafa samræmdar heilabylgjur, verður þjóðfélagið betra.

Þjóðfélag er einstaklingar
og við byrjum á einstaklingunum til að gera fullkomið þjóðfélag.

Gera ekki menntaðir menn mistök?
Gera ríkisstjórnir ekki mistök?
Og hvers vegna gera menntaðir sem ómenntaðir mistök?
Það sýnir að menntun hefur brugðizt sem þroskaferli.

Nemendur hlaða upp streitu, og það stríðir gegn þroskaferli og þróun.

Við erum æ oní æ að stríða gegn náttúrulögmálunum,
og það kemur okkur í koll.

En þegar við höfum vitundarþrostkmenntun handa öllum
hætta allir að gera mistök.

Við gerum hugann tæran,
hugurinn býr til kroppinn okkar og hugurinn býr til þjóðfélagið
hugurinn skapar.
Hugurinn býr til gott líf eða slæmt líf. Himnaríki á jörðu eða helvíti.

Himnaríki eða helvíti handa okkur og ástvinum okkar. Val.

Eina ráðið sem vit er í er að gera hugann tæran !!

Sumir lifa þúsund eða milljón æviskeið án þess að þróast af viti.
Aðrir **sóast** á þessari ævi
og þróast þarmeð hratt í átt til fullkomnunar og tærleika.

Í hvert sinn sem við **sóumst** þróumst við 1000 sinnum hraðar
en á einni mannsævi sem lifað er í ósvinnu.

Milljónir manna um allan heim nota TM-tæknina núna,
svo heimsvitundin er að hækka til muna.

Þökk sé maharishi, eðlisfræðingi og vitringi, heims bezta kennara,
sem kenndi okkur um allan heim það sem guru dev kenndi honum.
Þekkingin hefur borizt mann fram af manni í þúsundir ára.
Tær og flekklaus.

-Hvað er svo þessi margumrædda andlega þróun manns?

-Svo skritið er að við tölum mikið um þróun,
þróun lífs á jörðu,
tölum mikið um þróun mannkyns.
En vitum við að alheimurinn og mannslíkaminn eru í sömu mynd?

Tony Nader MD PhD:
„Human Physiology; Expression of Veda and Vedic Literature“
ISBN 81-7523-017-7

Við hugsum alheiminn og við hugsum okkar kropp,
hvort tveggja eins, annað stærra en allt annað stórt,
hitt svona smærra en allt smátt.

Stærra en hið stærsta og smærra en hið smæsta, nefna vitringarir það.
Hugsun er sköpun,
og við stjórnnum.

Hlustið nú á smæð þess stærsta og stærð þess smáa:

Annað er
hið óendanlega stóra úr ofurfingerðum og smáum „einingum“, sem eru
alls ekki neinar einingar, hið stærsta er semsagt úr því smæsta,
en
kvarkar og skammtar og þannig dótari og lítið fus svo sem **Gungnir**
(„hið skapaða“) er úr það mælanlegum stærðareiningum að þær kallast
stórar.
Þetta pínulitla sem við köllum veröld er úr „grófu“.

Allt skapað er hugsanir einar og telst því smávægilegt þótt úr „stóru“
efni sé.
Svoleiðis er mælanlegt vegna ímyndaðs áþreifanleika síns.
Hefur ímyndaða „kornastærð“.
Er því stórt í kornastæðarsamhengi. Þetta smávægilega er úr grófu efni.

Þetta skildist nú etv. ekki?

En þá þetta með þróunina.

Talandi um þróun tölum við oftast um það sem þegar hefur gerzt.
Athugum ekki að við erum á þróunarbrautu. Margt eftir.

Tölum um ævi mannkyns,
ævi jarðarinna, alheimsins og svoleiðis.
Þróun lifvera, hinn vitiborna mann -- upp að þessari mínútu.

Oft er þessi saga okkar svo bara um nokkrar síðustu aldirnar.

Við höldum jafnvel endilega að vísindi nútímans séu öllu öðru æðri, að menn fyrir ævalöngu hafi staðið okkur nútímamönnum að baki.

En svo er ekki

því allt þetta nútímavísindlega, og meira til, var vitað fyrir þúsundum ára.

Uppljómaðir menn vissu meira fyrir tugum þúsunda ára en flestir nútímavísindamenn vita núna.

Skiljið þið þetta nokkuð?

Uppljómaðir menn vissu fyrir tugþúsundum ára að við erum vitund.

Það vita ekki allir vísindamenn nú á tímum.

En þetta er allt að koma.

Á myrkum öldum glutrast margt niður,

í satt-yúgu kemur þróunin og sannleikurinn uppá yfirborðið af fullum krafti á ný.

Og nú skulum við tala um þróun í framtíð:

Núna, þegar kalí-yúga sleppir sínum heljargreipum og satt-yúga hefst, er erfitt fyrir okkur að skilja að nú fæðast mjög háþróaðar lífverur.

Þegar kalí-yuga sleppir takinu

hreinsar umhverfið sig af ósvinnunni, smátt og smátt,

og börn með háþróað taugakerfi fæðast, æ fleiri, sækja í að fæðast nú, og þau þekkja sannleikann og eru mjög fljót að skilja hann.

Þau hafa háþróað taugakerfi

komin langt á þróunarbrautinni sinni.

Við verðum að skilja þau, þótt þau séu „aðeins börn“ í okkar huga.

Þau hafa ótal líf að baki (einsog við raunar öll) og nú er tækifæri fyrir þau að ná fullkomnun, þeas. uppljómast.

einherjar í Valhöllu

Því fleiri uppljómaðir menn sem lífa,
þeim mun auðveldara er fyrir aðra menn að þróast hratt,
og heimurinn þróast hratt þegar skriðan fer af stað.

Við sem höfum nú þegar hugsað okkur sem fædd,
vinnum að því að vígja okkur altær, notum samsviðstækni sem virkar.

Ath: fæðast er fæða sig, fæða+sk, fæðast.
Við stjórnnum þessu.
Við búum okkur til (ahamkar)
fæðum okkur (fæðumsk /-sik)

Við megum semsagt ekki aðeins horfa á þróun í þátið:
.....höfum þróast í....,
verðum að skilja þróun í nútíð líka,
og í framtíð ekki síður.

Við segjum að þessir háþróuðu krakkar séu „örðuvísi“.
Kannski örðuvísi en fólk er flest? -- Og ekki í neikvæðri merkingu.

Við verðum að hafa þekkinguna miklu handa þeim í öllum skólum
heims:
vitundarþroskamenntun

CBE (Consciousness-Based Education).
Fornu, skræða 37, vitundarþroskamenntun

Þau vita betur en kennararnir um hvað verið er að fjalla.

Barnanna er himnaríki, sagði Jesú.

Vegna þess að þessi háþróuðu börn, sem eru að fæðast núna, hafa mjög þróað taugakerfi, skilja þau strax þekkinguna miklu.

Þau eru á þeirri háu hillu / **skjálfi** (e: shelf)

Hliðskjálfi
Skírnismál

Vitundarstig þeirra er hærra en flestra núlifandi.
Nú er tækifæri fyrir háþróaðar sálir að fæðast.

vegna vitundarstigs og vals um að fæðast: vísast í „Óðsmál in fornu“
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>
33. skræðu, Urði Verðandi Skuldu
30. skræðu um vitundarstigin 7

Heimsvitundin fer hækkandi,
því æ fleiri læra að **sóast** í **ginnungagap**
og stunda þá iðju daglega

Iðunn, epli Iðunnar

Við þurfum aðeins að hafa þekkinguna miklu til reiðu handa öllum börnum,
altæra og flekklausa þekkinguna,
mörþúsund ára gamla og síunga.

Hún er grunnurinn að forna sið og á því hér vel heima.
Ekki aðflutt og uppþrengd, heldur erum við á heimavelli.

Okkar er sú ábyrgð að þessi börn, og öll börn, hafi aðgang að þekkingunni.

Þau gátu ekki fæðzt meðan heimsvitundin var lág
og menn voru mjög á grófum stigum.
Nú er kalí-yúga (myrkar aldir) að sleppa takinu og satt-yúga að hasla
sér völl.

(ferli, yúgur, **Gróttasöngur**)

TM:

Kennarar sem kenna samsviðstæknina eru ekki endilega uppljómaðir,
en þeir læra að bera áfram tæknina tæra og hárrétta, kenna rétt,
einsog þeim er kennt af maharishi.

Treyst til að halda þekkingunni tærri og dúllulausri.

Börnin sem háþróuð eru, munu skilja betur en kennararnir!

Þau skilja strax,

og fara á hraðbraut í átt að **Valhöllu**,

ná því á þessari ævi sinni,

og við það hækkar heimsvitundin enn meira,

og þróun allra verður auðveldari og hraðari.

Náttúran gleðs við hvern og einn manninn sem uppljómast.

Maharishi var spurður um hvers vegna hann væri með alls konar
verkefni í gangi,

svo sem

maharishi sthapatya-ved byggingarlist,

heilsukerfi maharishi ayurveda,

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm> 39. skræðu

landbúnað sem byggir á hljóðum,

fornu 35.

stór verkefni í menntun,

fornu 37.

og fleira þannig byggt á hinni tæru þekkingu,
en virðist alveraldlegt

og hann svaraði:

„við erum að grafa skurði í eyðimörkina, til þess að vera viðbúin þegar flóðin koma“.

Þar átti hann við þessar uppljómuðu mannverur sem eru að fæðast núna,
og hvernig hraði þróunar eykst og margfaldast þegar fleiri og fleiri
uppljómast,
þegar æ fleiri menn gangandi á jörðu eru **einherjar í Valhöllu**.

fornu 15

Þessum börnum með háþróað taugakerfi, fingerðan þjálán **Sleipni**,
er eðlilegt að sækja í **Glaðheima** vitundar.

fornu 14

Þar eiga þau heima.

Þau eru að verða **einherjar**, sem starfa á þessu æviskeiði sem menn í
veröld.

Með iðkun samsviðstækninnar, TM, **að hnýsa niður** fyrir sköpun
(hugsanir),
lærst okkur að kynnast dýpri lögum vitundar.

Innan okkar sjálfra, hvers og eins, finnst dýptin.

Við verðum þessi djúpu svið vitundar, smátt og smátt, æ meir,
sjálfkrafa, með reglulegri iðkun
-- og einnig með því að vinna og nota heilann í bland.

Kroppurinn sem verið er að víga til snurðulauss flæðis,
er einmitt tækið til að vígja sig tæran.

Okkur skilst að við erum vitund.
Vitund aðeins.

Iðunn og eplín hennar

Þessari iðkun lýsir maharishi þannig
að maður komi inní helli

Hnitbjörg

og til að byrja með sjái maður ekki vel.
Við þurfum að venjast kyrrðinni hér, eiginleikanum kyrrð,
einkennum hellisins,
mýkt, og hve allt er fingert hér.

Meðtaka eiginleika þessa umhverfis sem í fyrstu virðist framandi,
en smátt og smátt kemur í ljós að er okkar eigin vitund.

Og að ekkert annað er,
því heimurinn er hugsanir sem virka einsog þær séu í alvöru.
Einsog okkur finnst draumurinn vera í alvöru meðan okkur dreymir.

Í hellinum gefum við okkur tíma til að skynja og
gefum okkur tækifæri til að meðtaka fingerðari og fingerðari eiginleika.

Kvasir Són Boðn ást **Gunnlaðar**

Við verðum æ meir þessi kraftmikla vitund
sem er hið eina sem er.
Er óendanlegir möguleikar, tær þekking, óendanlegt afl.

Svo einn góðan veðurdag erum við orðin að **einherjum!**

Gerist hratt hjá sumum,
mjög fljótlegt fyrir börnin sem eru að fæðast inní sat-yúgu til að þróast
á hraðbrautu.
Sat-yúga er þeirra tækifæri.
Þeirra taugakerfi, mjög þróað, leyfir þetta.

Sleipnir, farartækið sleipa þjála
fornu skærða 15
og gandreio 23. skræðu

Tekst einnig sem hraðbraut hvers sem er.
Því hver og einn getur tamið sinn **Sleipni**
og þróað hann í hið fingerðasta farartæki í **Ásgarð**.

En umfram allt verða allir krakkar að hafa aðgang að þekkingunni
miklu,
læra TM (Transcendental Meditation tæknina), einföldu, fljótlegu,
hraðferð í **Valhöll**
að **nýsa niður** í vitund,
vera án Gunnanna þriggja, **þursamaga III**,
eiginleika náttúrunnar ámáttkrar
og **nema upp fimbulrúnir**.

Þau skilja strax,
uppljómast hratt,
og það verður öllum mönnum til góðs,
gerist æ hraðar eftir því sem á líður, einsog fyrr sagði.

Við munum finna að vitund er óendanleikinn,
er eilífðin,
þekkir engin takmörk,
Glaðheimar,
ginnungagap,
vitund,
við erum hún.

*-Er ekki gott, ef ekki nauðsyn, að aga sig mjög til að ná þessu?
Banna sér allt mögulegt?
Stunda meinlætifnað?*

-Æ, slíkt er alvitlaust og algjör tímasóun,

gerir ekkert gagn og getur verið skaðlegt fyrir líkama og tilfinningar.

Maður þarf ekkert að breyta lífsstíl með látum, því tærleikinn leiðir mann í heilbrigðari hugsanir, heilbrigðara líf. En:

Auðvitað, ef menn mata mjög græðgi skilningarvitanna,
 -- mata mjög þarfir allar --
 verða þau enn virkari,
 hugurinn enn sólnari, gráðugri,
 enginn áhugi á þróun vitundar.

Svo í öfgar í hina áttina:
 ef menn banna sér allar langanir,
 pressa niður þarfir,
 lifa meinlæti, stunda meinlætaliðnað,
 eru þeir aðeins að bæla niður langanir og misþyrma kroppnum sínum,
 en langanir eru ekki horfnar með þessu,

heldur krauma undirniðri, í sverti, ólmast og stríða,
 og það þarf stöðugt að gæta þess að þær komi ekki upp.

Meinlætaliðnaður er ekki leiðin til uppljómunar
 þótt „allt í hófi“ sé gullin regla.

Snjallara er að koma með miklu miklu meiri gleði en þá
 sem skilningarvitin geta fært huganum. Hugur sækir í gleði.

Glaðheimar eru
 okkar eiginlega heima
 sem auðvelt er að dvelja í.
 Þangað sækir hugur sjálfkrafa þegar við gefum honum TM!

Ef við eigum vól á ávöxtum sem eru á síðasta söluþegi að byrja að skemmast,
og svo á ódáinsfæðu sem aldrei þrýtur, **eplum Iðunnar** sem gera okkur sí-ung

(ambrosía, amrit (a-mrit ekki-dauði)),

er valið ekki svo erfitt.

Einkum þegar ódáinsfæðunni fylgir sá kostur
að **einherjar** hafa allt sem þeir þarfnast -- áreynzlulaust!

Berjast af hreysti í þágu **Pundar** (dharma)
hafa engan einkamálstað, ekkert persónulegt framapot né eigingirni,
aðeins styðja framþróun,

Óðsmál in fornu

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

11. skræða, **Rígur**

og þurfa ekki einu sinni að kvíða dauða sínum, því dauði búksins er
ekki raunverulegur dauði,
ekkert deyr, ekkert fæðist,
aðeins eilífðin er.

Allt er vitund, **ginnungagap**.

Kroppurinn okkar dýrmæti er hvort eð er aðeins hverfular hugsanir
okkar.

Sá sem vinnur útrá vitund
fær allt sem þarf
og þarf ekki að berjast við eigin langanir
því hann lifir vitund eingöngu
og meira þarf ekki.
Skilurðu?

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

4. skræða: **Þjóðvitnir Ullur**

vítahringur, bál þekkingar, grilluð fræ

Það sem skilningarvitin (nú fingerð) færa huganum (sem nú sér) verður aðeins til gleði, allt verður fallegra og fyllra, aðeins fegurð í hverfulleika sínum:
Hugsanir,
manns eigin hugsanir.

Gæði hugans endurspeglast í hugsunum hans og sköpun.
Gæði hugsana og gjörða er í samræmi við vitundarstig manns.

Hugurinn er nú yndislegur, ekki lengur húsbóndi á heimilinu.

Skilningarvitin færa huganum aðeins fegurð og yndisleika, því hann túlkar allt sem fegurð og yndisleika.

-Ef maður ætlar að spóla til baka oní upprunann, þyrfti maður að vita hvernig þetta byrjaði allt saman, ekki satt?

-Nú verður svarið við þessu nokkuð langt flæði um það sem í raun ekki er.
En endilega komið með spurningar um leið og ykkur dettur eitthvað í hug.

Vitið þið hvernig ykkur datt í hug að verða einstaklingar?

Sálin, einstaklingssálin, fékk þá flugu í höfuðið að hún væri eins konar frumeindagerð, í eðli sínu frumeindir. Svo hún varð frumeindagerð.
En þetta var bara hugmynd sem hún fékk, svo það er ekki flugufótur fyrir að þetta sé raunverulegt.

Ef dropa finnst hann vera allt hafið, teljum við kannski hann líta á málin aðeins útúr samhengi.
En í raun er hann hafið, því hvað er hafið annað en ótal dropar í eind.

Rétt einsog mann dreymir kannski að maður sé dauður, og/eða sé kannski í öðrum búki, þannig er þessi hugmynd um að vera búinn til úr frumeindum
bara draumur eða hugsun, hugdetta.

Einstaklingssál er raunar aðeins **ginnungagap**, alheimsvitund, en fer bara sí sona að finnast hún vera efnisheimsfyrirbæri, frumeindafyrirbæri með einstaklingsvitund og sinn dýrkaða huga.

Hún frystir sig í **daggardropa**.

Verst er að hugurinn verður svo einræðisherra hennar, og auðvitað bjó hann hana til.

Einstaklingurinn gleymir hver hann er í raun og veru: **ginnungagap**.
Og hugurinn gleymir hver hann er í raun og veru: **ginnungagap**.

Mímir gleymdist, týndist.

Þessi hugarasköpun gleymdi að **ræða við Míms höfuð**.

Mímir er minni, smríti um vitund,
en eindin er áfram eind þótt hún muni.

vísast hér í Óðsmál in fornu 13. skraðu
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Við vitum að fjallið sem speglast í sléttum sæ er ekki þessi spegilmynd þótt við sjáum hana jafnvel og fjallið sjálft í þessum spegli.
Fjallið er ekki inni í speglinum, ekki á haffletinum, ekki í hafinu.

Þetta er allt aðeins hugsanir á flatskjá.

Þannig speglast í einstaklingsvitundinni alls konar hlutir og athafnir, og manni finnst þetta allt vera í gangi innan sín, maður sé að gera allt þetta, **Urður**, maður sé gjörandi ýmislegs sem uppá kemur. Nú eða þolandi **Skuldar** þegar hún endursendir.

fornu, 33. skræða

Okkur finnst við séum að upplifa og verða fyrir áreiti, verða fyrir alls konar reynzlu.

Þegar einstaklingsvitundin fær löngun til að sjá, verða til augu sem sjá. Einstaklingsvitund fer að líta á sig sem sál takmarkaða af líkama eða í líkama.

Ginnungagap er hún (þessi svokallaða sál) eftir sem áður. Þetta einstaklingssálarhugtak er aðeins nafn yfir fyrirbæri sem við búum til í kollinum okkar.

Kannski rosalegt skúffelsi fyrir sumu að heyra að þeir séu í raun hvorki sál né líkami þegar öllu er á botninn hvolft. Er ég vofa??!! Draugur??!!

En sjáandi maður, sem sér að við erum aðeins hugsanir, er hæst-ánægður með þetta.

Þessi holdgervingur okkar er okkur hinum raunverulegur.

Sá sem skilur: „ég er ekki“
og „hinir eru ekki“
og segir að ekki sé heldur rétt: „ekkert er til“,

sér að tilveran er, og það sem við köllum sköpun, er stundarfyrirbæri sem frosnir hverfulir **hrímdropar**.

Þar eð við sjáum ekki **ginnungagap** með veraldaraugum, verður það, sem við sjáum með augunum, okkar raunvera.

„ég sé þetta með eigin augum“, og hví skyldi **ginnungagap** vera til fyrst ég „sé það ekki“?

Við byrjum að binda okkur við (/tengja okkur við) eitt og annað.

En við sjáum ekki að þessi hugsun um að við séum veraldargerð er ekki annað en alheimsvitund.

Hver hugsun er **ginnungagap** eingöngu því ekkert er annað en það.

Þekkingin mikla og möguleikar alls -- sem er til staðar í vitund -- gerir þetta flæði allt saman mögulegt.

En vitundin skapar ekki, skiptir sér ekki vitund af þessu.

Hugsun er líklega hreyfing orku,

Gungnir

Óðsmál in fornu 14. og 35. skráður
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>
 bók, efnisyfirlit inna fornu ISBN 978-9935-409-40-9

hugsun er líklega lífskraftur,
 og hugsunin á það til að gleyma að hún er aðeins **ginnungagap**.

Hún týnir sér í sjálfri sér.
 Verður svo upptekin af sjálfri sér.

Þetta kemur oft fyrir menn.

Eins konar Narkissosargeðflækja, hugurinn fær svona „heilkenni“.

Hugmyndin okkar um allt

er aðeins hugsun, spegilmynd, eða einsog draumar.

Svo fer þessi okkar einstaklingsvitund að lifa sig inní gervi-veröldina sína, hún gerist gervir (/skapari) hugsana sinna og sýndarraunveru sinnar.

Þetta, sem raunar er ekki annað en gerviveröld hugsana, verður mjög raunveruleg í okkar huga.

Við teljum að við séum mjög svo merkilegur afmarkaður einstaklingur, erum - lifum - hrærumst í þessum hugarheimi okkar.

Ginnungagap (--ekkert annað er í raun--) verður þessu rugli okkar og tvískinnungi að bráð í okkar huga.

Okkur finnst við vera að gera, verða fyrir, njóta, reyna ýmislegt.

Óuppljómuð erum við svona.

Ekki-uppljómun telst óeðlilegt ástand manns,

því hið eðlilega er uppljómun.

Syn, vígja sig tæran

Altær er maðurinn hið eina eðlilega

(ef hann á að geta borið nafnið „maður“).

Það er ekki eðlilegt að sjá ekki í gegnum maayaa, ímyndaða ósvinnuna, sem byrgir sýn á raunveruna.

tröll

í 32. skræðu Óðsmála fornu

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Hver einasta einstaklingsvitund, eða sál, öðlast þannig þann sess sem hún kýs sér af eigin rammleik.

Guðin eru þessarar sköpunar okkar.

Þau eru **forsetar** náttúrulögmálanna okkar, vaka yfir okkur í þeim skilningi að vitund og lífskraftur, eða orkan sem í lífveru er, mótast og breytist, og ef við þráum í raun að komast í **Valhöll** (/uppljómast) þá gerum við það.

Einsog við bjuggum þessa flatsjárspiegelmynd til með hugsunum, getum við léttilega hætt þessum hugsunum og spegilmyndin hverfur. Eftir er **ginnungagap** eitt, það sem alltaf var, alltaf er, alltaf verður, og við erum.

Hin mikla regla og kraftur sem í **ginnungagapi** býr

vísast hér í Óðsmál in fornu
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>
 2. skræðu **Rán**

er og í öllum lífverum.

Þær eru **ginnungagap**. En vegna **Gungnis** búum við þær til í okkar huga.

Ekkert getur verið annað en það sem þekkingin í eindinni miklu leyfir, en sem betur fer er hún óendanlegir möguleikar -- sem við höfum aðgang að!!

Ginnungagap er ekki í okkur heldur erum „við“, og allt þetta „hitt“ í því.

Orka á hreyfingu.

Iðavellir, 5. skræða í Óðsmálum inum fornu

Ginnungagap þarf ekki einu sinni að eiga sér nafn, -- því nöfn aðgreina.

Það er þetta margumrædda „tóm“.

Það sem **Heimdallur** heyrir er **Gungnir**,
nafnlaust og án lögunar á hreyfingu.
Gárur á vitund.

Heimdallur er einnig til aðeins vegna þess að við hugsum hann.

Ginnungagap er möguleikar alls,
í því er öll þekking,
ekki er til hugtakið „utan þess“
því það hefur hvorki upphaf né endi.
Er hin óendanlega víðátta án endimarka auðvitað, takmarkalaust,
án tíma og rúms.

En í alheimsvitundinni er óendanleiki hennar sjálfrar ekki endilega
meðvitaður,
þannig
að hugsun ein getur orðið að sköpun einhvers sem hefur takmörk.
Svo sem þessi „ég“ og „þessi heimur hér“.

Hrímdropar.

Ginnungagap er kyrrð og kraftur,
innan þess er hreyfing, flæði.

Iðavellir.

Hið takmarkalausa er **ginnungagap**, eilífðin.
Það getur hverfst innan sjálf sín.
Hugsun getur virkað einsog að hafa frosið í einn punkt
- virðist hafa orðið eitthvað sem svo er hverfult
og hefur takmörk bæði í tíma og rúmi.
Gefur svo „auga leið“ inn í næstu vídd, og svo koll af kolli.

Svona hugsun, eða forvitni, verður til þess að „ég“ upplifi þessa tilfinningu um „mig“ sem einstakling og um „þennan heim“ sem allskonar útfærslur af sköpunum.
Óðinn Vili Vei, Vei Vili Óðinn.

Ginnungagap tekur ekki þátt í neinni svona sköpun.

Rétt einsog vindurinn er ekki neitt annað en hreyfing lofts, þannig er iðandi **ginnungagap** ekki annað en **ginnungagap**.

Verst er að við ruglum saman vitund og kroppnum okkar.
Einherji lifir ekki í svona búi lengur (/sem fangi í eigin kroppi), en við hin erum í vondum málum enn, því stöðugt styrkjum við heimsímyndina sem sköpun með því að trúá því sem skilningarvitin (sem við búum til) bera heilanum -- heilanum sem við búum til.

-Nú er sagt að vitund geri ekkert, standi ekki fyrir athöfnum, og einnig að hugurinn sé í raun ekki til, aðeins hjarmaband frá vitund. Hver gerir þá eitthvað? Það er sagt að engin bitastæð ástæða sé fyrir öllu þessu heimsbrölti, það sé engin raunveruleg einstaklingsvitund (/ -sál) nema sem hverfull hugarburður.

Þegar við uppljómunumst, vöknum við þá upp af draumi?

-Já, vel orðað, vöknum, og nú er draumurinn fallegur,

við erum ekki í honum lengur,
hann er einsog saga sem við lesum,

allt er leikur, brahmalila,

við höldum áfram að leika í sögunni
en náttúran er framkvæmdavaldið,
og við erum laus við Gunnana hennar þrjá,
þeir bara dansa á eigin vegum.
Ekki við okkur.

Óðsmál in fornu

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>
um **þrjá þursamegi**, eiginleika náttúrunnar, 5. og 36. skræður

Þegar lífskrafturinn flæðir óhindraður,
þegar rásir eru ekki stíflaðar af óheppilegri fæðu og hugsunum, ama,
Syn í 6. skræðu
vöknum við upp af draumnum.
Og það er engin eftirsjá í honum.
Frekar feginleiki,
og ósk til handa öllum að ná æðsta vitundarstigi.

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>
30. skræðu um vitundarstigin: **Huginn Muninn**

Hin ímyndaða skipting eindar í hluta
veldur tilfinningu um rúmið (fyrstu höfuðskepnuna),
en aðeins óendanlegur kraftur **ginnungagaps** er hér að verki
og það er ætíð eind. Aldrei annað.
Ætíð kyrrð á hreyfingu innan sjálfs sín. Orkuhlaðin kyrrð.
Það tekur ekki þátt í sköpun, skapar ekki.
Kannski skúffelsi fyrir suma að skaparinn margumræddi er ekki til
nema sem hugsun einhvers.

Okkur sýnist einhver gervir skapa (ahamkar buddh mano og höfuð-
skepurnar 5),
okkur sýnist það verða að okkar einstaklingssköpun,
finnst sköpun tvístrast í áttfalda sýndar-skiptingu náttúrunnar,
en sú sýn er ekkert annað en **ginnungagap** sem er á hreyfingu innan
sjálfs sín, óskipt eind,
eindin mikla.

Rúmið myndar hugmyndina um loft,
því rúmi hlýtur eitthvað að vera;
loft virðist verða eldur
því við núning og hreyfingu, sem loft jú leyfir, hlýtur að koma hiti;
eldur virðist bræða og skapa flæði
sem við köllum vökva, vatn,
vatn virðist geta storknað, virðist breytast í fast efni
sem við köllum jörð.

Engin mannleg augu sjá vitund, því augun eru gerð fyrir efnisagnir og
dótari,
frosna hugsanadropa.

En sá maður sem sér að efni er aðeins **Gungnir**,
aðeins gárur og titringur í obbólitlu magni -- miðað við stærð
vitundar,
er farinn að verða eðlilegur.

Óeðlilegt er að sjá þetta ekki.

Gungnir, okkar eigið vopn, okkar eigin **geir**, veldur því að við sjáum
ekki að hann er aðeins örlítið flökt vitundar. Við látum glepjust af
okkar eigin vopni.
Pínulitlar gárur! Zitterbewegung, 10 í mínus 44. sek.

(10 í mínus 44. veldi sek. - rosahraði, of mikill til að nema hvert og eitt flöktið;
það rennur saman, einsog við sæjum mann í svart-hvít röndóttri peysu í fjarlægð, og þá sæjum við gráa peysu, næmum ekki svarta og hvíta).

Okkur virðist sem þetta flökt, iðandi, **Gungnir**, sé einstaklingsvitund, mannssál.

Sköpun, sem svo er nefnd, er ekki annað er hugarsköpun, sem er ekki annað en gárur og flökt í vitund:

Gungnir

titringur í vitund,
ekkert annað.

En þetta veldur einstaklingstilfinningu.
Við sjáum okkur sem einstaklinga.

Einstaklingstilfinningin, eða djiiva, sálin, er ekkert annað en takmörkuð vitund. Frosinn vitundardropi. Íbúi í kroppi úr **Gungni**.

Gungnir verður allt í okkar huga: einstaklingurinn, karma,

vísast hér í Óðsmál in fornu
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>
33. skræðu um **Urði Verðandi Skuldu**

guðin

askurinn

og þetta „allt hitt“.

Eindin hefur aldrei orðið margt.
Sá sem er sjáandi á þetta, hefur náð í **Valhöll**.

Heimurinn er í huganum.
Eindin varð aldrei margt. En hún hefur sína óendanlegu möguleika.

Sem svo finnast í náttúrunni sem 8falt,
finnst af okkur, hugsandi mönnum.

Því allt er skapað í eindarinnar mynd. Allir mögur leikar eru í henni.

Einstaklingsvitund er aðeins alheimsvitund -- sem í huganum áskilur
sér takmörk.

Hún frýs í **dropa**.

Að þessum takmörkum slepptum,
og að sjá að ekkert er nema **ginnungagap**,
er tilfinning um óendanlega friðsæld.

Glaðheimar, hamingja

Óðsmál in fornu“

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

17. skræða, **Sólarsæla** aananda **hamingja**

Þá er tvískinnungurinn horfinn,
því hann er aðeins í þessari ímynduðu veröld okkar,

Glaðheimar eiga sér ekki andstæðu í sorg,
viðátta vitundar á sé ekki nein þrenglsi sem andstæðu.

Þegar þessu er náð, er maðurinn loks orðinn eðlilegur,
getur borið nafnið „maður“.

Hér er forn saga handa börnum fyrir svefninn.

Vasistha

úr „The Concise Yoga Vasishta“ eftir Svami Venkatesananda.

Sagan er til þess að börnin verði vitrir menn.

Sagan segir okkur hvernig veröldin er:

Einu sinni, í borg sem ekki var til, voru þrír prinsar, hugaðir og
hamingjusamir.

Tveir þeirra voru ófæddir, sá þriðji hafði ekki verið getinn í móðurkviði.

Fjölskylda þeirra dó, því miður.

Prinsarnir yfirgáfu borgina í leit að öðru.
 Sólarhitinn var ógurlegur, þeir féllu í öngvit.
 Brennheitur sandurinn brenndi fætur þeirra og grasstrá stungu þá.
 Þeir komust í skugga þriggja trjáa, tvö þeirra voru ekki til, og hinu þriðja hafði ekki verið plantað.
 Þeir héldu svo áfram ferðinni eftir að hafa hvílst þarna og etið ávexti þessara trjáa.
 Þeir komu að þrem ám, hverra tvær voru þurrar og hin þriðja vatnslaus.
 Prinsarnir fengu sér endurnærandi bað og svöluðu þorsta sínum í ánum.
 Þeir komu að stórri borg sem var verið að byrja að reisa.
 Þegar inn kom sáu þeir þrjár hallir, geysilega fagrar.
 Tvær þessara halla höfðu alls ekki verið reistar, sú þriðja var án nokkurra veggja.
 Þeir fóru inn í hallirnar, fundu þar þrjá gulldiska; tveir þeirra voru brotnir í tvennt, sá þriðji hafði verið mulinn mjölinu smærra.
 Þeir tóku þann diskinn sem var í mylsnu.
 Þeir suðu 99 mínus 100 grömm af grjónum.
 Buðu þrem helgum mönnum í matinn; tveir mannanna voru líkamalausir, sá þriðji hafði engan munn.
 Er mennirnir þrír höfðu mettast, borðuðu prinsarnir þrír það sem eftir var. Þetta var allt mjög ánægjulegt.
 Prinsarnir lifðu vel og lengi þarna, í friði og mikilli gleði.

Þessi saga er um okkur í skapaðri veröld.
 Það er svona sem hún versla okkar litla er.
 Hugmyndir.
 Ef við sjáum sannleikann í þessari sögu, erum við í góðum málum.

Syn getur sagt okkur

að það sem hún síar brott er óhreinindi (**tröll**) þau í okkur

(/í okkar huga, í okkar kroppi, í okkar taugakerfi, í myndun ein)

sem valda því að við sjáum ekki að ekkert af því sem við sjáum er skapað -- nema í okkar huga.

vísast í Óðsmál in fornu 6. skræðu um **Synju**
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

-Er sem sagt alls ekki gott að stunda meinlætalifnað til að losna við grugginn sem blindar?

-Meinlætalifnaður er vita gagnlaus til að hafa áhrif á góðan ásetning um tærleika.
 Kroppnum þarf að líða vel, við þurfum að dekra við hann.

En það er ekki mikill skilningur manna á lágu vitundarstigi í hverju slíkt dekur er folgið.
 Náttúrulegar langanir og tilhneygingar eru alltaf vitundarstigsins afkvæmi. Við sjáum ekki æðri vitundarstig en það sem við lifum.

Óðsmál in fornu í 11. skræðu, **Rig**
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Langanir hins óuppljómaða manns leiða æ til smágleði
 -- og sorgar þegar hverful smágleðin stingur af.
 Ekki gengur allt upp þegar við lifum fyrir væntingarnar.

Við höfum ákveðið að við séum takmörkuð í tíma og rúmi,
 höfum ákveðið að við höfum einstaklingssál, eða séum einstaklingssál.
 En það er aðeins, að
 hugurinn lítur á hið óendanlega, **ginnungagap**,
 sem takmarkað og afmarkað í einstaklingi.
 Við búum svona einkafangelsi og takmarkanir til í huganum.

Hinn ósvinni hugsar:

Ég er eitt,

Glaðheimar er annað,

Óðinn í Glaðheimum er ekki ég.

Auðvitað er ekki hægt að segja að ég sé hvorki fugl né fiskur, því ég hef vængi og sporð, get flogið í himinvídd og búið í **Ægi**.

Þegar maður byrjar að spyrja

hver er ég og þessi sál

er spurningin fyrsta skrefið í þá átt

að þokunni fari að léttu.

Tröllin, sem við höfum hugsað, hrynja, molast í mjöll sem bráðnar.

Þau þola ekki (gyðjuna) **Sól**, segja þjóðsögurnar, ekki birtuna miklu.

vísast hér í Óðsmál in fornu að **berja tröll með Mjöllni**

„Óðsmál in fornu“ eru fyrir þá sem enn eru í ósvinnu, ekki sjáandi,

(--sem er þeirra óeðlilega ásigkomulag--),

en fýsir að verða tærari og skilningsríkari.

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

1. skræða um **Þór**, 32. um **tröll**, 17. um **Sól**, 18. um **Frigg/Ságu**

Uppljómun er hið eina eðlilega, til þess að geta borið nafnið maður.

Þá, þegar við uppljómunumst, sjáum við að allt er **ginnungagap**.

Ekkert annað er.

Aðeins þannig menn skilja „Óðsmál in gullnu“, „Vallhallar-Óðsmál“.

En það má alltaf reyna.

Kannski er stutt í **Valhöll**.

Það er uppljómandi í sjálfu sér að lesa „Valhallar Óðsmál in gullnu“.

Eitthvert flæði skilnings fer af stað við þennan lestur allan.

Opnar augu okkar fyrir því sem þau ekki sjá.

Alltaf eru veiðimenn á sálnaveiðum

reiðubúnir að svara þessari spurningu manna um:
hver er þessi ég og þessi sál og þessi margumræddi herra þarna uppi,

svo margar mannsævir getur tekið að hitta á rétta manninn með rétta svarið.

Einkum á myrkum öldum þegar tæknin til að **hnýsast niður** er ekki þekkt.

En nú er sú tækni, TM hin auðvelda, á boðstólnum fyrir alla menn.

Það eru fáir sem fatta að við verðum að **sóa** okkar heittelskaða „ek“-hugtaki,
einstaklingsvitund,
frosinni í hugarheimi í sjálfumglaðan „mik“-einstakling.

Hugur fer létt með að **sóast**,
fer létt með að leysast upp í alheimsvitund.

Raunar er þetta eðli og náttúra hugans. Hann skreppur heim.
Undirniðri vitum við öll þetta.

Hugsanir hugans eru eina fyrirstaðan,

og þótt við bönnum skilningarvitunum að mata hugann á nammi,
er ekki hægt að banna heilanum að starfa,
ekki hægt að banna hugsanir með valdi -- veldur aðeins streituálagi!!

En

auðvelt er að læra hina æðstu tækni

(--læra handhæga eðlilega náttúrulega auðvelda TM-tæknina--)

til að halda huganum **hangandi á vingameiði**

þar sem hann er svo ánægður og rór og tær

að hugsun verður æ fingerðari og hverfur að lokum
svo að hugur fær tækifæri til, af eigin náttúru sinni, að **nýsa niður**.

Þar er engin þoka,
engin **tröll**,
engin mannleg hugsun,
ekkert vesen.
Aðeins **ginnungagap**.

Sætir ekki furðu
að hugurinn skuli geta hulið **ginnungagap** fyrir sjálfum sér
hulið tæra eilífa óendanlega vitund svo við munum ekki eftir að við
erum hún, **Mímir** týndur,
og fengið mann til að tengja sjálfan sig við líkamann?

4. skræða fornu, pardjanaparadha, mistökin okkar

Hugurinn er svo óhugsandi óhöndlanlegur,
rétt einsog rokið í höfuðskepnunni lofti.

Hugurinn er mjög frekur. En við sjáum að hann stjórnar sjálfum sér:
Hann þarf t.d. ekki að virða skilningarvitin

-- nema þegar honum býður svo við að horfa:

Ef hann er „annars hugar“ tekur hann ekki eftir því sem er beint fyrir
framan nefið á manni, heyrir ekki, finnur ekki bragð né lykt né
snertingu.

-Hvers vegna er það?

-Skilningarvitin eru hugarfóstur hugans.
Svo er einnig með höfuðskepnur og annað sem hugurinn skapar.

Menn eru að tala um að líkaminn og hugurinn sé tvennt, sál-vefrænt í hæsta lagi sem eitthvað eitt. samtvinnað úr tvennu.

En þegar við uppljómunumst, komum í **Valhöll**, rennur upp fyrir okkur að aðeins **ginnungagap** er, hugur er bara sprell, tryllekunstner, býr til sjónhverfingar.

Hugurinn fær reynzlu af því sem hann býr til, og sjálfur hann er ekkert nema hugsanir.

Hver hugsun er aðeins **Gungnir** í **ginnungagapi**, og rétt einsog aldan er hafið, er **Gungnir ginnungagap**.

Alla **dætur Ránar** eru **Ægir**

Óðsmál in fornu, 2. skræða, **Ægir Rán**
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Til þess að ná **Valhöllu**

þarf jafnvel að losa sig við hugsanir svo sem **örlögin** og **guðin**, og hver maður þarf að gera hugann að hugsunarleysi.

„Þekktu sjálfan þig“ var eitt sinn heimspeki, en nú hefur heimspekin svikið okkur með efnisheimshugsun og firringu.

„**Sjálfur leið þú sjálfan þig**“ skilst ekki vel.

Við eigum að beina athygli okkar í þá átt að losna við **Þursamegi III**, sjá að við getum verið án þeirra

fornu 5. skræða, **unz kómu**

Hugurinn getur léttilega sveiflast milli raunverunnar (/ **ginnungagaps**) og þess sem sýnist vera (/skapaðs), þ.e. milli vitundar og ímyndunar.

Þegar við dveljum vel og lengi í kyrrðinni, **ginnungagapi**, **Hnitbjörgum**, verðum við hún (kyrrðin) æ meiri. Við **nemum upp fimbulrúnir**.

Hugur sem spyr,
hugur sem sækir í þekkinguna miklu,
losnar brátt við hömlur sköpunar sem hann hefur gert sér úr
hugsunum.

Hann verður æ fingerðari hugsun og verður vitund ein saman,
tær vitund, án hugsana.
Þannig hefur maður **fórnað** „sér“, **sóazt** (sóað+sk, **sóað** sér)
hangir á meiði
nýsir niður.

Hávamál

-Hvernig er þetta þá með það sem við köllum tilveru?

-Ósvinnir menn tala um alheiminn sem eitthvað sem sé til.
Þeir menn segja gjarnan að alheimurinn lifi sem fræ eftir **ragnarök**.
Þetta stenztt ekki þegar maður veit að alheimurinn er ekki raunveru-
legur
er aðeins hugsun.

Fræ plantna inniheldur upplýsingar.
Við sjáum þær ekki með því að opna fræið.
En plöntur eru efnisgerðar hugsanir,
og samlíking um fræið og tréð er oft notuð.
Fræið og tréð hafa lögun.

Þetta á ekki við um **ginnungagap**.

Þar er ekkert fræ.

Þegar **ginnungagap** lokar augunum, er engin hugsun,
aðeins **ragnarök**,

og ekkert fræ minnis er.

Þegar **ginnungagap** opnar augun
hugsum við aðra alheima.

Þessir okkar heimar eru **ginnungagap**

einsog **Ægir** er,

en **Ránar dætur** hugsanir á yfirborði

-- nú eða hugsanir í djúpinu, ekki orðnar.

Alheimsvitund er alls ekki sköpuð

og aldrei er hún ekki til.

Alheimar eru ímyndaðir í henni

einsog við getum ímyndað okkur að öldur eru í **Ægi**.

Þegar vitund hverfist innan sjálfrar sín

-- en hún er ætíð á hreyfingu --

verður til asnaleg tilfinning um „ek“, „ek em“.

Og þetta ýtir af stað hugmyndum um hliðarspor, fjölbreytileika,

að eitthvað sé annað en eindin.

Það er einsog eindin leyfi þetta og hafi bara gaman af.

Meira að segja kallað „leikur (lila) brahman“.

Og hún leyfir forvitni **Óðins**, leit (**Vili**), og að hann finnur sig fyrir, **Véa**.

Þessi glæsta sýning kemur og fer. Hverful. Óhöndlanleg.

Þar eð veröldin getur ekki verið annað en **ginnungagap**,

er upphaf hugsanaveraldar, dvöl veraldar og tilvera, og endir aðeins það (**gapið**). Hið eina sem er.

-En hvað með allt sem við gerum?

-Gunnarnir (**þursamegir III**) stjórna öllu hér í veröld, svo í raun er það ekki líkaminn sem er að standa fyrir neinu brólti. Hugurinn er gjörandinn aðeins að því leyti að hann er ábyrgur fyrir Gunnunum og kroppnum okkar. Hugurinn er ábyrgur fyrir þessari sýndarveröld okkar. Hún varð til í huganum, og aðeins þar er hún.

Öll umræða um það sem er margskipt, svo sem **þursamegir III**

(Gunnarnir, þrír eiginleikar náttúrunnar **ámáttku**) er til útskýringar á hugsanasköpuninni.

Þetta er óþarft uppljómuðum **einherjunum í Valhöllu**.

Notað aðeins handa þeim sem ekki sjá að **ginnungagap** er hið eina sem er.

Til að byrja með þurfum við að losna við hugann / Gunnana um stund.

Þegar hugurinn kyrrist oní núll, verður allt kyrrt

aðeins tær vitund ein er.

Sést á heilalínuriti (EEG) við iðkun TM-tækninnar.

Auðvelt er að kenna hinum ósvinna manni tækni til að **sóast**.

En hann verður sjálfur að biðja um það þegar hann er tilbúinn.

Eina sem við gerum er að hafa tæknina aðgengilega öllum á öllum tímum.

Vaðið ekki á menn úti í bæ með orðunum: „þú ert **ginnungagap** og ekkert annað“.

„Hættu að hugsa, og heimurinn hættir að vera til“.

Ekki reyna!!

Svona lagað er ekki byrjunin á fræðslu, heldur framhald fræðslu. Fyrst þarf sá sem langar að finna sína tæru vitund -- með samsviðstækninni.

Sá, sem aðeins hugsar á veraldarnótunum, telur **guðin** vera raunveruleg, hann telur heiminn vera raunverulegan, hann sér vandamálin sín, tekur **örlögum** sínum, enginn segir honum að hann sé ábyrgur alls þessa privat og persónulega.

Sá sem heldur því fram að **guðin** séu ekki til, er ekki endilega uppljómaður, heldur er hann að mótmæla dýrðkun á svona hugarsköpun sem orðin er að einræðisherra sumra.

Einsog hann viti nokkuð endilega að við erum **ginnungagap**, að sýndarveröldin okkar á upptök (í okkar hugsun) vegna þess **týs-**
afls, sem veldur hugsun,

hugsun, sem svo veður út um víðan völl (**Fólkvang**) og býr til efnisheim af eigin rammleik, án minnstu íhlutunar **ginnungagaps** sjálfs. Hugurinn býr til eftirlíkingu af hugsuninni og gerir þar með efnisheims-eintak hennar (hugsunarinnar).

En þegar einhver maður fer að spyrja sig um tilveruna þá er gott að hafa þessi „Valhallar Óðsmál in gullnu“.

Hætta er á að maður verði alveg kolvilltur í upphafi uppljómunar sinnar.

Fer kannski að spyrja geðlækninn og sálfræðinginn og fái ósvinnra manna álit á fáránlegum hugdettum í þessa fáránlegu átt.

Til að byrja með fer nefnilega veröldin að gliðna útfrá vitund. Hinir ósvinnu sjá veröld sem þeir lifa og hrærast í en þeir sem eru að ná **Valhöll** finna að þeir eru að horfa á þessa veröld sem er ekki þeirra raunvera heldur flugeldasýning sem þeir glápa brosandir á.

Það er ekki víst að fólkið í kringum mann geti útskýrt, það sem maður sjálfur getur eiginlega ekki útskýrt fyrir því.

Eiginlega nokkuð víst að flestir samferðamannanna geta það ekki og manns nánustu fara að hafa áhyggjur, eða bara brosa að hugarheimi barnsins: „Bara efni í upprennandi skáld og höfund að vísindaskáldsagnakvikmynd; gæti orðið ríkur á þessu.“

Jesú reyndi, og svo voru bara einhverjir Rómverjar sem græddu of fjár, þjófagóss, og mikið illafengið land á að nota, misnota, hans útskýringar, einhverjum öldum síðar. Það voru myrkar aldir.

Jesú er titill uppljómaðs manns

sem reynir að útskýra fyrir samtímamönnum sínum það sem þessi „Óðsmál in gullnu“ eru einmitt að reyna að útskýra

Öll þekking sem til er, er til staðar í **ginnungagapi**.

Annars væri hún ekki tiltæk.

Það er möguleikar alls.

Ginnungagap sér innan sín tært **gapið** sem tóm,

og við það eitt verður rúmið til.

Við köllum þetta **Óðin Vila Vía**.

vísast hér í Óðsmál in fornu

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

t.d. þríendirnar í 3. skræðu

Það er snjóboltakímni í sköpuninni,

því hún rúllar af stað niður brekkuna og hleður utaná sig.

Eða flugeldakímni, skýzt upp og dreifir skrautsýningu yfir okkur.

Oft er sagt að skaparinn hafi skapað heiminn í þeim tilgangi að veraldlegar stofnanir geti útbreitt upplýsingar um skaparann.

Þetta er líklega alveg úti Hróa.

Það er eitthvert hjartans mál þeirra, sem þetta segja, að sannfæra aðra um sig sem ómissandi.

Þeir viðhalda stofnun með orðum og gjörðum á þeirri forsendu að hún sé skaparans.

Þá langar eðlilega ekki til að fara að keyra vörubíl eða fara á sjóinn, þegar þeir geta fengið pening með svona milliliðavinnu, upplýsingaþjónustu milli manna og almættis.

Og svo eru þessir sem líta stórt á sig sem nærri-uppljómaða: (sýndarmennska, að setja upp sýningu fyrir hina að horfa á)

Ímyndið ykkur mann sem telur sig lífa hátt vitundarstig, hafa hina ævafornu þekkingu tæra,

talari og hegðar sér á vissan hátt,

verður smeðjulega yfirvegaður í hátt í návist vissra manna,

en svo dettur hann útúr rullunni úti skítkast og eiginhagsmunadekur,
 verður abbó og bregður fæti fyrir aðra.
 Hver vorkennir honum ekki í þessari sjálfsdýrðkun hans og látalátum.
 Gætið ykkar á Schauspiel-yfirborðsleik.
 Hegðun er ekki mælikvarði á vitundarstig,
 en gott er að hegða sér vel og vera tillitssamur.
 Því hver hugsun er sköpun.
 En óskhyggja getur verið fals, sem maður hengir hatt sinn á,
 og er stundum aðeins draumur sem maður vaknar úr.
 Gott að hafa háleit markmið og stefna aðeins í hið æðsta,
 en
 enginn verður konungur við það eitt að setja kórónu á kollinn.

Gætið þess að munur er á óskhyggju og löngun.
 En hugsanir skapa.
 Þær sem í **Þundar**-flæði eru, öðlast fimbulkraft.

Ekki sést á hinum uppljómaða hvaða vitundarstig hann lifir,
 svo yfirborðsfas er ekki sönn vitundarstigsmerki.

Skaði öndurdís sækir í **Baldur** en lendir á **Nirði**.

Óðsmál in fornu í 21. skræðu
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Við skulum nú ekki velta fyrir okkur hvernig ósvinnan okkar varð til.
 Því erfitt er að moka brott myrkri í myrkri.

Spyrjum frekar hvernig við losnum við hana
 því auðvelt er að koma inn með ljós.

Fyrst hún er óraunveruleg ætti að vera hægur vandi að blása henni
 burt.

Já, það er hið einfaldasta mál.
Sleppum myrkursmökstrinum
vígjum okkur tær.

Þegar maður er kominn í **Valhöll**, orðinn sjáandi maður,
þá sér maður glögggt að þessi ósvinna öll var aðeins ósvinna manns!

*-Hvernig getur **ginnungagap**, sem er eind, virkað sem tími og rúm og ótal fyrirbæri?*

-Íðandi kyrrð, alheimsvitund, sýnist verða sköpun við að **Gungnir**
myndast,
virðist taka á sig lögun -- í okkar huga.

Og lögun fylgja tími og rúm, orsakir og afleiðingar, lögun og nöfn.
(namarúpa)

Óðinn fer í **ormslíki** um göng inní **Hnitbjörg**
Þannig ferðast hver maður úr tíma og rúmi í hið tímalausa og
rúmlausa svið.

Þessi okkar „augljósa“ sköpun er ekki annað en **ginnungagap**. Ekkert
annað en það er.

Það sannreynist þegar við smjúgum um ormagöngin,
gegnum rímarúmsforðuna **Freyju**

vísast hér í Óðsmál in fornu

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm> 20. skræðu

Við verðum vitni að vitund, þeas að okkur sjálfum,
við erum sá sem veit, **Óðinn**,
við erum það sem vitað er, **Véi**,
við erum sá sem leitar þekkingar, **Vili**.

Óðinn forvitinn veldur **Vila**, vilja til að gá, og hann sér **Véa**, það sem vitað er.

En þessi þríeind er aðeins hugsun, sem í raun er eind sem þríeind.

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>
þríeindir í 3. skráðu

Þetta ferli,
-- sem þó stöðugt gengur til baka um leið
verður, **Véi Vili Óðinn** í eind --
verður meðvitund um þennan „mig“ sem
sér
hugsar
leitar
er.

Ósvinnan er sú að þessi „ég“ hættir að spyrja
gleymir hvernig þetta byrjaði
hættir að hafa áhuga á upprunanum
og umvefur sýndarveröld ósvinnunnar sem væri hún hin eina sanna
hamingja. **Véi** yfirskyggir **Óðin** og **Vila**, einsog **Vili** yfirskyggir **Óðin**.

vísast hér í Óðsmál in fornu
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>
skráður 4 um mistök vitsmunanna og 13 um **Mími**

Það sem ekki var til, það sem varð til, og hættir að vera til,
ekki neitt „í miðju“ neins ferlis,
það er hverfult og var aldrei nema hugsun,
en
það sem aldrei fæddist, hefur alltaf verið, hættir aldrei að vera til,
er hið eina raunverulega hér og nú.
Það er **ginnungagap**. Eilífðin.

-Ég get hugsað:

*allt þetta er óraunverulegt, ég innifalinn í því,
svo, þegar ég í alvöru sé að heimurinn er ímyndun mín,
þá hættir einnig allur sársauki að vera til,
því ég sé ekki sorg og finn ekki neinn sársauka?*

En ég er að plata sjálfan mig ef ég tel mig lifa svona heim.

*Er ekki hætt á að maður fari að lifa sig inni annan ímyndunarheim
þykjast vera vo vo háþróaður?*

Labba um einsog maður væri að leika Jesú í bíómynd?

Fer úr löngun, einsog þú sagðir, í óskhyggju og enn verri ímyndun,

-- telur sig ekki lengur þurfa löngun til að ná hinu fullkomna?

Maður þykist vera búinn að ná toppinum, og hættir að reyna.

Skilurðu?

Maður lætur lýsinguna passa við sig, og svo er þetta aðeins ímynduð

Valhallardvöl

Gæti verið sljóleiki og ímyndun ein.

-Þetta er hárrétt athugað hjá þér.

Einmitt vegna þessa eru in gullnu Óðsmál ekki holl lesning fyrir menn
á mjög lágum vitundarstigum, nærri dýrastiginu.

Loddfáfnir sem vill vita er góður, **Loddfáfnir** sem telur sig vita ógóður.

Eina leiðin til að sjá hið sanna er að verða altær,

en mjög gott að hafa heyrt þetta til þess að verða ekki hræddur þegar
þar að kemur.

Eina góða leiðin er að **sóast** iðla,
nýsa niður,
nema upp fimbulrúnir.
 Til þess er samsviðstæknin.

(TM)

Endilega læra hana og iðka daglega
 og starfa áfram af vana sínum einsog allar lífverur gera af náttúru
 sinni.

Hægt er að fá heilalínurit (EEG) af eigin heila við iðkunina,
 og þá sér maður vökula kyrrð hugans ritaða sem heilabylgjurnar í
 samræmi.

Við skulum skilja vitund.
 Hugurinn getur vel skilið þetta allt -- og sjálfan sig.

Ekkert er fengið með því einu að draga sig í hlé.
 Betra er að starfa í veröld
 og læra að þekkja vitund með þartilgerðri tækninni.
Valhöll næst með því iðla að **sóast**, **fórna** huga í uppruna sinn.

Jafnvel **guðin** eru hugarsmið mannanna.

Allt sem kallast **guð** tortímist í **ragnarökum**.

Ginnungagap eitt er.

Þeir sem dýrðka **guð** eða **guði** í orði kveðnu, eru ekki að ausa upp
 þekkingunni miklu í sjálfan sig,
 gæti verið aðeins einbeittar hugsanir og tilfinningahiti.
 Ákall, andakt, tilfinningahiti, óskir, vonir, bænir, eru hverfular
 hugsanir. Góðar til síns brúks sem sköpun skammtímafyrirbæra,

en vantar óendanlega orku **ginnungagaps** ef þær koma ekki úr eind.

Þeir sem eru að ákalla **guð** og leita einhvers „hans“ einhvers staðar, eru búnir að tína sjálfum sér,
og leita á vitlausum stöðum, uppi, úti, annars staðar.

Maður ákallar ekki sjálfan sig, svo ákall er skekkja.

Maður kallar á einhvern sem er týndur, sem er langt í burtu, heyrir kannski ekki,
en maður þarf aldrei að kalla á sjálfan sig, er það?

Endilega hafið ykkar óskir og langanir, háleitar og fagrar,
en til þess að þær fái byr
þarf meiri kraft en hugsun og bænir.

Eindin er milljónmilljónmilljón.... sinnum kraftmeiri en hugsun,
og er alls staðar í senn,
og við erum hún.
Hæg heimatökin.
Mikill tíma- og orkusparnaður.

Samsviðstæknin (TM) er hagnýt í daglegu lífi. Hagnýt er þekkingin.

Fyrir svona 100 árum fóru evrópskir guðleysingjar að gera grín:
-skapaði Guð heiminn eða sköpuðu menn Guð?
og margir veltu þessu Guðs-hugtaki fyrir sér á gagnrýnan hátt,
reyndu að brjóta upp innprentunina,
en þeir sem fengu kaup fyrir að trúá á Guð voru auðvitað illir,
þeir sem borguðu brúsann voru kátir yfir að hrist var upp í þessu og
höfðu lúmskt gaman af.

Menn hefðu eins getað sagt: -yfir öllum þessum skapnaði ríkir vofa, eða draugur, sem er „ég“ hvers manns. Ahamkar (ég bý mig til). Þessi ég hefur huga, og hann býr til gerviveröld. Enginn skapari er til, annar en hugsun mín.

En þeir vissu það ekki, sem varla var von,
því aðeins hið innprentaða var þeim skiljanlegt.
Og þeir fóru að efast um að það væri allur sannleikurinn.

Guð sem skapar eða ekki-Guð (--nema skapaður af mönnum--)
-- er spurning, sem er mjög góð byrjun á efasemdum.
Fjögurra stjörnu spurning.

Efinn um hvort maður sé eilífðin eða ekki, er góður efi,
því efinn á að örva menn til að leita svars,
ekki til hugtakapvælu og veraldregrar rökræðu um hið veraldlega.

*-Er ekki möguleiki á að eyða allri sorg nema skilja að hún er fylgifyskur
veraldarfyrirbæragleðinnar?
Veraldargleði eigi sér sorg sem tvíburasystur,
og það sé vandamál þeirra sem lifa í veröld að fá þær báðar?*

*Þarf maður að skilja að hugurinn kætist yfir hverfulum fyrirbærum sem
skilningarvitin færa honum,
og fer svo á bömmur þegar þau hverfa?*

*Skilja að allt þetta -- sem hugsanir okkar skapa -- er í eðli sínu tví-
skinnungi ofurselt?*

*Er það svo að hugur, sem fundið hefur **Glaðheima**, hættir að eltast eins
tryllt við hugsana-skapnaðinn sinn, vegna þess að í **Glaðheimum** finnur
hann æðstu gleði?*

Og þannig gleði á sér enga leiðinlega tvíburasystur?

-Mikið skarplega athugað.

Allt breytist í huga manns þegar hann fær þennan samanburð:

gleiðasta **Glaðheima**-gleiðin og hverfula tvískinnungs-kátínan.

Smátt og smátt verðum við fingerðari við iðkun **sóunar**.

Iðunn; són

Skilningarvitin halda samt áfram að færa huganum gleðigjafana,
og fegurð himinsins er vissulega gleðigjafi,
tær seytlendi lækur er vissulega gleðigjafi,
en skynjunin verður fallegrí og fingerðari.

Rétt einsog aldan rís úr hafi og hverfur aftur í hafið,
þannig er hugsun manns alltaf **Ægir**.

Þegar menn **sóast** iðla verður hugurinn smátt og smátt aðeins **Ægir**.

Í **Ægi** er kyrrð, og **Rán** er sú in guðlega regla innan kyrrðarinnar,

svo í **drekku at Ægis** öðlast einstaklingsvitund eiginleika óendanlegrar
víddar **Ægis**
og óendanlegrar reglu **Ránar**.

Hugurinn lærir as **sóast** áreynzlulaust.

Allt sem hann hugsar verður tærara og tærara.

Hann **ræðir við Míms höfuð**, finnur **Mími**, man uppruna sinn.

Að gera hvort tveggja í senn --lifa **Mími** og hugsa-- er tærleiki manns.

Fæðing er hugans framkvæmd.
Gróska er einnig hugarvinna.

Þegar raunveran (**ginnungagap**) er loks af manni fullkomlega séð, hefur hugurinn hans loks frelsazt úr sínu eigin búi **ósvinnu**.

Skilurðu:

Hugurinn býr sér til búr,

en

með því að **sóast** og vígja sig tæran af sínum ímynduðu hömlum,

-- **ósvinnunni** sem hann býr sér til, **tröllunum** --

sér hann uppruna sinn (**ginnungagap**) sem hið eina sem er,

og þá gufar búið hans upp -- einsog dökk fyrir sólu.

gyðjan **Sól, hamingja**, aananda

Bezt er að hafa tæknina til að **sóast** og

santimis læra um og skilja og tileinka sér þekkinguna tæra.

Sóast og hugsa, **sóast** og hugsa,
stunda samsviðstæknina og vinna.

Við segjum að moldrokið komi í veg fyrir að við sjáum himininn,
og vitum að í raun er himinninn þarna, og veit ekki einu sinn af
moldrokinu.

Við höldum einnig að líkaminn finni þjáningu og ánægju,
en í raun er þetta hvort tveggja okkar eigin **ósvinna**.

Rétt einsog við segjum að skyggni sé mjög slæmt í dag, enginn himinn
sjáanlegur,

segjum við að þjáning og ánægja kroppsins séu mjög miklar í dag,
þannig að ginnungagap er ekki sjáanlegt.

Við vitum að moldrokið er bara tímabundið og augun sjá ekki í gegnum það, rokið þeytir þurrum jarðvegi upp í loftið, og ættum að vita að þjáning og ánægja eru tvíburasystur fæddar af **tröllum** okkar, sem þeyta þeim upp í loftið, og augun sjá ekki í gegnum þær.

Himinninn er þarna sallarólegur þrátt fyrir moldrok, **ginnungagap** er, og aðeins það er, þrátt fyrir að **tröllin** blindi okkur.

Þjáningar eru ímyndun.
Einskis manns raunveruleiki.
Þær gufa upp í logni og friði og kyrrð vitundar.
Það finnum við með því að **sóast**. Stunda samsviðstæknina.
Án hugsana.

Hávamál segja frá því,
Platon segir frá því,
þúsund ára og tugþúsunda ára gömul fræði segja frá því á ýmsum stöðum heims.

Menn vita að til eru æðri stig vitundar sem við erum blind á.

Gerður Freyr Barri

vísast í **Skrírnismál**

og Óðsmál in fornu 8. skræðu

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Gerður hittir **Frey í lognfara lundi Barra**.

Barr er sígrænn skógur, og lýsingarorðið **barr** þýðir reiðubúinn.

Hvernig hún hittir hann er ekki tekið fram.

Hvar er **Barri**

og hvernig kemst ég þangað?

Enginn vandi, því tæknin er fyrir hendi nú og sat-yúga gengur í garð.

Við vitum nú að það er enginn vandi að skreppa í **Ásgarð**, í **Barra**, í **Glaðheima**, í veizlu **at Ægis**, í **Hnitbjörg** til **Gunnlaðar**.

Hugsun verður sem tíra, sem hreyfist ekki í logninu. Svo slokknar á huganum, og engin eftirsjá er í því,

nírvana

því vitund víkkar í hið óendanlega, í eilífðina.

Glaðheima vitundar

Þegar maður **fellur aftur þaðan** hefur maður vígzt pínulítið. Kemur betri og skýrari út í hugsanaheiminn sinn aftur.

Í **Glaðheimum** er mikil **sæla Sólar**, í **Ægi** er mikil **veizla** allsnægta.

Eldir og **Fimagengur**

vísast hér í Óðsmál in fornu 17., 14., 2. skráður

Sól, Glaðheimar, Ægir

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

*-Nú er það svo að menn sjá sorgir og þjáningu.
Hvernig er hægt að segja þeim að það sé bara hugarrugl?*

-Þessi Óðsmál in gullnu eru **Valhallar** fræði, og ekki þýðir að útskýra hlutina svona nema handa þeim sem **Valhallar** leita.

Þá fer einsog með Jesú sem talaði til mannfjöldans og aðeins örfáir föttuðu hvað hann var að fara.

Flestir lærðu einhver orð um þetta og dýrka orðin og dýrðka manninn sem sagði þau.

Líklega vantaði tæknina til að reyna þetta á sjálfum sér, ekki bara af afspurn og umtali.

Eða Jesú kenndi tækni sem svo glataðist.

Kannski kunnu uppljómaðir menn á ýmsum öldum tækni til að ná kyrrð, en hún hafi skolaðist til og sjúskast og orðið tímans skemmdartönn að bráð.

Einn og einn af milljónum uppljómast bara sí sona, en milljónir komast á æðra vitundarstig með því að læra TM og iðka það.

Þökk sé maharishi fyrir að kenna okkur það sem guru dev kenndi honum einsog gert hefur verið í þúsundir ára. Hinn helgi siður sem varðveitist tær, mann fram af manni, kynslóð eftir kynslóð hinna tærustu manna.

Mesta vesen er að allur sá kraftur sem býr í lífverum svo sem manningum, fer í alls konar veraldarvafstur og brölt. Menntu nú í enn ríkara mæli vígja sig tæra með því að **sóast**, **sóa** huga í vitund um stund hvern dag, beina kröftum í þá átt að öðlast þekkinguna miklu bæði frá þeim vitru (þeim raunverulega vitru, ekki loddurum) og af eigin reynzlu af **ginnungagapi**. Með dhyana, dáí.

Án eigin reynzlu af vitund gengur ekkert.
Aðeins orðaflaumur um þetta nægir ekki.

Langar ykkur til að eiga óskastein sem veitir allt sem mann langar?
Já, já. Auðvitað.
Þekkingin sem maður öðlast, innra ljósið, fimbulrúnirnar, er þessi óskasteinn.

Hagnýtt og þægilegt. Já, mjög hagnýtt í daglegu lífi manns.

Við líkjum þekkingunni við bát sem siglir af sér allan öldugang.
Á kænu þekkingarinnar siglum við alla sjói.

Við ættum að beina kröftunum að því að hrista upp í sleninu.
Drómi og **læðingur** eru hálfgerð prump, einsog búið er að sanna.
En þegar við höfum **Gleipni**

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Óðsmál fornu í 16. skræðu um **Tý** og **Fenri**

binzt endi á basl og erfiðleika.

Gleipnir bindur (bindur enda á) og heldur.

Hann er hið fingerðasta (6 úr náttúrunni), hið guðlega (**Týr**) og þar með hið sterkasta.

Hið fingerðasta er sterkast.

Skorti á þekkingunni miklu er um að kenna
að þetta stóra **yggdrasilstré** er raunverulegt í okkar huga.

askur yggdrasils. mjötviður mær, mjötuður, ymur aldið tré

Hirtir kroppa

naður nagar neðan

Ratatoskur hleypur upp og niður

mjötviður mær ymur loks eftir þúsundir þúsunda ára, **aldinn** mjög.

Ginnungagap skiptir sér ekki baun af þessu heldur eru þetta hugsanir einar og afrakstur þeirra.

-En er munur á ef allir hugsa að eitthvað sé raunverulegt, eða ef aðeins ég hugsa það?

-Til er þjóðarvitund, heimsvitund, en það sem hinn vitri uppljómaði maður aðhefst, er leiðandi afl.

Hugsun hins uppljómaða kemur beint úr **ginnungagapi**.

Hún hefur allan þess kraft.

Tær hugsun hefur allan þess kraft.

Þund dharma fornu 28.skræða

Hraðari þróun allra þegar margir eru uppljómaðir.

Sumir menn sem í ósvinnu sinni lifa, telja lífskraftinn vera huga sinn. Aftur á móti sjá þeir sem **í Valhöllu dvelja** lífskraftinn sem geislun útrá **gapinu** mikla.

Skírnir

Þetta eru allt samtímamenn.

Þeim mun fleiri sem í **Valhöll** ná, og þegar fækkar í röðum ósvinnra, þeim mun auðveldara er fyrir mannkynið að losna við synþ og blindu sína.

Já,

þjóðir á lágu vitundarstigi eru í vanda

Því hver þjóð fær þann stjórnanda sem hún á skilinn.

En

af einu tré sem ilmar í skóginum ilmar allur skógurinn.

Heimurinn lyftist á hærra plan með hverjum einum sem uppljómast.

Náttúran öll fagnar í hvert sinn sem einhver gerist **einherji í Valhöllu**.

Náttúran öll er á ábyrgð mannanna.

Við skulum ekki safna upp gremi með því að taka og taka og gefa ei til baka.

Óðsmál in fornu

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

36. skræðu

Þegar við ræðum við hinn ósvinna mann, notum við hugtök svo sem sál, geind, hugur, lifandi menn í líkama, skapaður heimur, **guðin, askurinn, Valhöll, Glæðheimar, Ægir, ÓðinnViliVéi**. Þetta er gert sakir nauðsynjar talaðs máls um tiltæk hugtök og nöfn. Hvernig get ég útskýrt með orðum ef engin hugtök eru notuð?

Vitringurinn veit að öll þessi hugtök eiga sér enga tilveru aðra en þá að einhver hugsar þau.

Svo, svona til að geta útskýrt, grípur vitringurinn til hugtaka, þótt hann gerla viti að einstaklingssál, geind, hugur, lifandi manna líkami, skapaður heimur, **guðin, askurinn, Valhöll, Glæðheimar, Ægir, ÓðinnViliVéi** eru aðeins hugsun.

Kennarinn kennir barninu útfrá þroska þess, Vitringurinn talar mál sem nemandi hans skilur. Til þess eins, til útskýringar, eru þessi hugtök.

Ensk kona kom til Indlands,
heimamaður var fenginn til að sýna henni ýmislegt
sem hún hafði mjög gaman af að sjá. Hún var hrifin og kát og þakklát.
Við brottför þakkaði hún og bauð honum að koma til Lundúna,
þar myndi hún sýna honum allt það merkilega sem þar er.
-Frú, ég er Lundúnir, sagði maðurinn jafn högvær og endra nær.

Getum við sagt við þessa konu, t.d., að einstaklingsvitund sé hugsun í
ginnungagpi.

Þegar engin hugsun sé, og engin einstaklingsvitund, sé maður frjáls.
Þessi veröld sé ekki raunveruleg, heldur hafi smár **Gungnir** titrað í
alheimsvitund,
og einstaklingsvitund virzt vera til?

Þegar kyrrð alheimsvitundar truflaðist af **Óðni Vila Vía**, forvitninni,
hafi þetta hugarhugtak orðið til.
Þannig sé alheimurinn hugarhugsun ein.

Eigum við að útskýra að við þurfum að hætta að tengja saman
lífskraftinn og vitund, vitsmuni okkar og vitund,
sem sé alls ekki neitt tengt heldur aðgreint,
og þar sem sú innprentaða forsenda að heimurinn sé í alvöru skapaður
stentz ekki,
sé allt, sem af þeirri uppspunaforsendu sé dregið, uppspuni.

Svo þá sjáum við að veröldin er ekkert annað en vitund.

Vitundin sé á hreyfingu. **Iðandi** vellandi innan sjálfrar sín. **Iðavellir**
Lífskrafturinn valdi hreyfingu, **Gungni**,

hugurinn hafi enga greind heldur ímyndi hann sér greind,
hann sé aðeins sendiboði milli vitundar og heila,

og bingó, skilið!!, húrra!! við erum laus við ósvinnuna.

Einsog hún hlýtur nú að sjá --þessi blessuð enska kona sem heimsótti Indland, og ég og þú sjáum--
er hugurinn ekki nema ímyndun, sem varð til úr forvitni,
hefur ekki lögun,
ekki tilveru,
er ekki einu sinni skapaður,

en hvernig getur hugurinn þá valdið skaða
drepíð óvinninn
-- búið til óvin í fyrsta lagi --
og hvers vegna getur hann orðið víli (hugarvíli) að bráð,
og hví vilja lifandi menn endilega styrkja þetta fyrirbæri
sem reynist hinn mesti harðstjóri,
meiri og meiri harðstjóri eftir því sem við dýrðkum hann meir og hans verk?

Hann er kominn langt frá sínu upprunalega hlutverki: forvitni
ginnungagaps um eigin tilvist (**Óðni Vila**).

Konan hlýtur að sjá að hugurinn er ekki raunverulega neitt skapað,
að hér er ekki neinn skapaður hlutur.
Einstaklingssál er aðeins orð, hugtak, sem gerir mann ofurölvi af delli.

Eigum við að útskýra þetta svona?

Ekki reyna!!

*-Er ekki skrítið að **guðin** og **askurinn** skuli vera hluti af því sem ekki er annað en hugarburður?*

-Hinir vitru sjá að ekkert er nema **ginnungagap**.

En til þess að útskýra með orðum, hvað glæsti hugarburðinn okkar er í raun, þarf orð.

Engin orð af viti ná yfir alheimsvitund alsæluna eilífðina.

Enn fyndnara er að það sem er útskýrt af eðlisfræðingunum okkar sem staðreyndir um tilurð veraldar, alheims, alheima, hefur í raun aðeins samsvörun í því sem við þekkjum í hugarheimi okkar.

Þeir vita ekki að þeir eru að útskýra eigin hugarheim sinn -- og okkar hinna.

Þeir rannsaka „utanfrá“, en vita ekki að þetta er miklu skýrara innan þeirra!!

Að allt þetta er þeir sjálfir -- sem augun þeirra (og tækin) ekki sjá!

Við skiljum svo orð einsog náttúra. Hún hylur raunveruna fyrir okkur. Hún hefur þrjá eiginleika, sem ekki allir skilja.

Þeir **þrír**, **þursamegir**, trígúna, eru mis-fingerðir, sattva radjas tamah, sanni-, rassakastaæðibunu- og dimmuþám-eiginleikar.

Þeir finnast í öllu, frá höfuðskepnum í matinn okkar -- og þarmeð í okkur.

Þrískipt náttúran er uppruni alls sem er hugsað.

Gunnarnir vasast í öllu hér í heimi.

Hvergi friður fyrir þeirra ámáttka vasi í heimi hugsana.

Æðri náttúrunni er svo eindin, og hún er aðeins eind.

Náttúran hylur hana sjónum.

vísast í Óðsmál in fornu 36. skræðu

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Við getum sagt að **guðin** séu hið fingerðasta, og þar með sattva-
hlutinn.

Guðin eru til jafn lengi og þessi okkar alheimur stenz.
Þegar **ginnungagap** lokar augunum hverfur hann -- og þau.

ragnarök

Hinir tæru menn dvelja meðan heimur stendur meðal **guðanna**.
Við sitjum með **Óðni í Valhöllu** þegar við uppljómunst,
og það gerum við sprellumifandi og höldum áfram að starfa í veröld
-- af gömlum vana.

Munurinn er sá að við höfum ekki fyrir neinu, allt er fyrirhafnarlaust,
því náttúran gerir allt sem þarf.

Það er sem sagt hagnýtt hentugt þægilegt orkusparandi áhyggjulaust líf
að vera **einherji**.

Sjálfvirkur kraftur okkar er í þágu **Pundar**, framþróunar, og þar með
gerum við góða **Urði Verðandi Skuldu**.
Allt að vinna, engu að tapa (nema **tröllum** okkar, ósvinnunni).

Ginnungagap ákveður ekki að alheimar séu svona einsog við sjáum þá,
svo við segjum að **ginnungagap** geri ákkúrat ekki neitt.
Það aðeins er.

Og þegar grannt er skoðað er allt annað en það,
ekkert nema ímyndun og óskhyggja þeirra sem hugsa.
Hugarheimur og hugmyndafræði veldur hugtökunum að vera eða vera
ekki.

-Það er einsog gömlu alvöru heimspekingarnir séu að velta upp spurningum og gefa svar sem varð til á undan spruningunni.

-Bara mikið rétt.

Svarið við spurningunni stóru er: „vitund“,
hún er það sem við leitum,
og værum ekki að leita nema við héldum að hún væri,
og líklega vitum við þetta undir niðri þótt okkur sé það ekki svo augljóst.

Svarið er: -vitund,
og svo kemur spurningin: -hvað erum við?

Þekktu sjálfan þig. Leitaðu innan sjálfs þín. Ekki „þarna úti“

Vitund er **ginnungagap**

höfuðskepnurnar eru ekkert annað en hugaskapnaður. Hugaskapnur.
Allt sem er er „í“ **ginnungagapi**. Ekki í alvöru heldur í hugarheimi.
Ekkert er nema **ginnungagap**

ég er það.

Óvinur minn er það
vinur minn er það, svo og fjölskyldan mín.

*-Ef ég hugsa sem svo: Skaparinn skapaði mig með hugsun sinni,
verð ég að láta fylgja að ég skapaði mér þennan skapara með minni
hugsun?*

Er enginn „skapari“ þarna uppi einhvers staðar!??

-Oft eru svona hugtök einsog „skaparinn“ notuð til að útskýra fyrir þeim sem telja heiminn þetta eina bitastæða sem enginn vafi leiki á að sé til.

Horfi maður á öldur **Ægis**, finnst manni hann hreyfast,

og manni finnst **ginnungagap** verða að sköpuðum heimi (/skapa af sér heim)

--- þeas. þegar maður hefur einu sinni ímyndað sér að heimurinn sé þarna!

Svo býr maður til skapara, einhvern „hann“, þareð við vitum ekki að það er manns eigin hugur sem skapar.

Stóra spurningin er: hvernig?

Dr. John Hagelin, heims beztu skammtaeðlisfræðingur, er að velta því fyrir sér þessa stundina:

Hvernig getur hugur haft samband bæði við fingerða efnislausu þekkingu eindarinnar og svo einnig við hið grófa efnisgerða í veröld, svo sem heilann okkar.

Ginnungagap er möguleikar alls, en engan veginn skapar það neitt.

En þessi hugdetta að vilja þekkja sjálft sig, leit, forvitni,

Óðinn Vili Vei,

-- sá sem veit - sá sem leitar þekkingar - þekkingin -- (það sem finnst), veldur hugsun

sem svo býr til einstaklingshugtakið, þetta „ek em“, ahambhaavanaa, þekkt sem einstaklingsvitund, ég veit af mér, bý mig til, ahamkaara;

það verða hugsanir, mananaa,

þekkt sem hugur, manas,

og vitund um /hugboð um að eitthvað sé er bodha

og vitsmunir eða greind þess buddhi

séð, drs, af einstaklingssálinni, indra, þekkt sem skilningarvit, indriya.

Hugmyndin um líkama veldur því að við höfum líkama, amk. í okkar huga.

Hann er nákvæm eftirmynd þekkingar sem er fyrir hendi í

ginnungagapi.

Hugsun um að hitt og þetta sé, verður að þessu hinu og þessu í okkar huga og eingöngu í okkar huga.

Með þessari þráhyggju þjappast hugsunin í sköpun.

Ég er hér í mínum líkama, ég sé þetta tré þarna.

En tréð er ekkert nema **Gungnir** sem hugurinn þjappar saman á flatskjá heilans.

Hið stóra markmið okkar er svo að skilja hvernig við þjuggum þetta til, læra að **sóa** hugsun í **Ægi**,

Allt sem við sjáum í okkar veröld er einsog spegilmyndir eða draumar, sjónhverfingar, eða sætir hugarórar okkar.

Ginnungagap er þessu óviðkomandi.

Við erum það allan tímann, eftir sem áður.

Okkur er það létt verk að skapa heilbrigði

því við ráðum þessu sjálf.

Þjuggum kroppinn okkar til sjálf frá ABC til ÞÆÖ.

*-En, nú getum við hætt að hugsa -- með því að **sóa** hugsun í **gapið**
og þá er ekkert af þessu -- amk um stund,
föllum svo aftur þaðan -- úti hugsanir*

lifum og hrærumst og vinnum og neytum fæðis -- eða teljum að svo sé;

*hvað svo þegar við uppljómunumst -- lifum í **Valhöllu**
og enginn munur er á því að **sóast** og **falla aftur úti** hugsanir -- bara
sama,*

*maður sér að móðir náttúra er að vasast -- og Gunnarnir **þrír**
án þess að maður taki þátt -- en samt er maður að gera eitthvað.*

Finnur maður þetta sjálfur -- þótt enginn sjái neina breytingu á manni?

Verður veröldin bara einsog bíómynd -- sem maður leikur í?

-Þetta er mjög nauðsynleg spruning. Takk fyrir hana.
Allt er **ginnungagap**, allar okkar hugsanir eru það,
ekkert er utan þess því það er alls staðar.

Maður, sem lifir eind, sér, að ekkert annað er en það.
Já, maður veit að allt er að breytast í manns huga(!)
og þess vegna er nauðsyn að hafa heyrt þessi Óðsmál in gullnu.
Þetta getur byrjað svolítið skrikkjótt.

Nú er þokan horfin, ekkert moldrok, svo himinninn er heiður.

Engin **tröll**.

Mjöllnir hefur molað ósvinnuna mjölinu smærra, og hún fauk úti
veður og vind.

Engin munur er á vitund og því að vera.

Sá sem veit, sá sem leitar þekkingar og þekkingin sjálf er eitt og hið
sama,

Óðinn Vili Vei.

Ekki þrennt, heldur þríeind, eind.

Ekkert annað er.
Aðeins tilveran. Vaastu-tattvam.

Höfuðskepnurnar og öll restin eru hugtök til þess að útskýra.
Jafnvel hugtakið **guðin** eru hugtök til þess að útskýra fyrir þeim sem
eru að paufast í þokunni sinni.

Ginnungagap er hið guðlega í **guðunum**.

Ekkert annað en það er.

Það er tilvera alls,
ætið óumbreytanleg eind á hreyfingu **idandi** innan sjálfrar sín.

Þokan, ósvinnan, virðist ósvinnum mönnum svo raunveruleg, að
viðkomandi eru vissir um að hún sé þarna.

Við öll, sem erum óendanleg vitund, gerum okkur huga,
en erum samt óendanleg vitund.
Þegar við föttum þetta af eigin reynd, verður ekkert til að trufla okkur
frá þeirri uppgötvuðu staðreynd.

--- Enduruppgötvuðu!! --- Því við vissum þetta alltaf undir niðri.

Mímir aðeins beið okkar.

Gætum okkur alltaf á uppgerðar-uppljómun,
heyra mikið um þetta og ímynda okkur enn aðra draumaveröld.

Blámi himinsins er sjónhverfing,
þykjustu-**einherji** er sjálfsblekking,
en skritið sem það nú er þegar heimurinn virðist gliðna frá vitund
manns

er það merki þess að við séum að byrja að sjá mun á huganum
(ósvinnu) og tærri vitund.

Byrja að verða eðlileg,

Mímir í sjónmáli.

Kannski gengur þetta skrikkjótt í fyrstu, einsog ég sagði áðan.
 Maður fær svona „snert af tærleika og innri gleði“ -- af tilefnislausu(!!!),
 og verður ærið foj þegar veröldin er raunveruleg á ný.
 Ekki gera sér rellu útaf því.
 Það gerir ekkert til.
 En nú vitum við hverju við vorum að leita að!
 Og við vitum að það er gleði, **Glaðheimar**.

Fjölbreytileiki veraldarinnar með sínar andstæður er e.k. fjötur,
 en hvernig á maður að hrista þá af sér með hugsunum einum saman
 þegar orsök þeirra er var verður hugsun?

Ekki leysa vandamál á sviði vandamála,
 ekki moka myrkri burt í myrkrinu,
 ekki reyna að hugsa ekki með því að þvinga hugann til að hugsa ekki.

Sóizt aðeins iðla, tvisvar á dag, reglulega, alla ævi,
 og smátt og smátt skolast allt subb af manni.

Iðunn, epli Iðunnar, Syn

Kyrrðin er var og verður alltaf,
 dótið sem við glötum er var og verður hverfult
 -- allt er í heiminum hverfult --
 svo engu er að tapa.
 Ekkert fæðist, ekkert deyr.

Kyrrðin er tímalaus
 og þegar hugurinn kyrrist og kyrrðin ein er,
 hvílist allt
 og batteríin endurhlaðast.

Hnitbjörg

Við erum endurhlaðanleg, þurfum ekki að fleygja kroppnum þegar hann tæmist, heldur **nýsum niður** og náum **göldrum góðum** og heilbrigði á ný.

Hver einasta hugsun er aðeins **ginnungagap**, einsog **Ránar dætur** eru allar **Ægir**.

Hvernig datt okkur í hug að aldan væri stöðug og eilíf og raunverulega einstök, og hefði sjálfstæða tilveru sem slík?

Þegar lífsorkan yfirgefur þennan okkar líkamsgerving er hún ekki laus við eiginleika höfuðskepnanna okkar. Innprentunin, minnisbunkinn, áhrif sem við upplifðum, einnig einstrengislegar ákvarðanir okkar um að eitthvað sé eða hafi verið, kallast vaasanaa einstaklingssálarinnar. Þannig hangir einstaklingsvitundin í höfuðskepnunum okkar.

Við þurfum að eyða öllum þessum órum sem kallast vaasanaa, til þess að hugurinn verði ekki lengur hugur. Aðeins með því að þekkja sjálfan sig (tæra vitund án hugsana) getur maður losnað við vaasanaa, allar hugmyndirnar sem orðnar eru að þessum ímyndaða raunveruleika í okkar huga.

Þannig fæst fullkomin kyrrð og friður. Lífsorkan hreyfist ekki lengur. Þannig maður finnur frið.

Vaasana mótar hugann, en laus við allt það dótari, losnar um böndin milli huga og lífsorku.

Við ættum að stunda vicaara (frb vítsjaara): spyrjum og spyrjum til að öðlast sjálfsþekkingu (hugsum). Stunda dhyana, **deyja, dá, són, soun**, og við öðlumst sjálfsþekkingu. (Engin hugsun, einstaklingsvitund er alheimsvitund.)

Svo spyrjum við: hver er þessi „ég“?
 Hvernig byrjaði „ég“ að vera annað en tær óflekkuð vitund?
 Þannig byrjaði ósvinna mín,
 og hvernig stóð á þessu í fyrsta lagi?
 Hugurinn bjó til líkamann, svo ekki er það kroppnum að kenna
 þótt ég sjái að hann er þarna.
 Skapari hans er hreyfing hugsunar í huga mínum. **Gungnir**.
 Skilningarvitin eru hlutar líkamans,
 og þau geta lítið ef hugurinn tekur ekki við gjöfum þeirra.
 Svo ekki er hægt að nota þau og góssið þeirra sem blóraböggul.
 Svo:

hvers vegna eru hugsanir í huganum?
 Það virðist vera buddhi (greind, vitsmunir) sem fær hugann til að virka,
 svo buddhi hefur orðið til á undan huganum.
 Hvernig fór buddh af stað? Ekki af sjálfsdáðum?
 Nei, því það er hugtakið „ég“ sem ýtti buddh úr vör.
 Jafnvel okkar mikla greind, sem við erum svo montin af,
 er ekkert nema eigin hugarsmið.

En vitsmunir eru fyrir hendi í **ginnungapi**, annars væri ekki hægt að
 skapa sér þá!!
 Aðeins vegna þess að þekkingin er í **ginnungagapi** er hægt að skapa
 vitsmuni.

Hversu langt sem vísindamenn skoða frumeindir utanfrá og inn í efnið,
 komast þeir aðeins í kvarka og fingerðar sveiflur, **Gungni**,
 og úr því fingerðasta í ekki neitt!!! Tómið.

Hversu langt sem ég fer inní mig að skoða
 finn ég ekkert bitastætt, því jafnvel kjarnsýran er **Gungnis**-fyrirbæri.
 Ég enda í ósýnilegu **ginnungagapi**.

„Ég“ er aðeins **ginnungagap**
 sem þykist vera einstaklingssál, jiiiva
 (frb. djíiva; íbúinn í líkamanum, sá sem býr til og býr í kroppi).
 Tær vitund
 sem er í umbúðum (líkama) úr lífskrafti (praña) -- **Gungnir**.

Tær vitund verður vör við sjálfa sig (því ekkert annað er)
Óðinn Vili Vei
 og býr til úr þessum fundi sínum sköpun. **Hin helgu vé**.

Kroppurinn er tímabundin frosin hugsun, og alltaf að breytast.
 Engin ástæða er fyrir hrörnun,
 nema sú að missa tengslin við eindina miklu.

Fornu, 4. skræða
 mistökin okkar

Batteriin eru endurhlaðanleg, svo ekki fleygja þeim
 ekki gefast upp fyrirfram fyrir **Elli kerlingu**,
 ferkar fara í hleðslu í **Ásgarð, Glæðheima, ginnungagap, Hnitbjörg**.

Epli Iðunnar gera okkur ung.
 Fáíð iðla bita hjá henni.

Vei er aðeins hugarsmið sem litur út fyrir að vera.
 Þrír innan eindar? Nei, eindin er eind. Þeir bræður eru hugsun.
 Tilraun til að þekkja sjálfan sig.

Vitund hefur þennan hæfileika að sprella
Óðinn er forvitni um eitthvað -- sem gæti verið þarna
Vili viljinn til að finna þetta eitthvað -- og fer að gá
 og **Vei** það sem finnst -- innan vitundar (**ginnungagaps**)
 sem auðvitað er ekkert annað en vitund í sprellbúningi, hula.

Enginn er að leita að einhverju sem hann veita að ekki er til,

svo við höldum greinilega að eitthvað sé bitastætt til að leita, ekki satt?

Þetta er þá sprell. Hæfileikinn til að skapa er kímni ein. Leikur einsog feluleikir barna. - Eitthvað þarf í þeim leik að fela.

-Er kannski engin áætlun?

-Ástæða sköpunar er fyrir hendi í eindinni. En líklega er þetta aðeins leikur!

Öll regla og framþróun (**Rán**, dharmá, niyati, **Pund**) er innan vitundar (/ **ginnungaps**).

Brahman (vitundinni) er alltaf fylgjandi niyati (reglan) í **Ægi** er alltaf **Rán**.

Svo þarna er ástæða sköpunar fundin!! Var fyrir hendi!!

En

áðeins í sambandi við þann sem bjó sér þetta til, og hún endist meðan sá hinn sami vill.

Ósvinnir gætu sagt: Skaparinn geislaði út og skapaði, eða:

allt varð til út engu (haft eftir íslenzkum dr.stjörnufræðingi).

Og bæta við: enginn hefur fundið ástæðuna fyrir þessu.

(Haft eftir sama stjörnufræðidoktor: heimspekingar eiga enn eftir að útskýra hvernig eitthvað getur orðið til úr engu!!!);

þetta segir nú eitthvað um hvað þeir læra þarna í stjörnufræðunum sínum!!)

Hluti ósvinnu okkar er að halda að allt eigi sér forsendu,
-- að orsök og afleiðing sé hið eina ófrávíkjanlega.

Guði er allt mögulegt, segir þá annar,
-- skyldi hann geta skapað svo stóran stein að hann sjálfur geti ekki
lyft honum??

(margra daga rökræður kykjuþings á öldum áður)

Svo,
sé engin ástæða fyrir sköpuninni,
hvers vegna byrjaði þetta þá?
Ef ástæða var/er,
hver er hún þá?

Engin ástæða, engin orsök. Samt er þróun tilgangur þessa alls.

Þund dharma

Engar andstæður eru í eindinni. En samt: eindin leyfir tvennu.
Allt þetta sköpunarfinerí er eind
og þar sem í eind eru engir „hlutar“ (því þá væri hún ekki eind)
„virðist“ okkur aðeins sem hún taki á sig lögun og eiginleika.
Eindin „leyfir“ tvískinnung og klofning í margt.

Í heimsímynd hvers og eins koma Gunnarnir **þrír** við sögu.
Tri-gúúna eru **þursamegir III**, eiginleikar náttúrunnar,
sattva rajas (frb. radjas) tamás.

Í líkamanum er þrieindin vaata (vindur), pitta (gall), kapha (slím).
Þegar vata-manngerðin hugsar, er allt á fleygjiferð,
pitta-manngerð sér eld og hita og þarf að yfirstíga erfiðleika, sigrast á
öllu, helzt sigra allt og alla,
kapha-manngerðin sér alls konar vatnatengda fegurð og ró.

Í **Valhöllu** eru eiginleikarnir í hrími, **and- eld- sæ-hrímnar**.
svo **einherjar** eru í jafnvægi með þetta veraldarvesen þríeindanna.

Það er rosalega þægilegt að vera **einherji**.

Maður fer ekki á fylleri með **Óðni**, ef einhver skyldi hlakka til svoleiðis,
heldur starfar áfram að sínu,
sem kemur til manns óbeðið.

Einherji er einsog verkfæri í höndum framþróunar, **Þundar** /dharma.

Hann er ekki ölvaður af sjálfsánægju, því hann hefur losað sig við burið
„ek, mik“,

lítillátur einsog jesú, starfar einsog jesú,

Það er þetta markmið allra manna sem jesú stendur fyrir.

En gætið ykkar nú:

Að ákalla og dýrðka Jesú er viðurkenning á að hafa ekki fundið
markmið þetta í sjálfum sér. Maður ákallar eitthvað sem ekki er hér.

Vonar eitthvað sem ekki er, biður um eitthvað sem ekki er.

Náttúran sér fyrir öllum þörfum **einherjans**.

Rosalega notalegt líf.

Ekki þarf að æskja neins, því allt kemur óæskt.

Þetta eru svo hagnýt vísindi.

Vitundarvísindi forfeðranna okkar. Útskýrð af nútímaeðlisfræðingum.

Hver hugsun einherjans er hagnýt kraftmikil jákvæð sköpun.

-Nú þyrfti ég aðeins að fá að skipuleggja hugsanir mínar!!

Þú segir:

með því að hlusta á þetta, með því að hugsa um það, með því að skilja þetta, gangi betur að tileinka sér þennan tilgang lífsins, þróun til tærleika, því nú veit maður að þetta er til.

Tærleiki er þá væntanlega Sattva-Gunni, fingerðasti eiginleiki náttúrunnar, fyrst það er hugsun á annað borð;

og svo:

ekkert þýðir að hugsa sér þetta, ímynda sér þetta, látast sem það sé, því

það er aðeins blöff og sýndarmennska.

Er gott að hugsa um þetta og **sóa** svo allri hugsun?

Falla svo aftur þaðan og byrja að hugsa um þetta uppá nýtt?

Og svo:

Maður þurfi aðeins að hemja hugann

(--og gæta sín á framboði skilningarvitanna--),

hemja langanir,

en samt þýði ekkert að banna sér allar langanir

(--því öll þvingun skapi spennu,

og bann í sjálfu sér er sterk og orkufrek hugsun--).

Svo

að hugurinn sé harðstjóri sem ekkert þýði að berjast við,

það þýði ekkert að banna honum að hugsa,

endilega nota hann

en helzt koma honum fyrir kattarnef.

Það (að koma sjálfum sér fyrir kattarnef) geri hugurinn svo af

sjálfsdáðum

ef

hann fær tækifæri til -- með því að halda honum í **hangi** með mantra

(TM-tækninni iðkaðri).

Gunnlöð tæli okkur í **Hnitbjörg** og við smjúgum til hennar í **ormslíki** í

rottu-nöguðum göngum **Rata** -- sem ratar inn.

Einnig

að allt sem við teljum skapað sé hugans tilbúningur,

allt honum að kenna

*og allt honum þá að þakka að við erum hér að þæla í þessu?
Þú segir líka
að mannsins ábyrgð sé mikil gagnvart allri náttúrunni,
og einnig að toppurinn af tilverunni sé að verða **einherji**,
og þá séu allar gjörðir manns aðeins verk náttúrunnar.*

*Ber maður þá enga ábyrgð þegar hinu háa vitundarstigi er náð?
Aðeins leiksoppur náttúrunnar?*

-Nú brosi ég breitt!!!
Alveg útað eyrum; allan hringinn ef ég gæti.
Í fáeinum setningum kemurðu öllu fyrir.
Stórfint!!

Framþróun er tilgangur.
Þundar ægikraftur ber allt og alla í átt til framþróunar,
þróunar til fullkomleika.

Lögmál náttúrunnar flæða þarna innan **Þundar**
og menn ættu ekki að stríða gegn því ógnarflæði.

Óðsmál in fornu, 28.skræða um **Þundu**

Lif í sátt við **goð** og náttúrulögmál.
annað kann ekki góðri lukku að stýra.

Allt of margir menn hafa aldrei fengið fræðslu um þetta,
og búa sér til djöful og helvíti með vankunnáttu sinni.

Sá sem streitist gegn **Þundarflæði** og rís upp gegn flaumi hennar,
fær að sjálfsgöðu þung högg á sig. Annað væri ekki hugsanlegt.

Með því að stríða gegn lögmálum náttúrunnar
býr maðurinn til þjáningar

handa sér og niðjum sínum.

Urður Verðandi Skuld

Ginnungagap hefur ekkert sem heitir þjáning,
ekkert sem heitir djöfull,
en menn búa þetta til í ósvinnu sinni og vanþekkingu á **Pundu**.

Menn búa til þjáningu
og þjáningin er þeirra djöfull.
Slík er ósvinna manna að þeir skapa djöfla handa sér og sínum,
ekki aðeins handa ímynduðum óvinum heldur og handa ástvinum.

-Hvernig getur allt þetta dótari verið hér?

-Ímyndum okkur perlur á þræði, perlufesti,
við sjáum perlurnar, perlufestina, en ekki þráðinn.

Eins sjáum við allt skapaða fusið okkar
en ekki **ginnungagap**.

Hvað yrði um festina ef þráðurinn hætti að vera til?
Líklega perlur skoppandi um allt. Engin festi lengur.

Hvað verður um sköpunina ef **ginnungagap** bara lokar augunum?
Heimsendir, **ragnarök**,
allar veraldir gufa upp.

Allt fusið okkar fagra er í raun ekkert annað en hugsanir.

Hugurinn býr allt til.
Enginn hugur, engin hugsun, ekkert dót, ekkert vesen,
aðeins **Glaðheimar** vitundar

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm> 14. skræða

-Er ekkert fengið með því að hafna veröld,
fleygja öllu sem maður á
yfirgefa vini og fjölskyldu,
ráfa einn inn í helli,
-- meðan maður getur ekki fleygt huganum?

-Nei,
það er yndislegt að lifa alls nægtir.
Hrímpursar Gerðar eru ógott ástand, í **Barra** finnst **hodd goða**.

Eina ráðið til að komast í **Barra lognfara lundinn**, er að **sóa** huganum
og þá hverfur allt **Gymisgullið** um stund.

Hver segir að **Gerður** fórnir **Gymisgullinu** sínu?
gangi í klaustur og gefi allar eigur sínar? Sé brúður **Freys** í
hugarheimi? Nei, **Barri** er ekki klausturlíf!

Veraldargullið hans pabba hennar bíður hennar áfram, en aðeins
öðlast hún vitneskju um að til er annað,
og að það er hægt að lifa hvort tveggja:
gull Gymis 100% og **hodd goða** 100% um leið.

Förum til baka oní **ginnungagap**. Heim í upprunann, ekkert drasl til.
Lifum svo með **fimbulrúnir** og njótum alls sem er,
og það kemur án þess að við séum að sækjast eftir því!!!
Frí heimsending á öllu sem við höfum ekki pantað.

Förum til baka oní **ginnungagap**.

-Hvernig þá?

-Með huganum.

Hann er til síns brúks nýtur.

Sleipnir er heimfús.

(**Sleipnir** er taugakerfi manns)

Við temjum hann þar til hann er þjáll og viljugur,
rennur í Ásgarð og til baka.

Við löðum hugann með hljóði, hugsun, mantra, **Gunnlöðu** okkar,
hann verður hugsun ein, fingerð,
og **nýsir** inn í **gapið** af náttúru sinni.

Svona varð þetta einfaldlega til:

Ginnungagap, eilífðin, sannleikur, eind, á hreyfingu

-- innan sjáfs sín -- einsog gefur að skilja því ekkert annað er.

Öll þekking er til staðar í **ginnungagapi**

möguleikar alls

ginnungagap er allt

er alls staðar

ekkert annað er.

Hugsun verður til -

hvar?

í **ginnungagapi** auðvitað, hvar annars staðar?

Forvitni.

Leit innan sjálfs sín.

Finnur aðeins sjálf sig fyrir, auðvitað, því ekkert annað er.

Óðinn Vili Vei og strax til baka **Vei Vili Óðinn** í eind,

hugsun/forvitni leit fundið!!
Spilið búið, á byrjunarreitinn aftur.

Annað er ekki
svo hér er hægt að hætta þessari umræðu --

nema einhverjar fleiri spurningar séu?

og kannski má taka fram svona í leiðinni:
Sköpunin er af hinum sattvísa huga.
Þas hið fingerðasta í huga manns er sköpunarkraftur.

Maður í jafnvægi er með Gunnana alla **þrjá** í jafnvægi,
en jákvæðasti maður er með Sanna-Gunna í miklum mæli.

Æskilegt er að rækta sattva.
Og hvernig þá?
með aahara (því sem við neytum) og vihara (því sem við gerum).

Mikið sattva, og við kjósum sjálfkrafa hið rétta. Það sem er í **Pundar-**
flæði.
vihara, rækta sanna-Gunna í huga sér.
Gæði hugans stjórna gæðum hegðunar.

PNI (psychoneuroimmunology), sál-tauga-ónæmi-fræði, skemmtilegt fag.
Neikvæðar hugsanir (reiði hatur öfund... sem eru tilfinningamál í
upphafi) fá okkur til að framleiða slæm efni í taugakerfið,
en
jákvæðar hugsanir af góðum tilfinningum styrkja ónæmikerfið okkar.

Það má búa til vana,
-- einmitt meðan maður er að byrja að skilja að gott væri að upp-
ljómast --

bezt að breyta hægt og rólega og markvisst,
og
innan mánaðar fer vaninn okkar að verða áreynzlulaus.

-Spurning:

hví er ég hér?

hvað er það að gera hér

Einsog jarðálfarnir í Ronju ræningjadóttur: akkuru akkuru akkuru.....

-Góð byrjun.

-Á hverju?

-Hverju sem er.

Í þínu tilfelli: hvað er þetta „ég“?

Hvað er það að gera hér?

Þjó ég það til eða það mig?

Hafa heimspekingar nútímans sagt nokkuð af viti um hvort ég er vegna þess að ég hugsa eða hvort ég hugsa sem afleiðing af tilveru minni?

Hver alheimur er ósjáanlegur títuþrjónshaus úti í horni - eða á flakki einhvers staðar - innan vitundar.

En synþin er í kroppnum okkar

og synþ er ekkert annað en uppspuni og ósvinna,

heimasaumuð, klæðskerasaumuð, af okkur sjáfum hverjum og einum.

Við eigum heila gyðju, **Synju**, sem fjallar um þessi mál.

fornu, 6. skræða

Eina leiðin til að rusla synþ út er að losa sig við hugann. Þar með Gunnana **þrjá**. Hugur er heimaríkur hundur.

Sleipnir, taugakerfi lifandi manns, er til þess, er háþróað tæki til þess.

Losa sig við Gunnana **þrjá**, trí-gúúna, eiginleika náttúrunnar, sem stjórnna öllu, **ámáttkt** veraldar afl. Þeir eru svona heimatilbúningur hvers og eins, úr því að ég bý þá til, hlýt ég að geta losað mig við þá aftur, ekki satt?

Náttúran er aðeins hula.

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>
35. skræða

-Yfir hvað?

-Það sem eftir stendur þegar huganum er **fórnað** í eindina miklu, allt veraldardótariid hverfur án þess að við fleygjum neinu.

Þetta er eina **fórnin** sem þarf.

Það eina sem er, stendur eftir.

Val á sanskrít þýðir að snúa við, snúa heim, fara til baka, og við höfum val um hvað við gerum.

Vala er á sanskrít hellir.

Nei, það er ekkert fengið með því að búa í helli, allslaus,
 ef maður hefur enga tækni til að **sóa** huganum.
 Getur orðið leiðinleg bið eftir einhverju sem ekki kemur.
 Maður gæti horast niður, bíðandi.
 Veslast upp og visnað, andlega og líkamlega.

Meðan hugurinn er að vasast er maður sko ekki allslaus.
 Hefur allt sem hugann girnist, nema **ginnungagapið**,
 þótt við séum það í raun.

Það er gaman að sofa í hellum á Íslandi.

Það hef ég oft gert.

Hellir númer eitt. (1) Hundruð fagurra heillandi náttúruhella á Íslandi.

Hellir númer tvö (2) í óeiginlegri merkingu að loka sig af frá öllu og öllum,
 búa í myrkri og einmanaleika.

Númer tvö-B (2b) er: þessi einangrun sjálfumglaðra fræðinga
 er kölluð filabeinsturn.

Þeir hafa múrast inni í sérgrein, vita mikið um lítið sérsvið,
 en lítið um heildina - lítið um mikið,
 því þeir hafa ekki nógu stóra glugga á turnunum,
 og engan tíma til að vera að glápa útum glugga á annað,
 eitthvað þeim óviðkomandi sem aðrir eru að gera,
 nenna ekki að hafa þverfaglegt neitt, aðeins afmarkað sérsvið sitt.

Mikil þekking á fyrirbærum og engin á **ginnungagapi** kallast mógha-dñjana,
 tilgangslaus yfirborðsþekking. Það vantar botninn í tunnuna.

Númer þrjú (3) er svo launsögnin **Hnitbjörg**.

Þar bíður okkar **Gunnlöð** og býður okkur uppá **drykk** af dýra miðinum
 á **gullnum stóli**,

og rekkju, dvöl til **þriggja náttu**.

Vill helzt ekki sleppa okkur, vill hafa okkur áfram.

Svleiðis hellar finnast víða í goðsagnaheiminum.

Í helli finnast loks kýrnar manns, en gó er kýr og gó er geisli.
Þeim var stolið, en fundvís tók er Sarama (sú sem rennur hratt sem
árstraumur).

Ótal straumharðar **ár** eru í okkar fornu sögum.
Hvað eru þær?

Leiðin í **Hnitbjörg** er greiðfær, en ekki alveg án smá athafnar,
fyrirhafnar. **(Bölverkur og ormslíki)**
Tæknin TM heldur huganum í **hangi**,
heilluðum af hljóði sem maður hugsar í hljóði,

og hugurinn **fórnar sér** sjálfkrafa í kyrrðina og gleðina gleiðu
-- sem hann er jú alltaf að leita!

Við erum að leita okkar eigin vitundar og víkkum út í alheimsvitund.
Manns eigin vitund og alheimsvitund er eitt, ekki tvennt.

Maður **nýsist niður**
og fellur aftur þaðan á þriðja degi, upprisinn úr rekkju **Gunnlaðar**.
Með vömbina fulla af **miðinum góða**.
Varla hraðfleygur þótt **í arnarhami** sé
-- vegna ofdrykkju **mjaðarins dýra**.

Það eru nenfilega svolítill viðbrigði,
eftir að hafa **í ormslíki** náð inn í gegnum **ormagöngin** hans **Rata**
rottu,
að koma aftur út í hugsanir sínar / eða kappflug við **Suttungs-**
haukinn.

Farið bara rólega í gegnum tímarúmsfroðuna, **Freyjuna**.

Þetta er mjög gaman allt saman þótt **bölverk** heiti að hluta.
Allir brosa samadhi-brosinu fræga. -- Uppsöfnuð streita gufar upp.

Að stunda TM-tæknina er veigamesta atriðið í heilsuvernd og heilbrigði.
Forvarnir, því allt verður í samhljómi við tenginguna við **ginnungagap**.

Óðinn Vili Vei þurfa alltaf að ganga til baka í eind.
Annars er bara vesen.
Látið ekki greindina ykkar flottu plata ykkur. Hún er hugar-
skapnaður.

Þjóðvitnir, 4. skræða fornu, og pragyaaparadha, mistökin okkar

Míígham, tilgangslaust,
sá sem ekki **nýsist niður** til að hlaða batteriín og **nema upp fimbul-
rúnir**
hefur tilgangslaust æviskeið.

Sumir sjá guðspjöllin sem æfintýri handa börnum.
Svo við segjum börnunum Öskubusku Mjallhvíti Þyrnirós Rauðhettu úlfinn
svanavatnið prinsfroskinn eldfuglinn jesúbarnið,
segjum þeim að **guðin** í alheiminum biði hvert annað um hjálp,
og allt þetta hjálpar óuppljómuðum mönnum við að gera huga sinn fingerðari.
Pabbinn sem les fyrir barnið sem sofnar inni sögurnar, lokar bókinni betri
maður, breiðir yfir barnið og slekkur á kertinu.

Öll **guð** eru hugarsmið okkar.
Einn Guð (með stórum staf, í karlkyni eintölu) er hér engin
undantekning.
En tómið (einsog sumir nefna **ginnungagap**) er eilífðin.

Við erum á hugarnótunum þegar við áköllum eitthvert **guð**, eitt eða
fleiri,
og sá hugarkraftur er aðeins í hugarheimi.

En hægt er að ausa óendanlegum krafti eindarinnar í hugann.
Hugsun getur komið úr eindinni, óflekkuð altær fimbulkraftmikil.

Miðað við **ginnungagap**
eru allir veraldarkraftar smáir og máttlausir.
Guðin sem og annað teljast veraldarkraftar. **Forsetar** lögmálanna.

*-Hvers vegna falla **rögnin** við **raganrök**?*

- **Troða halir helveg.**

Þá hættum við að hugsa þau.

Ginnungagap lokar augunum.

Ný **guð** koma á ný með nýrri hugsun.

Þegar **Ginnungagap** opnar augun á ný.

Ekkert deyr, ekkert fæðist,

Við getum varla sagt að allt sé í **ginnungagapi**, allt er það,
ekkert annað er.

Það tekur ekki þátt.

Hugsanir góðar eru góðar,

en ef við viljum endalausán áreynzlulausan kraft, þá

nýsum við niður, reglulega alla ævi.

TM er auðvelda tæknin. Auðlærð, áreynzlulaus, fljótverk.

Auðvelt svar er við vandamálasurningunum:

svarið er:

- engin vandamál eru til.

Þegar við sjáum þennan sannleika,
 erum við laus við vandamálin.
 En hvernig þá: „sjá þetta bara???“
 svar:
 uppljómast!
 losna við allan grugg úr okkur!

Búið er að hamra svo mikið á að karlkynseintölu-Guð beri ábyrgð á öllu, stjórnari öllu,
 bara tilbiðja hann (í 3ju persónu á sviði hugsana og heitra tilfinninga)
 að við erum hætt að skilja okkar eigin ábyrgð á öllu. Eigi sem ég vil.

Meðan við vitum ekki af okkar eigin sköpunarhæfileikum,
 okkar eigin ábyrgð í þeim efnum,
 höldum við áfram að stríða gegn lögmálum náttúrunnar í heimsku okkar.
 Og gremi mikið safnast upp.

Eigi sem ég vil er aðeins áminning um að stríða ekki gegn **Þundu**.
 Stríða ekki gegn lögmálum náttúrunnar,
 heldur styðja framþróun með hverri okkar hugsun gjörð orði.

Búið er að nota svo mikið af hugtökum
 til að útskýra hitt og þetta
 að hugtökin eru orðin vita gagnslaus;
 menn hrökkva í ranga innprentun um leið og þeir heyra þau.

Búið er að misþyrma orðum,
 gefa útskýringar sem ekki er flugufótur fyrir,
 búið að þýða úr einu máli á annað með tilheyrandi brenglun og
 hjákroti,
 með böglungi og skilningsleysi,
 með erlendum orðum sem orðin eru að hugmyndafræði í sjálfum sér.

Maður þekkir tré á því hvernig það geltir
(þýðing á: you know a tree from its bark)

Sumir hafa prófgráður,
sumir þykjast skilja,
sumir segjast vita,
sumir trúá hinu og þessu, og eru jafnvel rökheldir vegna trúarsetninga sinna.

Svona er það með **guðs**-hugtakið.
Orðinu, sem er evrópskt, var komið fyrir til að bola burtu öllum **guðum** forfeðra okkar.

Ljóst er að þetta orð, Guð (kk.et. m.stóru G) á ekki við **ginnungagap**, því orðið „tóm“ er haft um það í Guðs-fræðum, og eiginleikar þessa Guðs eru svo augljóslega veraldlegir. Hann vasast í öllu sem er alls ekki **ginnungagaps** hegðan.

Allt tal um Guð er augljós hugarsköpun um hið skapaða. Þetta sem hugurinn okkar skapar.

Nú skiljum við,
að við höfum óendanlegan sköpunarkraftinn.
Sá uppljómaði sér,
að hann vinnur ekki sem „ég“, „ég er að gera“, heldur
að hann vinnur fyrir framþróunarplanið mikla. **Þundar**-flæðið.

Þetta stendur Jesú fyrir.
Sem betur fer eru allra trúarbragða menn nú að læra TM-tæknina, til þess að öðlast dýpri skilning.

Hvað hefur t.d. einhver guð að gera með stríð mannanna?
Ekkert,
því stríðandi menn eru blindaðir af gruggi, streitu.
Enginn trúarofsi né heilög stríð eiga sér sess í hinu tærasta.

*-Ég er oft að hugsa um **Loka** sem mannkynið.
Hann er að prófa, fá hugmyndir, klúðra og redda.*

*Ég skil að **Loki** er okkar sköpun
og í honum gerum við grín að sjálfum okkur og barnskap okkar.
En seg mér:
Sköpum við einnig lögmál náttúrunnar?*

-Við sköpum alla skapaða hluti.
Möguleikarnir búa í samsivði allra náttúrulögmálanna,
ekkert er hægt að hugaskapa nema það sem fyrir hendi er í eindinni
sem möguleiki.

Í þúsundir ára hafa menn hugsað um eilífðarmálin.
Menning hefur mikla og djúpa merkingu.

Náttúrulögmálin stjórna öllu sem er, og öllu sem heitir líf, í þessum
skapaða heimi okkar.
Forsetar þeirra eru **guðin, rögn, regin** (fullkomin alheimsregla).

5. skræða fornu

Innan **ginnungagaps**, sem er á **iði**, á hreyfingu innan sjálfs sín,
er þekkingin -- öll þekking -- til staðar
það þekkir sjálft sig.

Það er einnig skipulagsorka,
en **gapið**, ósköpuð vitund, eind, er möguleikar alls.

Það fæddist aldrei, deyr aldrei.
Og munið að við erum það.

Gapið er óendanlegur **Ægir** vitundar
og það þekkir sjálft sig.

Í því er öll þekking. Engin þekking er til sem ekki er í því.
Og munið að við erum það.

Rán Ægir

í Óðsmálum fornu, 2. skræðu

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Rán er þessi skipulagsorka fullkominna vitsmuna.
Hún finnst innan **Ægis**.
Hvorugt er án hins.

Gapið hylur og felur **Óðin Vila Véa**, og þegar þeirra forvitni fer af stað
fela/hylja þeir gapið.

Vili hylur/felur **Óðin** (leitir yfirgnæfir hugmyndina)

Véi hylur/felur **Vila** (hið fundna yfirgnæfir leitina)

svo **Véi** hefur þennan hæfileika/eiginleika að fela eða eyðileggja fyrir
manni það sem hann veit, svo maður „sér“ aðeins hann: **Véa**.

Hann verður hula -- rétt einsog náttúran okkar -- hylur raunveruna.

Þá gleymir maður hvað maður er.

Og er alltaf að leita að því -- en of oft á röngum stöðum:

--Ákalla eitthvað þarna úti einhvers staðar, eitthvað sem greinilega er
týnt;

maður kallar á það sem er langt í burtu,

kallar ekki á eigin vitund, frekar hvíslar, því hún er nálæg.--

Áttföld náttúra er möguleikar í samsviðinu, **ginnungagapi**, þar sem uppruni náttúrulögmálanna býr.

Þessi áttfalda náttúra, prakriti, er:
 „ek“ (einstaklingstilfinningin),
 vitsmundir (búddh),
 hugur (mana)
 og 5 höfuðskepnurnar.

Í rishi, **Óðni**, sem er eiginleikinn að detta í hug að leita þekkingar, eru þessi 8 prakriti;
 í devata, **Vila**, sem er framkvæmdakrafturinn í leitinni, eru þau einnig þessi 8 prakriti (hin áttfalda náttúra sem eindin virðist skiptast í);
 í chhandah (frb. tsjandas), **Véa**, sem er það sem finnst, athugað og skoðað er, eru þessi 8 prakriti („náttúrur“, 8-föld skipting hennar) líka.

pra áður fyrr fyrir, krit gert;
 kvengerður þáttur sköpunarverksins
 skapandi gyðjur og móðir náttúra.

Nú verður flókið að eiga við hvert atriði til að reyna að koma öllu í lag, svo við eltumst ekki við þá endalausku skiptingu sem á sér stað þegar hún fer af stað í hugarheiminum.

Einfalt er að losna við það allt,
 vera eindin ein, tær vitund,
 og jafnvel náttúrulögmálin verða okkur augljós þegar við vígjumst tær,
 auðvelt þá að lifa í samræmi við þau.

Við getum lifað í fullkomnu samræmi,
 ef við vinnum útfrá þessu grunnsviði tilverunnar,
 og þurfum ekki að vaða í ósvinnunni okkar -- því hún er óraunveruleg.

Aðeins **tröll**.

Allt sem er neikvætt
er vegna þess að við lifum ekki í flæði með náttúrulögmálunum okkar.

Það sem við gerum segjum hugsum ætti að vera hið sanna.
vihara og
aahara

Einnig hefur maturinn sem við neytum sitt að segja:
Matur skiptist í sattva radjas tamas eða
sannan
æstandi
fúlan.

Fíllinn er látinn tákna sanna fæðu. Sattva.
Fíllinn er undantekningarlaust eingöngu grænmetis- og ávaxtaæta, og
nógu greindur til að vinna í samfélagi manna, filsterkur en þó mildur í
skapi.

Tígrisdýrið er þekkt fyrir árásargirni og stryk og sinn veiðihug. Það
drepur og étur önnur dýr.

Tigurinn táknar æsandi mat. Radjas.
Þótt engifer og pipar sé af hinu góða fyrir meltinguna, er laukur ekki
góður fyrir taugakerfið þegar maður vill **hnýsast niður**. Laukur veldur
þá bara hausverk.

Sjakalinn, hundategund, er látinn tákna rotinn mat og þarmeð tama-
huga manns.

Sjakalinn er hrææta, leifaæta, veiðir raunar líka smádýr og fugla,
forðast dagsbirtu, er latur, er heigull.

Sveppir eru slæmir fyrir taugakerfið, einnig stífla harðir ostar fingerðar rásir, og allur kæstur, rotinn og rotnandi matur stíflar rásir (**álfa** elfur ríbhú) og gerir mann þungan og sljóan.

fornu, í skræðu 23 **álfar**

Ef við viljum allt jákvætt og eingöngu gott, þá skulum við læra tæknina til að vinna útfrá **ginnungagapi**, tærri vitund okkar.
Transcendental meditation. TM.

Tær maður velur sjálfkrafa hið rétta, hið bezta, hið sanna,

en það má auðvitað aðeins reyna að hafa stjórn á vali sínu áður en maður uppljómast.

Kallast atferlis/hegðunar-rasyana. Meðvitað rétt val.

Endilega **sóumst** til að vigja okkur altær með tíð og tíma.

Þetta er hverjum manni hið auðveldasta líf.

Auðvelt að tileinka sér það,

og allt verður auðvelt við það.

Gagnvirkt og gagnlegt: auðvelt að gera og gerir allt auðvelt.

Við iðkum TM-tæknina,

hugur **hangir á vingameiði** við að mantrað nær athygli hans,

hugur **sóast í ginnungagap** -- sjálfur af eigin náttúru sinni

-- af sjálfu sér

því **ginnungagap** er það eina sem er þegar hugsun sleppir.

Óðsmál fornu, 27.skræða, hið eðlilegasta einfaldasta auðveldasta;
enginn þarf að brjótast inn í sitt eigið hús

Engrar leiðslu hugans er þörf

því hugur gerir þetta af sjálfu sér. Hug„leiðsla“ er ógott hugtak.

Römm taug rekka dregur föðurtúna til.

Ímyndun eða einbeiting til trafala (ekki eyða tíma í slíkt) skemmir fyrir tefur fyrir og þvælist fyrir flæði hugans innávið. Veldur þreytu og einhæfum hugsunum.

Tilgangurinn er að losna við hugsun, ekki að hafa hugsun í kollinum til eins eða neins brúks.

Hugurinn gerir þetta af eigin náttúru sinni.

Þróun okkar veltur á því að **hnýsast niður**.

Tilgangur lífsins og allt **Þundar**-flæði, þróunarferlið, byggist á því að **hnýsa niður**, sameinast vitund.

Gleymzt hefur að kenna okkur þetta, svo eitthvað hefur brugðizt. Gleymzt hefur að segja okkur til hvers við erum að lifa í okkar kroppi.

Hið veigamesta er að skapa betra og betra.

Það gerum við með því að finna fingerðari og fingerðari svið hugans.

Yoga er að hann hverfur alveg. (hið eina sem er í raun yoga)

Sameining einstaklingsvitundar og alheimsvitundar í eitt.

Þannig verðum við æ tærara og hver hugsun úr uppruna sínum, rétt og góð.

Allt sem við gerum og upplifum, njótum í lífinu, og það sem kemur fyrir, er okkur stundum svo ofur raunverulegt -- við sjáum ekki að það er óraunverulegur tilbúningur. **Tröllin** okkar.

Við ættum alltaf að muna eftir að mest áriðandi er að stunda samsviðstæknina hvern dag,

því þá veslast **tröllin** okkar upp og hverfa úr okkar lífi.

Mjöllnir hleypir **Sólar**-sælu til okkar.

Við skulum ekki ofþreyta kroppinn okkar,
aðeins halda mátulegri athafnalöngun,
því við megum ekki vera yfirþreytt við að stunda samsviðstæknina.

Ofþreyta á líka við um huglæga vinnu.

Við **hnýsum** bezt **niður** ef við höfum ekki ofboðið okkur,
en bezt er að vera mátulega athafnasamur.
Það er heldur ekkert fengið með því að gera ekki neitt.

Gott er að hafa hægri fót og vinstri fót þegar við göngum,
og gott að hafa athafnir og kyrrðina
--tæknina til að **sóast** ásamt vinnu í lífinu--
þegar við viljum þróast ört.

Vitið þið að þeir sem ekki sameinast vitund gætu verið þúsundir ára að
þróast um jafnmikið og sá sem iðkar samsviðstæknina gerir í hvert
einasta skipti sem hann er án hugsunar, án trí-gúna !!!

Sidhi-tæknin, framhaldið, er að læra að hugsa útfrá tærri vitund.

Siddhi þýðir fullkomnun. Hugur vinnur útfrá **ginnungagapi**,
því samsviði náttúrulögmálanna,
samsviði allra náttúrulögmálanna.

Því tilheyrir tæknin við yogافلgið,
sem er þekkt fyrirbæri um allan heim á öllum öldum.
Hjá okkur er það að fara í **fjaðurham**,
kallað **gandreid**.

(**gandur** er gás gæs, eða á við **álftarham**, hamsa)

Þannig getur maður séð um heima alla.

Við köllum það að vera í samadhi þegar við **hnýsumst niður**,
engin hugsun til staðar,
fjórða vitundarstig manns,
og svo **föllum við aftur þaðan**,
og þá eru hinir óuppljómuðu ekki í samadhi lengur.

Hávamál

En samt, þótt við **föllum aftur** út í hugsanir,
verða áhrifin eftir í okkur.

Það er savikalpa samadhi,
við erum að byrja að þróa okkur og við **föllum aftur** út í hugsanir.

Savikalpa er í mismunandi finleika.

Við erum í ferli innávið.

* Mantrað verður fingert,

en við stjórnnum ekki mantranu, bara hlustum, leyfum því að ná athygli okkar, leyfum því að breytast að eigin vild.

* Mantrað getur hætt að vera hugsun eða hljóð og verður rythmi eða humm.

Munum, að við stjórnnum ekki mantranu á einn eða annan hátt. Hvorki hraða né örðum breytingum.

* Mantrað getur hætt og aðeins getur verið birta, nú eða ekkert svo-leiðis. Einsog ekki neitt.

Við tökum ekki eftir því, hvað þá meir.

Öll hugsun dregur hugann úti hugsanir á ný, og það er þveröfugt við tilganginn.

* Svo vita þeir sem TM stunda að stundum er ekki neitt, ekki mantra, ekki hugsun, ekki einu sinni tilfinning um birtu, aðeins kyrrð sem engin hugsun nemur. Vaka en engin hugsun.

Oftast er þetta svo eðlilegt að maður nemur það ekki.

Þetta er sæla **Glaðheima**.

Við erum án þess að vera ég og þú eða svoleiðis. Aðein þetta „er“.

Manns fjórða vitundarstig.

fornu 33.skræða

Við finnum tæra vitund, sem sagt er að sé admikanugat samadhi.

Sólar sælu.

fornu 17 **Sól**

(„Er“ admi)

Eða við finnum sæluna í vitund, anandanugat samadhi.

(„sæla“ aananda)

Maður er að byrja að ná nitya samadhi

Nitya samadhi, að vera eilíflega og alltaf í samadhi,
sem heitir nirvikalpa samadhi.

Maður sá sem þannig lifir skilur að við erum guðlegar verur eða

ginnungagap.

Hann er í samadhi jafnvel þegar hann hugsar og vinnur og svoleiðis.

Það er 5. og sjötta vitundarstig, **Valhöll.**

Sá maður er eðlilegur. Hann er **Huginn og Muninn.**

Hann er altær. Svífur í himinvitund.

Nirvikalpa þýðir stöðugt óbrjótanlegt eilíft endist órofið
er jivan mukti (frb djívan múkti), guðlegt líf, eilíft líf.

7. vitundarstig er að lifa eind.

Þegar maður hefur þekkinguna miklu langar mann til að segja öllum frá.

Þannig maður finnur að eðli lífsins er að vilja gefa öllum hið bezta og fallegasta,

hið mikilvægasta,

veita þekkinguna,
og gefa það sem gefur öllum tækifæri til að komast á æðstu
vitundarstig.

Eðli lífs er gróska, eðli þeirra tæru er að gefa.

Ómótstæðileg löngun til að öllum líði vel,
allir geti fundið **Glaðheima**.

Þær hugsanir sem skapa úr **ginnungagapi**, tærri vitund,
eru allar úr einföldustu flekklausri vitund,
þannig að fullkomleiki og heildin sjálf eru hér gjörðir okkar. **Urður**.

Þetta er svo yndislega einfalt.
Hugsunin kemur beint úr kyrrðinni.

Kyrrðin er vökul,
en vökul kyrrð er hið eðlilegasta ásigkomulag.

*Gróska er náttúruleg öllu sem lifir,
*aðlögunarhæfileiki er öllu lífi eðlilegur,
*samræmi finnst í öllu.

Lögmál náttúrunnar innihalda þetta
(-- grósku - aðlögunarhæfni - samræmi--)
við segjum að líf í flæði með þeim
-- allt atferli í samræmi við náttúrulögmálin --
sé
að sigla seglum þöndum með góðan byr í **Valhöll**.

Aðeins hið jákvæða er þá okkar hegðan.
Náttúrulögmálin með okkur.
Og það veitir byr.

Hið neikvæða er þá ekki til í okkar hegðun
(ekkert sem stríðir gegn lögmálum náttúrunnar)
enda feykir slíkt niðurrífandi athæfi okkur af leið. Sleppum því.

Ósvinna er sú eina synd sem maðurinn fremur.

Ósvinna er orsök þjáningar og aulaskapar.

Þegar ósvinna okkar gufar upp, hverfur öll ímynduð þjáning og öll vandræði.

*-Já, en, seg mér **Syn** hvað veldur ósvinnunni.*

Ég fer í bað daglega og burstu tennur.

Et aðeins sattvískt syndlaust fæði, neyti einskis sem felur í sér synd.

Ég veit að syndin er í kroppnum.

Syn í 6. skræðu inna fornu

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Syn:

-Hugaðu einnig að því að streita er í taugakerfinu,

ama, eftir slæma meltingu, situr eftir í vefjum og stíflar rásir **álfa** elfur,

neikvæðar hugsanir, öfund, framapot eru til þess eins fallnar að tefja fyrir framþróuna okkar.

Ekki vera að beina athyglinni að neikvæðu.

Eflum frekar, meðvitað, í huga okkar hið jákvæða.

Tilfinningar og hugsanir verða að „efni“ í ónæmiskerfi líkamans.

Örlög eru það sem „ég“ bý til. Sá sem hugsar býr til sína **Skuldu**.

Þótt skynfærin útfæri hugsanirnar, er ekki hægt að þau séu hinn raunverulegi framkvæmdastjóri.

Sá sem er ábyrgur er sá sem hugsar.

Hann býr til kroppinn sinn, og hann býr til þessa fingerðu tilfinningu um einstaklingssál, þetta „ég“-hugtak, sem við könnumst vel við.

Ekki er nóg að deyja úr þessum kroppi --skreppa til Heljar-- því það sem máli skiptir í sambandi við **Skuldu** er sá sem hugsaði það sem gert var, sagt var, hugsað var.

skræða 13 í inum fornu **Hel**,
og 33. skræða **UðrurVerðandiSkuld**

Hugsanir er **Gungnir** sem skellur á einhverju og kemur einsog hvert annað bergmál, **Verðandi**, til baka til þess sem hugsaði hann.

Þetta getur tekið stuttan tíma, nú eða milljónir ára, og heldur áfram meðan hugsanaheimur stendur.

Sumt bergmálar úr nánasta umhverfi, annað fer um gervallan alheim og svo til baka.

Við erum sífellt að skapa **Urðar-Gungni**.

Þessi **Urðar**-fræ eru óhemju þver og þrálát og lífseig meðan heimur stendur.

Ef við hugsum um að meiða og særa, höfum við meitt og sært allan heiminn.

Enn meiri áhrif ef við höfum viljandi hugsað þetta, kannski aðeins minni ef við gerum eitthvað óvart eða óviljandi.

En samt.

Dýrin skilja ekki **UrðiVerðandiSkuldu**, ekki þann **Gungni** sem þau búa til.

En maðurinn skilur, og því er hans skömm og hans ábyrgð það sem allir siðir tala um.

Ekki vegna þess að hann sé herra jarðar til að drepa og gernýta, heldur vitiborinn, geti skilið, hafi frjálsan vilja, til að gera veröldina sína fagra handa öllu sem lífsanda dregur.

Margar skoðanir eru á hverju sem er.
Það er vegna mismunandi vitundarstigs manna!

Hver og einn túlkar allt útfrá sínu vitundarstigi.

Rígur, fornu, skræða 11

Við sjáum þau stig sem við höfum farið í gegnum,
en ekki þau sem við eigum eftir að ná.

Við skiljum þroskastig barna, að þau eiga eftir að þroskast,
en sjáum ekki að við erum einnig á þroskabrautu okkar.

Menn sjá allt útfrá sínu vitundarstigi.
Engir tveir sjá t.d. hið sama í ritningum.

Þeir sem halda að Jesú hafi þjáðst, skilja auðvitað allt útfrá sínu vitundarstigi, og þeir eru augljóslega á þessu plani.

Þeir sem skilja, að Jesú vildi gjarnan hafa hækkað heimsvitundina, geta kallað það þjáningu hans að hafa ekki getað gert það.

En
enga aðra þjáningu lifir uppljómaður maður.

Sá sem hefur það eina hlutverk og markmið að gefa öllum mönnum sannleikann, sá er á svo háu vitundarstigi sjálfur að hann þjáist ekki.

Hann er ekki upptekinn af eigin persónu og eigin hagsmunum, heldur vinnur fyrir hina guðlegu þróun. **Pundarflæðið**. dharma.
Hinn uppljómaði maður þjáist ekki.

Ekki tala illa um aðra, því það er ljótur **Gungnir**, ljót **Urður**,
Alltaf sér **Verðandi** um að koma **Skuldu** til eigandans.
Ekki velta sér uppúr syndum annarra, því það skemmir fyrir manns eigin tærleika.

Þeir hápróuðu bera mesta ábyrgð, því þeirra **Gungnir** er kraftmeiri en hinna sem í ósvinnu lifa.
Bezt að vígja sig tæran og gæta hugsana sinna.

Þannig er bezt að stjórna heiminum okkar.

raashtríya kavach, skræða 38 inna fornu
stjórnað út frá tærri vitund,
náttúrulögmálin stjórnað alheims.

Hugsun er vandmeðfarin,
Gungnir tvíeggjaður atgeir vitundar.
Hugsun þeirra sem **Valhöll** lifa, eða vilja þróast hratt þangað, er sterk.

*-Er þetta einsog „sálin hans Jóns míns; Gullna hliðið“,
nema hvað „Jón minn“ komst inn með svolitlu svindli, sem þó var vel
meint.*

*Þá eru þessi Óðsmál in gullnu e.k. „sankti pési“ við **Glasis**-hliðið?*

Ef ég nú vígi mig tæran,

kemst ég þá inni **Glasi?**

Verð ég þá einsog sálin hans Jóns míns á sviði leikhúss eða í kvæði
í asnalegum hvítum englabúningi, án vængja.

Kerlingin hefur skutlað mér inn í poka.

Hey! Hvað varð þá af pokanum?

Þetta var hörkugóður pokaskjatti.

Örugglega ekki fokið langt í lognmollunni hér.

Óður:

-Hvað ertu að bogra þarna inni í runna?

Ertu að leita að pokanum?

-Æ, ég hrökk í kút. Átti ekki von á þér.

Óður:

-Hugsaðu þér bara poka.

Þá verður poki.

Loki, Poki og Leiðindaskjóða,

bara leikmunir á sviði leikhúss,

áður til í sögu í huganum.

En svo skaltu ekki vera að hanga hér, engum til gagns.

Farðu nú úti ærlega norðlenzka stórhrið einsog hraustum manni
sæmir.

-Veiztu, **Óður,**

jörðin sem ilmaði, varð að vatni sem ég bragðaði,

vatnið breyttist í eld sem ég sá,

eldurinn varð vindur, eða loft á hreyfingu, sem ég fann með húðinni,

þar til loftið hvarf og varð rúm víðfemt sem himinn, sem ég aðeins heyrði.

*Þegar það og hvarf
var hugur einn,
kyrrðist í e.k. þekkingu eða einfalda greind vitsmuni vizku um allt sem
er.*

*Hún virtist svo vera ég,
þessi ég sem varð til af engri orsök nema hugdettu.
Hverslags bull er þetta?!*

Og svo:

Nei !!! Það getur ekki verið að ég sé ekki til sem slíkur!

1. apríl? Plat? Hugmynd?

*Finnst þér þetta ekki skrítið, **Óður?***

Óður.

Óður??

*Halló, **Óður!!!** Halló, ertu þarna?*

(víst týndur eina ferðina enn; þýðir ekki að leita)

*Ég vil nú ekki trúá því að ég sé ekki annað en hugmynd, mín eigin
hugmynd!!!*

Óður:

-Þekkjum ginnungagap

og þá vitum við allt,

þekkjum allt,

tattvadjan, lífsþekking úr **ginnungagapi**

þekkjumst aðeins það sem gefur byr.

Hið guðlega sér engin vandamál.

Enda eru vandamálin ekki til. Hafa enga tilveru í sjálfu sér.

Gruggur og ósvinna koma í veg fyrir að við lifum þann virðulega sess
sem okkur ber.

Veiztu af ábyrgð hinna hápróuðu? Þeir eru leiðandi afl.
Hinir, sem ekki vígja sig tæra, eru dragbítar á framþróun.

Við erum sjálf **guð** yfir okkar kroppi,
svo við skulum vígja okkur tær með því að **sóast** í eindina miklu,
hið eina sem er.

Ginnungagap er tómið í hverju heimur virðist vera.

Eitthvert óskiljanlegt „eitthvað“ er milli ginnungagaps og þessa skapaða
alls.

En tær vitund og efnisgerðar agnir er aðskilið.

Vitsmunir og tær vitund eru aðskilin.

Hvernig getur slíkt haft samband sín á milli?

Hvað er þetta eitthvað, kannski óútskýrður hugurinn, sem nær bæði
hinu óskapaða, þekkingunni í eindinni, og þessu grófa „skapaða“ sem
við köllum svo?

Þegar við dveljum í **Valhöllu** í okkar lífi, gerum við okkur grein fyrir
þessu og viljum skilja allt.

Að verða **einherji**, að lifa **Valhöll**, er fyrsta skrefið í átt að skilningi.

Við einsog sjáum útum hallargluggann hve allt er skipulagt, og sjáum
að við erum algjörlega guðleg og höfum alla möguleika,

sjáum að **Rán** er í **Ægi**,

sjáum að í öllu svífur guðlegt afl sem er allt í öllu, og hið eina sem er.

Svo koma enn fingerðari vitundarstig,
þar sem við smám saman lifum í eind.
Sjáum að allt er þessi eind.

Fyrst skulum við ná **Valhöllu**.

Það er byrjunin, svo getum við haldið í enn fingerðari stig þróunar okkar vitundar.

Þetta þurfa allir menn að vita.

Þekkinging þarf að vera aðgengileg öllum börnum, öllum mönnum.

Við spennum hestinn (sannleikann) fyrir vagninn (þekkingu handa mönnum).

Hesturinn dregur vagninn.

En vagninn getur ekki dregið hestinn,

þannig: ef við spennum vagninn (ósvinnu, skort á þekkingu) fyrir hestinn (hina æðstu þekkingu sem leiðir til fullkomnunar) höfum við klúðrað málum.

Til eru, því miður, svona kerfi sem snúa öllu á hvolf.

Hætt er við að sum trúarbragðakerfi hafi ekki náð að koma æðstu þekkingu til skila þannig að hún sé hagnýt mönnum sem vilja þróast á sinni ævi.

Innst inni eru allir menn að leita að **ginnungagapi**, vitund,

en að vissu leyti er það útblásnum trúarbrögðunum að kenna að menn telja þetta allt saman eitt allsherjar bull og tímasónun -- og peningaaustur í einhverja nokkra menn sem lifa af þessu í nafni stofnana.

Ef menn, leitandi menn, hafa engan aðgang að sannri þekkingu og tækni til að öðlast hana af eigin rammleik, er mannsævum sóað í tilgangsleysi og þróunarleysi.

Menn vilja elska **guð**, en það er ekki leiðin að hafa trúarhita, tilfinningahita, áköllunarhita, bænarahita, því þetta eru allt hugsanir og tilfinningar.

Sumir verða hreinlega guðleysingjar, því þetta er allt svo asnalegt og fjarri mannlegu lífi.

Það þarf að vökva ræturnar, ekki blöðin og greinarnar.

Þetta eru grundvallarmistök kerfanna, sem verða mikið af öðrum um þetta eitthvað, en aðalatriðið er ekki þarna; en hið eina sem máli skiptir er: eigin reynzla;

eigin reynzla af þekkingunni.

Vitundina þarf að hækka, og um leið hverfur þjáning og vandræði.

Í réttu hlutfalli:

hæsta vitundarstig mikil sæla

smáhækkað vitundarstig: minni vandamál, meiri varanleg gleði (án sorgar).

Ginnungagap og hið guðlega innsta eðli okkar er ekki endilega í einhverjum húsum og byggingum, heldur hvar sem er og alls staðar; en hægt er að hafa allar upplýsingar um þekkinguna tæra í byggingum og aðstöðu til að stunda TM-sidhi og yoga-flug í hópum:

Hugarboð úr eindinni, innar en allir veraldlegir kraftar.

Þá hækkar heimsvitundin.

Dr. John Hagelin, skammtaeðlisfræðingur:

„the hidden sector“

hulinn hugarheimur, samskiptarás vitundar og heila.

Við vitum að við eigum ekki að missa tengslin við **tívatún**

visast hér í „Óðsmál in fornu“
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>
tívatún 5.skræðu

Við þurfum að ræða við **Míms** höfuð.

Mímir 13.skræðu
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Þetta er inntakið í sið okkar forfeðra.

Við þurfum ekki innflutta pakka sem aðrir hafa þróað handa sér.

Þurfum ekki afleidd trúarbrögð, við höfum hið tærasta sjálf.

Getum vel skilið ef við viljum.

Þótt kenningar um grunninn eina sanna, **ginnungagap**, megi alls staðar finna ef grannt er að gáð,
 er okkar forna menning sú sem okkur hentar.

Grunnur hennar tær finnst í vedunum -- sem eru ósköpuð hljóðin innan vitundar.

Þar er uppruni okkar forna siðar.

Sem svo þróaðist með okkar staða náttúrulögmálum.

Útskýringar á táknmálimu í forna sið finnast í því að skilja vedur,
 Lausn táknmálsins liggur í skilningi á dýpt vedanna.

Ef við viljum skilninginn fullkomlega tæran og djúpan skulum við skilja dýpstu þekkingu óflekkaða.

Hún er í vedum.

Gert bæði með skilningi á sviði hugsana
og skilningi sem fæst við að sleppa allri hugsun
(TM-tæknin er einföldust og fljótlegust).

Við þurfum aðeins að skilja.
Þá liggur táknmálið ljóst fyrir -- einsog opin bók.

Enginn þörf er á að bera saman afsprengi og dúllur.
Það verður aðeins að trúarbraðgarifrildi, karp sem nóg er af fyrir.

Það sem innflutt var til okkar,
og sagt nú „samtvinnu“ vera okkar menningu,
er óþarft og beinlínis villandi fyrir okkur.
Þannig utanaðkomandi heimsveldismenning er okkur jafnvel hættuleg.
Hún ruglar okkur og afvegaleiðir frá því sem máli skiptir:
þróun manna.

Síðari tíma afsprengi þessarar okkur óviðkomandi menningar hafa --
ekkert síður en sú sem búin var til í Róm -- svikizt um að hjálpa
mönnum að þróast,

því tilgangurinn var yfirráð, og Guðveldi hafa alltaf yfirráð að tilgangi.
Ekki þróun mannanna.
Sem betur fer má samt finna sannleika í öllum þessum firrtu kerfum.

Í því sem við lentum í, aðfluttu, er talað um heitasta helvíti,
og einhvern djöful sem við vitum ekki hvað er. Einhver Grýla, skilst mér.

Og stílað var löngum uppá þjáningardýrðkun, trú, kennisetningar,
tilfinningahita, einbeittar bænarhugsanir,

og það er kallað Guðs vilji að menn farist í snjóflóði.
Enda var stofnaður ofanflóða-tryggingasjóður, því þetta kom að ofan.

Sú menning sem þróaðist meðal okkar fornu forfeðra og kom með þeim, er í samræmi við lögmál náttúrunnar hjá okkur.

Þróaðist hér,
með okkur.

Það er okkar forni siður.

Slatti af Írum og slatti af víkingum, og í bland var þetta okkar menning.

Hún hefði átt að fá að þróast í friði á sínum eigin forsendum með sinn eigin hugtaka- og orðaforða.

-Reynist öllum mönnum auðvelt að skilja dýpt síns siðar?

-**Rígur** veit að menn eru mislangt komnir á þróunarbrautu sinni frá því að þeir yfirgáfu dýrastigið (paradís).

Rígur, 11. skræða fornu
Gymisgarðar, 8. skræða

Allir menn, með sinn háþróaða **Sleipni**, geta þróast hratt ef þeir vilja.

Auðvitað getum við ekki öll tileinkað okkur hegðun sem uppljómaðir Jesúar vita að er hið eina eðlilega hverjum manni.

Vitundarstigið ræður. Svo byrja þarf á að hækka það svolítið -- /mikið.

Jesú-hegðun er eðlileg !!!

-- eðlileg hverjum uppljómuðum manni
sem sér að hann er allt,
hann er nágrenninn.

Uppljómaðir hafa aðeins ást, skilja ekki annað en kærleika.

Uppljómun (/að vera **einherji**) er eðlilegt vitundarstig hvers einasta manns.

Þannig manni er eðlilegt að elska allt sem lifir, því hann er það.

Ásigkomulag þess ó-uppljómaða er ó-eðlilegt ástand manns!

Raunar getur sá ekki borið nafnið „maður“ sakir síns gruggs, sinnar ófyrirgefanlegu ósvinnu.

bara ó ó ó,
ófyrirgefanleg ósvinna óuppljómaðs manns er óeðlilegt ástand manns /ómennis.

Hann er ósvinnuvöndull sem að vísu gengur á tveimur,
hefur að vísu mannlegt taugakerfi, en kann ekki að renna milli heima á
því
/í **Ásgarð**.

Sleipnir

Við höfum hinsvegar, í okkar forna sið, lýsingu á því að **sóa** hugsun í vitund (sameinast, yog)

-- **Hávamál** v.138 o.áfr. --

hvernig sú fullkomna vígsla sjálfs sín gerir betra og þægilegra líf.

Sjálfur leið þú sjálfan þig,

enginn annar getur gert þetta fyrir mann

-- hvorki menn á kaupi, embættismannakaupi, né neinn annar.

Engir milliliðir.

Aðeins ég sjálfur, af eigin rammleik, get gert mig sjálfan tæran og fullkominn mann.

-- **Hávamál** v.138 o.áfr. --

Hvernig náttúran fer að vinna með manni þegar maður iðla og reglulega **hnýsist niður**,
hvernig eigin kraftur manns verður hnitmiðaður
og verk, orð og hugsanir hagnýt.

Ljóðin og **galdrar góðir** er svo hagnýt þekking í daglegu lífi.

Hærri vitundarstig eru forsenda „eðlilegrar“ heðgunar manns.

Ahrifaríkasta tæknin til að þróa sig, ausa þekkingunni uppúr
ginnungagapi,
er einmitt sú auðveldasta,
sú auðlærðasta,
sú þægilegasta, notalegasta, yndislegasta, náttúrulegasta:
TM (transcendental meditation).

Sú fljótlegasta,
hún er hraðferð í **Valhöll**.
Syn verður fljótt vör við tærleika manns.

Hugur getur öðlazzt reynzlu á mörkum huga og ginnungagaps.
Upaiti (upa + orðstofn i) er að ná í **Glaðheima**, ná í **ginnungagap**.

Gapið er eiginleikalaust, hugur ekki starfandi í samadhi, svo ekki er
hægt að „hugur fái reynzlu af því“,
en far þú í **drekku at Ægis** og þá mun **Vilbjörg vaka**.

Í raun fær hugur ekki reynzlu af **ginnungagapi**, því honum var **fórnað**
rétt áður en hann varð **ginnungagap** eingöngu.
Og starfar ekki á ný sem slíkur fyrr en eftir að hann hefur **fallið þaðan**.

Hann er því ekki til, hugurinn sem slíkur, í kyrrðinni miklu.
En hann, einsog allt, er **ginnungagap** eingöngu.

Eitt, ekki tvennt neitt.

Hvar er þessi „ákkúratpunkturinn“ sem vekur **Vilbjörgu** okkar?

Hann er

* rétt áður en fingerðasta hugsun **sóast**, í lok innávið-ferlis hugans þegar TM-samsviðstækninn er stunduð, og aftur

* við upphaf þess að **falla aftur þaðan**, eðlilega fyrirbærisins, þegar **Sleipnir** skirrist við streitulos.

Sleipnir skirrist við að losnar um streitu

* Innáviðferli,

* **sóun** (engin hugsun, enginn einstaklingshugur)

* útáviðferli á ný vegna streituloss-áreitis.

Hugur fær reynzlu af kyrrðinni, semsagt,

rétt áður en hann **sóast**, **hnýsir niður**,

og rétt eftir að hann byrjar að **falla aftur þaðan**.

Ekki í yóg, sameiningu, því þá er hann aðeins eindin **ginnungagap**.

Hugsun er á þessum tveim punktum ferlisins svo fingerð,

að maður er ekki að hugsa,

er í **hangi**, **hangir á vingameiði**,

og maður þarf hvorki að reyna að hugsa ekki

né ætti maður að hugsa um þetta í **hanginu**

því hugsun bara skemmir fyrir.

Við **Glaðheima** (glaður gleiður víður) víkkar hugur út í hið endalausa takmarkalaus, hið eina sem er.

Glaðheimar
fornu skræða 14

Hugur er hér laus við takmörk sín sem ímyndaður einstaklingshugur.

Hverfur í **Ægi** einsog **Ránar dætur**.
Alda sem sást og hvarf.

Náttúrulega og eðlilega slokknar þessi hugsunartíra, ,
--ef rétt tækni er lærð og iðkuð rétt, en hún er fingerð og þarf að lærast
rétt--

hið fingerðasta jafnframt hið kraftmesta;
í samsviðinu er óendanlegur kraftur.

Ginnungagap er eiginleikalaust,
en er möguleikar alls.

Prennt er í vegabréfinu inni **Valhöll**:

*hugur í kyrrð í vöku

*rassakasta-Gunni (einn **pursamaga þriggja**) róaður oní núll

*að vera altær - **Syn** hleypir í gegn inni **Glasi**.

vísast hér í Óðsmál in fornu

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Gunnar 5. skræðu

náttúra 38. skræðu

Syn 6. skræðu

Leiðin í **Valhöll**:

*ávirðingarlaus hugur manns

*hugur kyrrður (til þess er TM-tæknin)

*tærleiki kroppans okkar hefur mikið að segja,
allar rásir greiðfærar.

yogaschittavrittiniródhah

yoga (sameining) er kyrrasta ásigkomulag hugans.

chitta vritti **Gungnir**

ok eða eyki, oka saman, yog, sameina.

Sameining, yog, eyki.

En nú er **ginnungagap** og einstaklingsvitund ekki tvennt, heldur eitt,
virkaði tvennt
en er eitt.

Hugur óvirkur.

Þegar þetta ímyndaða tvennt sameinast, kemur í ljós að það er eitt.

Hugur er kominn heim og sóar sér

-- „**val**“ þýðir upprunalega að snúa aftur heim --

hugur finnur sitt innsta eigin eðli og tilvist, **ginnungagap**.

Römm er sú taug er huga dregur fœðurtúna til. (tún: dynamis, kraftur)

Óðsmál fornu

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

tívatún í 5. skræðu

yóga-asana er hinsvegar teygjur, góðar til að liðka kroppinn,
til að opna rásir líkamans, **álfa** elfur,
og laða hugann innávið, **Gunnlöð**

--ekki þá vera með tónlist, því hún togar athyglina útávið.
(ath. :) stríðir gegn flæðinu innávið;

hathayóga er mikil áreynsla einsog nafnið bendir til, erfiðar stöður;
og ekki er allt sem kallað er yóga neitt andlegt
sumt bara leikfimi, góð til að styrkja, einbeita, liðka hrygginn og það allt.

Hvað segir dr. John Hagelin í „The Bleeping Herald“ um eðli hugsunar?

John er eðisfræðingur

og þekkir dýpstu svið hugans vel

og er bezt að sér af öllum um samsvið allra náttúrulögmálanna,
skammta, kvarka, superstring, planck scale.....

(hvað það nú heitir allt).

Þess vegna útskýrir John Hagelin vísindalegar rannsóknir á eðli hugsunarinnar.

Nú er eitt að varast:

Vísindamenn nútímans rannsaka allt utanfrá.

Maharishi, hins vegar, innanfrá,

og þar sem maharishi er lærifaðir Johns, kann John að rannsaka innanfrá

-- og þeir báðir bera þá aðferð saman við aðferð utanfráranssakandi vísindamanna.

Innanfrá rannsakað

utanfrá rannsakað

og hér er mikill aðferðamunur á.

Þeir sem rannsaka utanfrá, fara innar og innar í ímyndað efnið, komast að því að undirniðri er grunnsvið tilverunnar.

Ekki hægt að rannsaka **ginnungagap** með þeirra aðferðum, því við mælum ekki eiginleika í **ginnungagapi**.

Sumir geta ekki skilið að þeir sjálfir eru þetta svið sem þeir eru að rannsaka.

Að þeir eru **ginnungagap**,

sjá það ekki:

Véi hylur/felur **Óðin** og **Vila**,

sem svo aftur sem þríeind (og þetta forvitni- og leitarbrölt) hylja/fela **ginnungagap**.

Einsog sagt er: augað sér allt nema sjálft sig,

þannig sjá utanfráranssakandi vísindamenn ekki að þeir eru

ginnungagap.

Einn eðlisfræðingur, sem getur ekki skilið þetta, sagði um John, að bærilega væri farið að slá útí fyrir honum.

Þeir hefðu jú lært það sama til að byrja með: eðlisfræði og þau fræði kunni sá hinn sjálfumglaði vel, með próf uppá vasann.

Sumir geta sem sagt ekki skilið að þeir sjálfir eru þetta svið sem þeir eru að rannsaka. Menntamenn standa ekki neitt betur að vígi í sjálfsþekkingu en þeir sem aldrei hafa farið í neinn skóla.

Úr Dario Fo: menn gætu farið að halda að ég sé Guð.

Þessa vegna eru „Valhallar Óðsmál in gullnu“ aðeins fyrir hina háþrúðustu menn.

Annað væri að kasta perlum fyrir svín.

Perlurnar standa fyrir sínu,

svínin skynja samkvæmt sinni náttúru,

og leita matar;

perlur geta þau ekki étið sér til viðurværis.

Loddfáfnir og **Loka** er velkomnið að velta fyrir sér upphátt, mega gjarnan spyrja spurninga sinna sem brenna á þeim sem sjá að ekki er allt sem sýnist.

Loddfáfnir og Loki

Þar sem finnst ósköpuð orka, býður erfið rannsókn vísindamönnum þeim sem ekki kunna að **sóa** huga í **Ægidjúpið**.

Það sem illa gengur að rannsaka er tómið, **ginnungagapið**.

Nú reynum við, með aðstoð rannsókna Johns Hagelins, að útskýra og höndla „hulið svið“ (the hidden sector)

sem verður að teljast skapað (þeas það er ekki hið óskapaða).

Tekið er fram að þetta hulda svið sem er greinilega náskylt hugsun, er umhugsunarefni.

Ekki enn sannað.

Allt mögulegt á þessu sviði rannsókna (superstring-kenning og það) gefur möguleika á að hugarsviðið, sem enn er hulið okkur, sé þarna.

Þetta er „hugsanlega“ möguleiki hugarheims, hugasviðs.

Og þetta áætlaða hugasvið hefur samband við það sem við þekkjum skapað

og sýnir viðbrögð gegnum ákveðna þekkta krafta.

En það þyrfti mikið af því samanþjöppuðu til að hafa vel mælanleg áhrif.

En kannski hefur það samt áhrif á okkur sem rafseguláhrif.

Ekki er það höfuðskepnan rúmið, akash, sem er að hluta sköpuð að hluta ósköpuð.

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Höfuðskepnur, 26. skræða, Óðsmál in fornu

Fyrsta höfuðskepnan (rúmið akash kham) af stærðinni 3/4 af höfuðskepnunum fimm

er ósköpuð að hluta,

einsog vitsmunir, einstaklingsvitund, hugur eru,

ahamkar buddh mana,

ekki beint skapað efni en er þarna samt.

Akash/kham/rúm er að hluta skapað að hluta óskapað.

Þrennt, ahamkar buddh mana + höfuðskepnurnar 5

er áttföld skipting í náttúrunni.

Hugarheimurinn, sem við erum að hugsa um, hefur líklega óhemju mikilvægan tilgang, eitthvert óséð margþætt dulið plott.

Reiknað er með að hugarheimurinn svokallaði hafi
aðgreinanlega eiginleika.

Það hljóti að vera hægt að rannsaka og útskýra verkefni hans. Okkur vantar eiginlega bitastæða áþreifanlega skýringu á hugsun.

Eitthvað vantar enn í þekkinguna okkar sem útskýrir hvernig heilinn hefur samband við vitund (þ.e. **ginnungagap**).

Sem fer fram í gegnum huga.

Langt innan kjarnastærðar er hið fingerðasta samsvið allra náttúru- lögmála, eða stærðin tíu í mínus þrítugasta og þriðja veldi cm. Planck skali. 10^{-33} centimetrar.

Heilinn og taugarnar og kjarnsýran eru mjög svo áþreifanlega stór miðað við fingerð samsviðsins, ef við getum talað um mælieiningu hér(?).

Heilinn skapar örugglega ekki vitundina.

Eitthvert samband er milli heila og skilningarvita, reynzlu sem við fáum, áhrifa áreita sem við verðum fyrir.

Í þúsundir ára hafa menn reynt að öðlast skilning á vitund.

Hinir uppljómuðu á öllum tímum eru sjáandi á aðgreiningu skapaðrar veraldar og vitundar.

Nú eru mjög margir að þæla í þessu, einkum með tilkomu yóga-aðferða, sem eru í tízku.

Vitund er grunnur huga og efnis, svo mikið er hægt að sanna.

Með rannsóknum á TM-iðkun sjáum við áhrifin greinilega.

Við höfum hér í hendi beina reynzlu af hinu fingerðasta sviði hugsunar.

Vitund gegnir stærsta hlutverkinu í þessum áþreifanlega heimi okkar.

En nákvæmlega hvernig -- er spurning sem við verðum að láta ósvarað enn um hríð.

Vitað er að **ginnungagap**, samsviðið, tekur ekki þátt í neinu, skapar ekki.

Það er enginn meintur skapari þarna uppi neins staðar.

Við vitum að vitund er samsviðið, en hvernig er hugur tengdur vitund,

og hvernig getur hugsun verið tengiliður milli tærrar vitundar

-- sem er nokkuð sem við ekki sjáum með augunum, ekki mælum með græjunum okkar --

og heilans, sem við sjáum sem fullkomlega skapað áþreifanlegt líffæri?

Þessi huldi hugarheimur hlýtur að búa yfir stórkostlegum hæfileikum

ef hann er þessi samgöngutækni milli vitundar og heila!!

Stærðarmunurinn er svo mikill.

Hér á við:

Stærra en hið stærsta og smærra en hið smæsta
og þá í þeim skilningi sem:

að allt sé hin eina sama regla (**Rán**) án tillits til stærðar.

Svo 10^{+33} cm (10 í mínus 33. cm) -- hið smæsta sem mælieining á
Planck-skala,

og frumeindir sameindir frumur líffæri lífverur -- á sköpuðu sviði
hafa gríðarlegan stærðarmun þótt sama reglan gildi á báðum sviðum,
en

þegar hugarheimspátturinn verður tengill milli þeirra, virðist hann ekki
skipta sér hið minnsta af stærð, eða stærðarmun.

Hugarheimurinn er þannig í eðli sínu að hann virðist tengja vitund og
líffæri algjörlega án tillits til stærðarmunar þeirra.

Við þekkjum sko heiminn af öðru en því að stærð fyrirbæra hafi engin
áhrif!!

Vísindamenn ganga útfrá því að massi hafi mikið að segja.
Venjulegt þekkt efni og kraftar eru sko alls ekki án tillits til
stærðarmunar í sínum samskiptum!!

Allt virðist hafa sína eðlilegu stærð og sín eðlilegu hlutföll í okkar
efnisheimi.

En í hugarheiminum, sem er okkur að vissu leyti hulin ráðgáta, er ekki
svo.

Virðist sem hlutföll og stærðir séu honum allsendis óviðkomandi.

Hugarheimurinn getur (1) verið af sömu stærðargráðu og heilafrumur og annað í líffærabransanum og haft samband,

og svo getur hugarheimurinn (2) haft samband við hið allra fingerðasta, þ.e. vitund.

Hugur / hugarheimur er ofureðlilegur tengiliður milli þessa tvenns og það er á skjön við venjulegan skilning á áhrifum stærðarmuns á ferli og samskipti massa.

Slíkur samgangur, sem hugur virðist fara létt með, virðist aðeins mögulegur með því að yfirstíga fullkomlega allt sem getur talizt stærð.

Þeir sem stunda TM, transcendera reglulega, gætu hafa fundið að þeir eru fingerðir á þeim punkti sem hugur sóast.

Stundum finnst þetta sem laust frá okkar venjulega líkama og huga. Virkar kannski einsog hugsun sem gleikkar í óendanleika **Glaðheima**.

- Æ, ég veit ekki hvernig á að segja þetta.

Bezt að vera ekki að þæla of mikið, því það truflar **valkyrju-gjörninginn**.

Þetta gerist hvort eð er af sjálfu sér með réttri áreynzlulausri tækni.

Óðsmál in fornu
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>
valkyrja í lok 13. skræðu

Þegar svona fingerð tilfinning um að vera ekki í venjulega kroppnum kemur, fer maður óvart að brosa.

Við finnum vel að þetta er hugarheimur, hugsun, hugur.

Vísindamenn og vísindalega þenkjandi TM-iðkendur spyrja sig:
 Úr hvaða „efni“ er þetta eiginlega?!!

Það verður einsog með **Skírni**,
 útilokunarreglan,
 hvað hann er ekki,
 hann er ekki þetta ekki hitt,
 og hvað er hann þá?

Skírnismál

Allir kraftar í veröld eru þekktir og allt mögulegt er vitað um allt mögulegt.

En þetta með hæfileika hugans til samskipta er óvitað.

Eitthvað öðru vísi en allt það sem mælist í veraldarkerfinu.

Við verðum að kalla það „hið dulda svið“,
 eða „hugarheim“, því svo virðist vera réttnefni.

Skírnir ?

Getum við vitað hvernig hugur og hugsun hafa samgangsmöguleika við heilann okkar?

Nei. Smá hulið okkur, smá dulið.

Verið að vinna í málinu.

Hugarheimurinn virðist hafa orku, smáhleðslu, bara 1/1000 af orku rafeindar eða róteindar,
 rétt einsog rafmagnað hárið á manni í þurru frosti eða þegar maður greiðir sér þannig að hárið rafmagnast og rís. Staðbundin rafhleðsla, mjög lágspennt.

Þjálfri er rafmagnseiginleiki í sambandi við **Þór** sem rafmagnsorku.

vísast hér í Óðsmál in fornu 1. skræðu

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm> **Þór**

Rafmagnsstraumur flyzt á ógnarhraða, **Þjálf** hleypur hratt,
 en
 hefur ekkert við **Huga**, sem fer á óskiljanlegum hraða.

Þjálf og **Hugi**

Í sambandi við hugarþáttinn og heilann okkar
 komum við að fæðunni sem við neytum:

Við þurfum að hafa mat sem inniheldur lífskraftinn,
 kallaður „vitsmunarík fæða“, fersk, ekki frosin, aðeins nýsoðin,
 vel aflað og full af Sanna-Gunna,

einum náttúrunnar **pursamaga þriggja**,
 skræður 5 og 38,
 Óðsmál in fornu

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

ekki bombanderuð með örbylgjum, ekki kæst, ekki með rotvörn né
 heldur gerviefnum.

Etin nýsoðin, ekki orðin að praña-lausum afgöngum,
 gömlum matarleifum.

Og við þurfum að gefa börnunum yndislega matartíma,
 ást og umhyggju.

Þannig „vitsmunarík fæða“ gæti einmitt innihaldið þenna hugarheims-
 þátt.

Djönkið og skynditízkan er varhugavert og ekki talið vitsmunaríkt.

Og líkaminn nýtir vitsmunafæðu í heilbrigði
 og sem fingerðan tærleika. Ódjas.

vísast hér í Óðsmál in fornu 39.skræðu, fæða, melting, ódjas
<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Líklega er svona hugarheimsþáttur í kroppnum okkar, í ákveðnum kerfum hans, í heilanum og fleiru.

Kannski er hugarheimsþátturinn fyrir hendi í kjarnsýrunni okkar.

Þegar kroppurinn okkar er svo tær að hann hefur mikið af hugarheimsþættinum, gætum við farið létt með að hafa fingerða tilfinningu fyrir því sem við í raun erum.

Hvað erum við í raun?

Ginnungagap!

Við gætum reynt að kalla þennan hulda dulda þátt ljós, en þetta kannski-ljós lýtur ekki lögmálum ljóssins sem við þekkjum og er því ekki þannig ljós.

Þetta er kannski hugarheimsljós, eða kannski **Skírnir**.

Skírnir gerir **Gerði** kleift að hafa samskipti við hið guðlega og **Skírnir** er ekki þetta og ekki hitt, hvað þá?

Freyr Skírnir Gerður

Skírnismál

fornu, 8.skræða

<http://www.mmedia.is/odsmal/fornu27apr09/efnisyfirlit.htm>

Sé hugarheimsljós í heilanum okkar, í vissum hlutum hans, í miklu magni, getum við séð inni hugarheiminn.

Það bara opnast gluggi

sem enn er okkur ekki beint aðgengilegur,

-- amk. ekki öllum, og ekki ennþá.

Gerður Skírnir Freyr Skírnismál Draupnir

Draupnir sem gefandi af sér til æðri vitnundastig, sem þróun

Gerður í Gymisgörðum ætlaði sér nú ekki **vanaguðið Frey**.

En **Skirnir** taldi hana á að hunza hann ekki, því líf án hins guðlega væri ofurselt **hrímpursum** og stöðnun þróunar.

Fór **Gerður** í hugarheimsferðalag?

Komst hún að þeirri niðurstöðu að hún gæti séð **guðið** sem beið hennar, sem bauð henni að sjá sig á kyrrlátum stað þegar hún væri reiðubúin (bórr)?

lognfara lundur Barri

Var galdurinn fölginn í því að **Gerður** „sæi“ um stund -- með öðru en augunum sem gerð eru fyrir **Gymisgullið** -- sæi, snert tamsvendi?

Skírnismál,

við ríston **þurs óþola tópa og ópa** kemur galdralagsbragarháttur

Við þurfum að nota útilokunaraðferðina til að skilja hvað hugsun er.

Við vitum meira um hvað hún er ekki.

Úr hverju er hugsunin?

Hvernig „tengist“ það tvennt aðgreinda: vitundin og þetta sem við köllum skapaðan heim? Sem er algjörlega aðgreint í rauninni.

Og hvaðan í ósköpunum kemur svona ofurfingert faratæki sem virðist hreyfast óháð okkar kroppi?

Hugi óskiljanlega hraðskreiður og lítt höndlanlegur.

Eitthvert **Útgarða** fyrirbæri með alls konar sjónhverfingar?

Erum við villt og lítt sjáandi í belgvettlingi?

Svona hugaferðalag virðist vera útbreitt fyrirbæri um allan heim á öllum mögulegum öldum í tímans rás.

Alls konar menningarheimar eiga sögur um hugafyrirbæri.

Þótt við köllum þetta frávik og afbrigði, og bara eitthvað skrítið og óskiljanlegt, og kannski bara sögur, þá er ekki hægt að slá því föstu að þetta sé ekki og hafi aldrei verið hægt, verði aldrei hægt, og ekki þurfi að leita skýringar á svona endemis vitleysu

-- sem raunar engan varði um.

Eðlisfræðingar eru réttu mennirnir til að finna þetta út, og þýðir ekkert að benda aðeins á dulspekinga og spekulanta til að fá vísindalega úr þessu skorið.

Auglýst er eftir víðsýnum vísindamönnum:

Hvaða vísindamaður er ekki svo fastur í filabeinsturni sinnar menntunar

að hann vilji kíkja á mögulega tilvist hulins hugaheims sem sé samskiptarás milli vitundar og heila?

Og hvaða vísindamenn vilja í raun skilja samruna eðlisfræði og rannsókna á vitund sem nýtt og nauðsynlegt fag?
